


**skoðun** 22

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu

Allt

Sparneytnir bílar








NÝR 8BLS BÆKLINGUR

STÚTFULLUR AF TILBOÐUM Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

29. september 2011

227. tölublað 11. árgangur

Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001 - 2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




### Villi rakari opnar í Grafarholti

*Tryggir viðskiptavinir fylgja.*

**tímamót** 30

### Eilítið stressuð

*Eyrún Ósk Jónsdóttir frumsýnir sína fyrstu kvikmynd í kvöld.*

**fólk** 42



### Erum með gott lið

*Grétar Rafn Steinsson varar við því að afskrifa enska liðið Bolton of snemma.*

**sport** 52

### veðrið í dag




**SKÚRIR** sunnan- og vestanlands en bjart eða bjart með köflum norðaustan og austan til. Dregur úr vindi á norðausturhorninu.

**VEÐUR** 4

# Fjórðungur 15 ára drengja getur ekki lesið sér til gagns

**Tæp 25 prósent 15 ára drengja í grunnskólum Reykjavíkur geta ekki lesið sér til gagns. Stúlkur upplifa almennt meiri kvíða en drengir. Tillögur starfshóps um úrbætur voru samþykktar af menntaráði í gær.**

**MENNTUN** Fjórðungur 15 ára drengja, eða 23,2 prósent, í grunnskólum Reykjavíkur getur ekki lesið sér til gagns. Það er þrefalt hærra en hlutfallið meðal stúlkna, sem er um níu prósent. Þessi hópur drengja nær ekki hæfnisþrepi tvö í lesskimunarprófum, sem þýðir meðal annars að þeir skilja í sumum tilvikum ekki megininntak lesins texta og sjá ekki tengsl efnis á ólíkum stöðum eða geta mótað sér skoðun á upplýsingum.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í yfirgripsmikilli skýrslu starfshóps á vegum Reykjavíkurborgar um úrræði sem stuðla að auknum námsárangri drengja í grunnskólum.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður starfshópsins, segir lykilniðurstöðuna vera þá að lestur og ánægja af lestri skipti sköpum.

„Þetta eru niðurstöður sem þurfa að komast til samfélagsins í heild sinni og þær staðreyndir að lestur ungmenna hefur minnkað gríðarlega og að viðhorf til lestrarhesta sé ekki nægilega jákvætt,“ segir hún, en tíu tillögur starfshópsins að breytingum til að stuðla að betri námsárangri drengja voru samþykktar í menntaráði í gær.

> Það er greinilega eitthvað mikið að í menntun þessara drengja – þegar þeir vakna allt í einu 15 ára og geta ekki lesið sér til gagns. Það er ótækt.
>
> **ALMAR MIÐVÍK HALLDÓRSSON**
> VERKEFNISSTJÓRI HJÁ RANNÍS

Almar Miðvík Halldórsson, verkefnastjóri hjá Rannís, vann úttekt á kynjamun í námsárangri barna í grunnskólum fyrir starfshópinn. Hann segir þessi rúm 23 prósent drengja sem ekki geta lesið sér til gagns afar hátt hlutfall. „Grunnskólar virðast vera blindir á það að stór hluti stráka, alveg frá sex ára aldri þegar þessi munur kemur fyrst fram, virðist eiga í vanda við lestur. Og þeir eru allt að þrisvar sinnum fleiri en stelpurnar,“ segir Almar. „Það er greinilega eitthvað mikið að í menntun þessara drengja – þegar þeir vakna allt í einu 15 ára og geta ekki lesið sér til gagns. Það er ótækt.“

Vinna starfshópsins leiddi einnig í ljós að stúlkur, sérstaklega á unglingastigi, sýna meiri einkenni kvíða og vanlíðunar en drengir. Á meðan yfirburðir stúlkna í náminu aukast virðist andleg líðan þeirra aftur á móti versna.

„Þetta fannst starfshópnum áhyggjuefni og því var samþykkt að sambærilegur starfshópur hæfi störf til að greina þessar niðurstöður um stelpurnar betur,“ segir Þorbjörg Helga.

- sv / sjá síðu 10



**ALLIR ÚT** Þessir piltar í Austurbæjarskóla fóru vel skóaðir út í frímínútur eftir hádegi í gær og létu vota haustlægðina ekki aftra sér frá sparkvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KR fagnar titlunum tveimur:

## Leita að opinni rútu undir liðið

**ÍÞRÓTTIR** „Menn hafa verið að kasta á milli sín hugmyndum um sigurhátíðina í vikunni,“ segir Kristinn Kjærnested, formaður knattspyrnudeildar KR.



**KRISTINN KJÆRNESTED**

KR tryggði sér á dögunum Íslandsmeistaratitilinn í fótbolta, en fyrir er liðið ríkjandi bikarmeistari. Í Vesturbænum gengur sú saga fjöllum hærra að opin rúta verði leigð undir liðið líkt og tíðkast víða í íþróttaheiminum. Kristinn segir að sú hugmynd sé afar góð og viðurkennir að það hafi verið rætt. „Þetta er ekki útilokað. Það á eftir að koma á óvart, hvernig þetta verður,“ segir hann.

- afb / sjá síðu 58

Innanríkisráðherra bregst við hópúrsögnum úr óeirðasveit lögreglunnar:

## Mikilvægt að sátt náist í kjaradeilu

**KJARAMÁL** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir mikilvægt að kjaradeila lögreglumanna verði sett í ferli sem leiði til sáttar. Það verði hins vegar ekki gert á einu andartaki.

„Að sjálfsögðu hljótum við að hafa af því áhyggjur þegar mikilvæg starfsstétt eins og lögreglan er eins óánægð með sín kjör og raun ber vitni,“ segir Ögmundur og bætir við: „Menn hins vegar undirgengust ferli á sínum tíma um hvernig komast skyldi að niðurstöðu í kjaramálum. Það skyldi samið um kjör og næðust ekki samningar færi deilan fyrir kjaradóm.“

Á fundi aðgerðasveitar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í gær var lögð fram bókun um hópúrsagnir úr sveitinni. Mikill meirihluti fundarmanna samþykkti bókunina, en í henni segir að gripið sé til þessa ráðs vegna framkomu stjórnvalda í samningaviðræðum við lögreglumenn.

Ögmundur segir hverjum manni heimilt að segja sig frá störfum sem hann hafi undirgengist af fúsum og frjálsum vilja. Hann geri hins vegar ráð fyrir að lögreglumenn muni áfram sinna sínum starfsskyldum eins og þeir hafi sjálfir lýst yfir.

- mþl


allt að 90% afsláttur

Yfir 1000 titlar

FORLAGIÐ www.forlagid.is

RISAlagersala Forlagsins er á Fiskislóð 39




Við opnum þér nýjar dyr



Hurðir og hurðahúnar. Góð verð!

LEBO DOORS & FRAMES

ÁLTAK

Fossaleyni 8/Sími: 577 4100/www.altak.is

PEKKING • REYNSLA • GÆÐI

Osta HÚSIÐ STOFNAÐ 1992

Pizza toppur

MEIRA MAGN • BETRA VERÐ

Rífandi góður á: Pastaréttinn, pizzuna og ofnréttinn

Nú einnig með Mozzarella



## SPURNING DAGSINS



*Jón, eru þetta heilagir apar?*

„Ég skal ekki um það dæma.“

Jón E. Gunnlaugsson er framkvæmdastjóri brugghússins Ölvisholts. ÁTVR neitaði að selja páskabjór frá Ölvisholti með heitinu Heilagur papi því nafnið bryti í bága við almennt velsæmi. Umboðsmaður Alþingis segir að ÁTVR hafi ekki haft heimild til að hafna sölu á bjórtegundinni.

Innanríkisráðherra segir að fara eigi varlega í staðhæfingar um lögbrot. Málið verður tekið til skoðunar:

# Innkaup löggæslustofnana skoðuð í ráðuneytinu

**STJÓRNSÝSLA** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra varar við því að menn hrapi að ályktunum í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar um innkaup löggæslustofnana. Málið sé til skoðunar í ráðuneytinu.

„Mér finnst að menn eigi að fara varlega í allar staðhæfingar um að lög hafi verið brotin áður en öll kurl eru komin til grafar,“ segir Ögmundur og bætir við: „Ég hef óskað eftir skýrslu frá Ríkislögreglustjóra um málið og við munum taka ábendingar Ríkisendurskoðunar til markvissrar skoðunar. Ef niðurstaðan er sú að það sé þörf að bæta vinnuferla munum við náttúrulega bregðast við því og gera breytingar.“

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar eru gagnrýnd viðskipti löggæslustofnanna upp á 91,3 milljónir króna við fjögur félög í eigu lögreglumanna eða venslamanna þeirra. Þá er gefið í skyn að í einu tilfelli hafi embætti Ríkislögreglustjóra gerst brotlegt við lög um opinber innkaup.

Í yfirlýsingu frá embætti ríkislögreglustjóra segir að í því tilfelli hafi verið um „skyndiinnkaup“ að ræða vegna neyðarástands sem hafi skapast í kjölfar bankahrunsins. Ómögulegt hafi verið að láta útboð fara fram við þær aðstæður.



**RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI** Ríkisendurskoðun gagnrýnir í nýrri skýrslu innkaup hjá nokkrum löggæslustofnunum.

Þá segir þar að fyrirtæki sem séu umboðsaðilar fyrir búnað til lögreglustarfa séu flest tengd starfandi eða fyrrverandi lögreglumönnum.

Ögmundur segir að lögreglumönnum og ættmennum þeirra sé ekki óheimilt að eiga fyrirtæki og bætir við: „Stóra málið er hvernig staðið hefur verið að innkaupum, hvort að þeir sem að sjá um innkaup eru með einhver óeðlileg tengsl. Ef svo væri þyrfti að skoða það sérstaklega en við gefum okkur að sjálfsögðu ekkert fyrir fram.“ **- mþl**

# Tugir bjóðast til að gefa 16 ára pilti nýra

**Fjöldi fólks vill láta athuga hvort það geti gefið sextán ára gömlum dreng með nýrnabilun nýra. Amma drengsins sendi út neyðarkall á Facebook og fjölskyldan er djúpt snortin yfir viðbrögðunum. Ótrúleg samstaða, segir móðirin.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Tugir Íslendinga hafa boðist til að gefa sextán ára dreng nýra úr sér eftir að amma hans sendi út neyðarkall á Facebook. Drengurinn, Sævar Ingi, berst við bandvefssjúkdóm sem heitir Alport-syndrome og þarf á nýrnaígræðslu að halda.



**RUNÓLFUR PÁLSSON**

„Við erum heldur betur hissa, ég bara á ekki til orð,“ segir Katrín Lilja Gunnarsdóttir, móðir Sævars, um þau miklu viðbrögð sem fjölskyldan hefur fengið. Móðir hennar, Vigdís Óskarsdóttir, bjó til síðu á Facebook á þriðjudagskvöld þar sem hún lýsti aðstæðum fjölskyldunnar. Ástand Sævars hefur versnað mikið á þessu ári og nýrnastarfsemi hans er komin niður í níu prósent. Búið er að kanna flesta ættingja hans en enginn þeirra var talinn kjörinn nýrnagjafi. Vigdís vildi því óska eftir fjárframlögum til að létta fjölskyldunni róðurinn, en Katrín Lilja er einstæð tveggja barna móðir. „Ég ætlaði upphaflega bara að láta þetta á statusinn hjá mér,“ segir Vigdís, en síðan vakti strax mikla athygli og tugir hafa látið í ljós vilja til að athuga hvort þeir geti gefið úr sér nýra.

Sævar þarf að eyða löngum stundum á spítala, og var fjölskyldan á leið þangað þegar Fréttablaðið ræddi við Katrínu í gær. „Hann er orðinn það mikið veikur að maður veit aldrei hvenær hann þarf næst að fara á sjúkrahúsið. En það er vel fylgst með honum.“ Sjúkdómurinn er sjaldgæfur og Katrín segir sjaldgæft að fólk veikist eins alvarlega og hratt og Sævar.

Katrín segir að fólk haldi sífellt áfram að bætast í hópinn. Hún tekur sjálf við pósti frá fólki og kemur upplýsingum svo áfram til lækna Sævars. Það fer því talsverð vinna í að safna saman upplýsingunum, en það er þessi virði, segir Katrín. „Þetta er bara eitthvað sem kom upp í gærkvöldi (þriðjudag), ég var ekki búin að setja mig í neinar stellingar og ekki búin að ræða þetta við lækninn heldur. Hann verður ábyggilega mjög glaður.“

Fjölskyldan er djúpt snortin og Katrín vill koma á framfæri miklu þakklæti til fólks sem hefur haft samband við hana. „Þetta er sko ekki slæmt land að búa í. Samstaðan er ótrúleg.“

thorunn@frettabladid.is

## Ókunnugir lifandi gjafar ekki tíðkast hér

Vaxandi fjöldi fólks hefur þurft á meðferð við nýrnabilun að halda, ýmist ígræðslu eða blóðhreinsun, að sögn Runólfs Pálssonar, yfirlæknis á Landspítalanum. Í fyrra hófu 34 einstaklingar slíka meðferð hér á landi, og segja má að um þrjátíu byrji í meðferð á hverju ári. „Í dag eru sjálfsagt 125 til 130 Íslendingar með ígrætt nýra og um áttatíu manns í blóðhreinsunarmeðferð.“

Almennt í hinum vestræna heimi er meirihluti nýrna tilkominn frá látnum gjöfum. Á Íslandi hefur það verið öðruvísi, mikill vilji sé hjá ættingjum og velunnurum og um sjötíu prósent gjafa verið lifandi. Ekki hefur tíðkast að gjafar séu ókunnugir.

Borið hefur á því erlendis undanfarið að samskiptavefir eins og Facebook séu notaðir í þessum tilgangi. Með einfaldri leit á netinu má finna mörg dæmi um slíkt. Settar hafa verið fram siðferðilegar spurningar um slíka nálgun.




Lömuð skattkerfisvinna:

# Samráðsnefnd um skatta ekki fundað í eitt ár

**STJÓRNSÝSLA** Lítið ber á vinnu starfshóps sem fjármálaráðherra skipaði í apríl í fyrra til að móta tillögur um umbætur á skattkerfinu.

Þetta segir í grein Almars Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda, í grein í Fréttablaðinu í dag. Almar situr í samráðsnefnd sem ætlað var að vinna samhliða starfshópnum en sú nefnd hefur að hans sögn ekki komið saman í eitt ár.

Almar segir lítið hafa frést frá starfshópnum síðan hann skilaði áfangaskýrslu í september í fyrra, þótt ráðuneytið segi hann enn að störfum. **- sh /** **sjá síðu 24**



**NÝSTÁRLEGT** Ragna Fróða hefur hannað þjóðbúninga úr gallaefnum.

Ragna Fróða sýnir í Seattle:

# Þjóðbúningur á tískutvíæringi

**FÓLK „Ég ákvað að taka fyrir faldbúninginn og karlbúninginn og sjá hvernig þessir heilögu íslensku búningar koma út í táknrænum amerískum efnum, það er í gallaefni og köflóttu hefðbundnu efni,“ segir Ragna Fróða hönnuður, sem bregður á leik með íslenska þjóðbúninginn á Norræna tískutvíæringnum í Seattle á morgun.**

**Ragna sem er búsett í New York, mun jafnframt flytja fyrirlestur um þjóðararf á vegum hins virta bandaríska ráðgjafafyrirtækis Trend Union.** **- hþt /** **Allt í miðju blaðsins**



**POKAROTTAN HEIDI** Heidi var svæfð eftir að dýralæknar höfðu lengi reynt að lækna hana af gikt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pokarottan Heidi svæfð:

# Aflífuð vegna giktarvanda

**ÞÝSKALAND Pokarottan Heidi var aflífuð í dýragarðinum í Leipzig í Þýskalandi í gær. Heidi vakti mikla athygli í lok síðasta árs vegna sérstaks útlits, en hún var rangeygð.**

**Heidi var þriggja og hálfs árs gömul þegar forsvarsmenn dýragarðsins ákváðu að svæfa hana eftir að hafa reynt lengi að meðhöndla hana vegna giktar og annarra einkenna hás aldurs. Heidi glímdi lengi við veikindi.**

**Stjórnandi dýragarðsins, Jörg Junhold, segir í samtali við AP-fréttastofuna að þetta hafi verið dýrinu fyrir bestu. Talið er að Heidi hafi orðið rangeygð vegna rangs mataræðis í æsku.** **- sv**

Samstaða í Finnlandi:

# Samkynhneigðir í hjónaband

**FINNLAND** Fimm finnskir ráðherrar, þar á meðal fjórir flokksleiðtogar, hafa skrifað undir þingmannafrumvarp um ný hjónabandslög sem kynnt voru í gær.

Gert er ráð fyrir öll pör, hver svo sem kynhneigð þeirra er, geti gengið í hjónaband. Jafnframt er gert ráð fyrir að samkynhneigð pör öðlist rétt til þess að ættleiða börn og rétt til þess að bera sama eftirnafn eins og þau pör sem ganga í hjónaband nú. Í frumvarpinu er ekki tekin afstaða til krafna kirkjunnar um hjónabandið. **- ibs**





Nú er hægt að fá fetaost sem kubb í saltvatni. Gott er að nota ostinn í salöt, samlokur, grænmetisrétti og á pítsuna. Ljúffengar uppskriftir með fetaosti er að finna á www.gottimatinn.is

Gott í matinn


Bæjarfulltrúi segir Kópavog nafla alheimsins og gerir kröfur í samræmi við það:

# Skylda okkar að vinna í Útsvari

**SVEITARSTJÓRNIR** „Ég ætlast til þess að fólk vinni keppnina,“ segir Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokks í Kópavogi, sem leggur mikla áherslu á sigur bæjarins í spurningakeppninni Útsvari í Ríkissjónvarpinu.

Til að undirstrika þunga málsins lagði Ómar fram sérstaka bókun á síðasta bæjarráðsfundi. „Það er mikilvægt að í Útsvarslið Kópavogs verði valið fólk sem vill sigra en ekki bara taka þátt. Legg því til að auglýst verði eftir ábendingum frá Kópavogsbúum í tilvonandi sigurlið bæjarins,“ bókaði Ómar. Reyndar kom í ljós eftir bæjarráðsfundinn að Útsvarslið Kópavogs hafði þegar verið mannað. „Þetta er víst úrvalsliðið núna og ég hef heyrt að það stundi stífar æfingar. Ég hef meiri væntingar til þess en að HK verði Íslandsmeistari í handbolta,“ segir Ómar.



**ÓMAR STEFÁNSSON** Bæjarfulltrúinn segir lið Kópavogs undanfarin tvö ár hafa verið skipuð hálfdrættingum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kópavogur vann Útsvarskeppnina tvö fyrstu árin en næstu tvö árin þar á eftir ekki. „Þetta voru hálfdrættingar og fengu ekki fullan hlut,“ lýsir Ómar Útsvarsliði Kópavogs síðustu tvö árin. Hann segir hins vegar að knattspyrnulið Breiðabliks hafi haldið uppi heiðri bæjarins undanfarin tvö ár með því að vinna fyrst bikarmeistaratitil og síðan Íslandsmeistaratitil í fyrra. Í ár sé slíku ekki að heilsa.

„Kópavogur er nafli alheimsins og það er ábyrg skylda okkar að minna á okkur reglulega. Við erum alltaf bestir í einhverju á hverju ári,“ segir Ómar Stefánsson. **- gar**


ÚTSALA ÁRSINS!
LÝKUR UM HELGINA
ENN MEIRI AFSLÁTTUR
ALLAR VÖRUR Í BLÓMAVALI
20-70% afsláttur
aðeins fimmtudag - sunnudags
Gildir ekki af matvöru og tilboðum.
Raftæki
20-50% afsláttur
Búsáhöld
50-70% afsláttur
Verkfæri
20-70% afsláttur
Frystikistur frystiskápar
20% afsláttur
Útimálning og viðarvörn
25% afsláttur
JOTUN
Mur
Flísamarkaður Skútuvogi verð frá 499 kr/m²
Útivistar fatnaður
20-60% afsláttur
Hreinlætistæki
15-70% afsláttur
Flísar
20-70% afsláttur
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
*LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
ÚTSALA gildir ekki af vörum merktum
" Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
enda er það lægsta verð sem við bjóðum
á hverjum tíma.
blómaval
HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 28.09.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,95 | 117,51 |
| Sterlingspund | 183,28 | 184,18 |
| Evra | 159,86 | 160,76 |
| Dönsk króna | 21,482 | 21,608 |
| Norsk króna | 20,501 | 20,621 |
| Sænsk króna | 17,446 | 17,548 |
| Japanskt jen | 1,5302 | 1,5392 |
| SDR | 183,60 | 184,70 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,5386

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kærur til umboðsmanns Alþingis frá áramótum jafn margar og allt árið í fyrra:

# Nærri 400 kvartanir borist í ár

**STJÓRNSÝSLA** Kvörtunum til umboðsmanns Alþingis hefur fjölgað verulega á árinu. Embættið hefur fengið fleiri kvartanir það sem af er ári en allt árið í fyrra, en þá bárust um 370 kvartanir.

„Álagið á alla stjórnsýsluna hefur aukist verulega eftir hrun, og þar með eykst álagið hjá okkur,“ segir Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis. Embættið hefur eftirlit með því að stjórnsýsla ríkis og sveitarfélaga sé í samræmi við lög.



**TRYGGVI GUNNARSSON**

Tryggvi segir að vel hafi gengið að afgreiða þau mál sem embættið geti ekki fjallað um, og að senda fyrirspurnir vegna þeirra mála sem umboðsmaður taki til umfjöllunar. Vandinn sé einkum sá að lengri tíma taki að ljúka þyngri málum sem embættinu berist.

Í samantekt umboðsmanns kemur fram að alls hafi 353 kvartanir borist fyrstu átta mánuði ársins. Að auki hafi umboðsmaður tekið sex mál til athugunar að eigin frumkvæði. Þetta sé um 42 prósenta aukning samanborið við sama tíma í fyrra. Árið 2010 hafi embættinu borist 248 kvartanir fyrstu átta mánuði ársins, auk þess sem umboðsmaður hafi tekið upp sjö mál að eigin frumkvæði.

Í ágúst lauk umboðsmaður athugun á 31 máli, þar af lauk einu með skriflegu áliti. Nýjar kvartanir í mánuðinum voru 61 talsins. **- bj**

Stálu öllu steini léttara:

# Innbrotspar var dæmt í fangelsi

**DÓMSMÁL** Kona á þrítugsaldri og karlmaður á fertugsaldri hafa verið dæmd fyrir fjölmörg þjófnaðarbrot. Hann skal sæta fangelsi í sex mánuði en hún var fékk sextíu daga skilorðsbundið fangelsi.

Fólkið var dæmt fyrir að brjótast inn í íbúðarhúsnæði og bíla og stela þar öllu sem hönd á festi. Þá var karlmaðurinn dæmdur fyrir nokkur þjófnaðarmál, þar sem hann hafði verið einn að verki. Parið játaði brotin. Maðurinn hafði áður hlotið dóma og rauf því skilorð með brotunum nú. **- jss**



**Á LEIÐ Í SKÓLANN** Skólakrakkar í Egyptalandi fá far í skólann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Herforingjar boða kosningar:

# Egyptar kjósa innan mánaðar

**EGYPTALAND, AP** Þingkosningar verða haldnar í Egyptalandi 28. nóvember, þær fyrstu síðan Hosni Mubarak var steypt af stóli snemma þessa árs.

Herforingjastjórnin, sem tók við völdum af Mubarak í febrúar, hét því að stjórna aðeins í hálft ár. Tímasetning forsetakosninga hefur ekki verið tilkynnt. Mótmælendahreyfingin, sem kollvarpaði Mubarak, hefur gerst æ tortryggnari á fyrirætlanir herforingjastjórnarinnar og hefur tekið fréttunum af fyrirhuguðum þingkosningum af fálæti. **- gb**

Fangavist í Danmörku:

# Ofbeldi eykst í meiri þrengslum

**DANMÖRK** Ofbeldi í dönskum fangelsum hefur vaxið stöðugt síðustu ár í samræmi við fjölgun fanga, en samkvæmt frétt danska ríkisútvarpsins eru 49 af 51 fangelsi þar í landi ofsetin.

Sérfræðingar telja að ástandið sé síst til þess fallið að auka árangur á betrunarmeðferð.

Meðaltal hámarksnýtingar fangelsisrýma er 92 prósent, en á fyrri hluta ársins var hlutfallið 96 prósent. Frá árinu 2007 til þessa árs hefur árlegum tilfellum ofbeldis og hótana milli fanga í dönskum fangelsum fjölgað úr 199 upp í 353. **- þj**

# Strangar fjárlagareglur fyrir aðildarríki ESB samþykktar

**Evrópuþingið samþykkti í gær strangari reglur um fjármál aðildarríkjanna með refsiákvæðum. Barroso gagnrýnir samstöðuleysi aðildarríkjanna. Þýska þingið greiðir í dag atkvæði um stækkun neyðarsjóðs ESB.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Evrópuþingið samþykkti í gær nýjar og strangari fjárlagareglur fyrir aðildarríkin, sem á að efla samstarf þeirra í ríkisfjármálum og koma í veg fyrir óhóflega skuldasöfnun.

Heilt ár er liðið síðan framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti tillögur sínar að þessum nýju reglum. Þeim er ætlað að draga úr líkum þess að aðildarríkin lendi í vanda á borð við þann, sem Grikkir og fleiri þjóðir evrusvæðisins glíma nú við.

Í árlegri stefnuræðu, sem Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnarinnar, flutti í gær áður en gengið var til atkvæða um nýju fjármálareglurnar, gagnrýndi hann harðlega samstöðuleysi aðildarríkjanna gagnvart skuldavandanum, sem Grikkir og fleiri ríki evrusvæðisins glíma nú við.

Hann segir nauðsynlegt að tryggja enn frekar sameiginlega yfirstjórn í Brussel yfir ríkisfjármálum aðildarríkjanna, svo hægt verði að bregðast hraðar við vanda af þessu tagi.

Angela Merkel Þýskalandskanslari stendur síðan í ströngu við að sannfæra þjóðþing lands síns um nauðsyn þess að fallast á stækkun neyðarsjóðs ESB úr 250 milljörðum evra í 440 milljarða.

Málið kemur til atkvæðagreiðslu á þýska þinginu í dag, en í gær leit út fyrir að afar naumur meirihluti muni samþykkja þessi áform. Verði þau hins vegar felld þykir ólíklegt að ríkisstjórn Kristilegra demókrata og Frjálslynda flokksins í Þýskalandi tóri mikið lengur.

Síðustu vikur hefur reyndar komið í ljós að þessi stækkun neyðarsjóðsins muni vart duga til að bjarga Grikkjum út úr gríðarlegum skuldavanda þeirra, sem hefur grafið svo undan trúverðugleika evrunnar að margir óttast um framtíð hennar.

Hugmyndir um að stækka sjóðinn enn frekar, jafnvel upp í 2.000 milljarða evra, hafa því skotið upp kollinum en svo virðist sem beðið sé eftir afgreiðslu þýska þingsins í dag áður en þær verða ræddar opinskátt. Nánast útilokað þykir að þýska þingið muni samþykkja enn frekara framlag til sjóðsins, og er því frekar talað um að veita sjóðnum heimild til þess að taka lán hjá Seðlabanka Evrópusambandsins.

Finnska þingið samþykkti í gær fyrir sitt leyti stækkun neyðarsjóðsins, en Finnar krefjast þó eftir sem áður þess að Grikkir tryggi með einhverjum hætti endurgreiðslu þess fjár sem Finnar láta af hendi rakna til þeirra.

Nýjasta tillaga framkvæmdastjórnarinnar, um skatt á fjármagnsviðskipti, hefur hins vegar mætt andstöðu meðal breskra stjórnvalda. **gudsteinn@frettabladid.is**



**JOSE MANUEL BARROSO** Forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins fór mikinn í stefnuræðu sinni á Evrópuþinginu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Nýjar reglur um efnahagsstjórn

Nýju reglurnar eiga að gera aðildarríkjum ESB erfiðara að fara fram úr viðmiðunarramma um fjárlög og ríkisskuldir. Framkvæmdastjórnin fær það hlutverk að gefa út viðvaranir ef í óefni stefnir. Ekki verður hægt að stöðva slíkar viðvaranir nema með meirihlutasamþykki aðildarríkjanna. Refsiákvæði gera ríkjunum skylt að greiða sektir ef ramminn er ekki virtur þrátt fyrir viðvaranir. Enn fremur eru ákvæði um aukið gagnsæi í ríkisbókhaldi og áreiðanleiki upplýsinga verður tryggður með því að fela óháðri stofnun að taka þær saman.

Framkvæmdastjórnin lagði upphaflega fram tillögur sínar fyrir ári, en þær hafa tekið miklum breytingum síðan. Fjármálaráðherrar ESB samþykktu loks málamiðlunarútgáfu á fundi sínum 19. september og Evrópuþingið lagði blessun sína yfir þær í gær. Lokaafgreiðslan bíður svo næsta leiðtogafundar ESB, sem haldinn verður á næstu vikum.




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**HAUSTLÆGÐIR** stjórna veðrinu hjá okkur næstu daga. Í kvöld vex vindur og úrkoma sunnan og vestan til og á morgun verður víða rigning og hvassviðri eða strekkingur. Búast má við meiri vindi og úrkomu sunnan- og vestanlands en norðaustan til.



**Á MORGUN** Hvasst með S- og V-strönd, annars víða strekkingur.

**LAUGARDAGUR** Strekkingsvindur víða um land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 24° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 24° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 20° |
| París | 26° |
| San Francisco | 26° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016**: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403**: Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Ár slaufunnar

CHEVROLET
Gæði í 100 ár

CHEVROLET

# Pláss fyrir alla fjölskylduna ...og vinina líka!

Eigum bíla til afgreiðslu strax!

bílasamningur ergo

mánaðargreiðsla*
**67.115** kr.




Bíll á mynd: Captiva LTZ með 19 tommu álfelgum og öðrum aukahlutum. Verð eru háð gengi hverju sinni og geta breyst án fyrirvara.

fáanlegur:
Bensín
Dísel
Metan

Nýr CAPTIVA

**Meðal nýjunga í Chevrolet Captiva:**
- Nýtt útlit, minni eyðsla, minni mengun.
- Ný dísel vél, 184 hö, 400 Nm. **Frábær togkraftur.**
- Ný bensín vél, 167 hö, 230 Nm.
- 6 gíra sjálfskipting
- Allir sjö sæta

***ERGO Bílasamningur / 8,8% vextir / Óverðtryggður / Gullvild**
- Kaupverð **kr. 5.790 þús.** (bensín, leðursæti)
- Útborgun **kr. 1.737 þús.** (tökum bíla uppí)
- Mánaðargreiðsla **kr. 67.115** í 84 mán.
- Nánari upplýsingar og skilmálar á ergo.is

**Bensín 2,4 L - 167 hestöfl**
Captiva LT - 7 sæta - Tausæti
6 gíra beinskiptur
Hlaðinn staðalbúnaði
**Verð kr. 5.190 þús.**

**Bensín 2,4 L - 167 hestöfl**
Captiva LT - 7 sæta - Leðursæti
6 gíra sjálfskipting
Hlaðinn staðalbúnaði
**Verð kr. 5.790 þús.**

**Dísel 2,2 L - 184 hestöfl**
Captiva LT - 7 sæta - Tau/leðursæti
6 gíra sjálfskipting
Hlaðinn staðalbúnaði
**Verð kr. 6.290 þús.**

**www.benni.is**

SOS BARNAÞORPIN ÍSLAND
Bílabúð Benna
SAMSTARF TIL GÓÐRA VERKA
WWW.SOS.IS - WWW.BENNI.IS

**Opið alla virka daga frá 10 - 18 og laugardaga frá 12 - 16**

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3330
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - sími 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Rannsókna- og þróunarstofnun bandaríska dómsmálaráðuneytisins um Taser:

# Taser-tækin fækka meiðslum

**LÖGREGLUMÁL** Rétt notkun á Taser-byssum er jafn hættulítil eða hættuminni en aðrir valkostir við valdbeitingu lögreglu. Hún hefur ótvíræða kosti við að fækka meiðslum á lögreglumönnum, sem og brotamönnum.

Þetta eru helstu niðurstöður fimm ára rannsóknarvinnu Rannsókna- og þróunarstofnunar bandaríska dómsmálaráðuneytisins og er greint frá þeim í nýjasta tölublaði Lögreglumannsins, sem Landssamband lögreglumanna gefur út.

Stofnunin stóð fyrir tveimur viðamiklum rannsóknum á notkun Taser. Önnur þeirra sneri að læknisfræðilegum áhrifum tækjanna og hin að notkun þeirra við lögreglustörf.

Niðurstöður fyrrnefndu rannsóknarinnar eru í hnotskurn þær að rétt notkun á rafpúlstækjum valdi engri sérstakri hættu á hjartsláttartruflunum og að aðrar ástæður en notkun Taser hafi leitt til dauða viðkomandi einstaklinga.

Rannsókn á 25 þúsund tilfellum þar sem lögregla beitti líkamlegu afli við að yfirbuga einstaklinga sýndi að þar sem einungis var beitt piparúða eða Taser voru meiðsl lögreglu og hinna handteknu 65 til 70 prósent færri heldur en ef lögregla beitti líkamlegu afli við handtöku. **- jss**



**TASER-TÆKI** Er sagt gefast betur en beiting líkamlegs afls.

Óbreytt verð innflutnings:

# Íslenskur matur hækkar í verði

**NEYTENDUR** Innlendar búvörur og grænmeti hafa hækkað um 10,2% í verði undanfarna 12 mánuði. Verð á innfluttum mat- og drykkjarvörum hefur nánast staðið í stað á sama tíma. Þetta kemur fram í nýjasta Morgunkorni Íslandsbanka.

Þá hefur verið á ýmsum tegundum kjöts hækkað mikið. Í Morgunkorni er tekið fram að frá áramótum hafi verð á lambakjöti hækkað um tæp 19% og verð á svína- og nautakjöti um 20 %. **- sv**

## KJÖRKASSINN



*Vilt þú að Ísland styðji umsókn Palestínu að Sameinuðu þjóðunum?*

| | |
|---|---|
| Já | 59,3% |
| Nei | 40,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú skynsamlegt að fresta framkvæmdum við Sundabraut um nokkur ár?*

Segðu þína skoðun á visir.is **vísir**

Lögmaður Færeyja:

# Boðar kosningar eftir mánuð

**FÆREYJAR** Kaj Leo Johannesen, lögmaður Færeyja, hefur tilkynnt að kosningar verði haldnar 29. október.



**KAJ LEO JOHANNESEN**

Hann hefur verið lögmaður síðan 2008, þegar Sambandsflokkurinn, Fólkaflokkurinn og Jafnaðarflokkurinn mynduðu stjórn. Fólkaflokkurinn sleit stjórnarsamstarfinu síðastliðið vor og hefur Johannesen síðan verið leiðtogi minnihlutastjórnar Sambandsflokksins og Jafnaðarflokksins, með stuðningi Þjóðveldisflokksins. Lögþing hefur fundað stíft síðustu daga og afgreitt flest mál sem stjórnin ætlaði að afgreiða fyrir kosningar. **- gb**

**STJÓRNSÝSLA**

### Skipaður ríkislögmaður

Forsætisráðherra skipaði í gær Einar Karl Hallvarðsson hæstaréttarlögmann í embætti ríkislögmanns til fimm ára. Einar Karl er fæddur 6. júní árið 1966 og lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1993.

**DÓMSMÁL**

### Henti amfetamíninu

Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir að hafa ekið bifreið, sviptur ökurétti ævilangt og undir áhrifum amfetamíns. Hann var með kannabisefni auk þess sem lögregla fann amfetamín fyrir utan ökumannshurð bifreiðarinnar.

**VESTFIRÐIR**

### Borgarísjaki nálgast Djúpið

Landhelgisgæslunni hafa undanfarið borist margar tilkynningar vegna ísjaka sem rekur úti af Vestfjörðum. Hann virðist stefna inn í Ísafjarðardjúp.

# Áfram auglýst eftir vændi á netsíðum

**Mikil eftirspurn er eftir vændi í samfélaginu, segir framkvæmdastýra athvarfs Stígamóta fyrir þolendur vændis og mansals. Nýjum rannsóknum á sviðinu ábótavant. Einfalt er að nálgast auglýsingar eftir þjónustu á stefnumótasíðum.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Eftirspurn eftir vændi hér á landi er mikil, þrátt fyrir að slíkt hafi verið gert ólöglegt með öllu árið 2009. Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, framkvæmdastýra athvarfs Stígamóta fyrir þolendur vændis og mansals, segir afar einfalt að nálgast auglýsingar á hinum ýmsu stefnumótasíðum þar sem óskað er eftir að kaupa vændi.

„Það sem er að gerast á þessum stefnumótasíðum er að auglýsingar frá mönnum sem eru að óska eftir því að komast í kynni við konur sem selja sig, eru ekki teknar út,“ segir Steinunn. „Það er nákvæmlega þetta sem er ólöglegt, það er bannað að kaupa vændi.“

Steinunn segir nýjum rannsóknum á sviðinu afar ábótavant hér á landi. Á síðustu árum hafa verið gerðar stórar lagabreytingar varðandi vændiskaup. Engin leið sé til að finna tölur um umfang sölu og kaupa vegna þessa.

„Þetta er í takt við annað sem er að gerast. Við vitum að þó að nektarstaðir séu bannaðir er enn verið að dansa á þessum stöðum. Það er ein birtingarmyndin á þessu máli.“

Steinunn bendir á að með einföldum prófunum, til að mynda á Einkamál.is, geti maður fundið auglýsingar þar sem óskað er eftir kaupum á vændi. Sé dollaramerkið ($) slegið inn í leit koma á annan tug auglýsinga þar sem óskað er eftir kaupum á kynlífi. Sumar auglýsingarnar eru nokkurra ára gamlar, en sú nýjasta var sett inn 26. september. Talið er að 20 þúsund krónur sé algengasta verðið fyrir hvert skipti.

„Ef maður setur inn auglýsingu hefur maður ekki undan,“ segir Steinunn. „Það skiptir engu máli hvort maður segist vera þrítug eða fimmtán ára.“ Aðspurð hvort hún geti skilgreint vændiskaupendur hér á landi eftir einkennum segir Steinunn kaupendur koma úr öllum stéttum samfélagsins.

„Okkar niðurstaða er sú að þetta eru fyrst og fremst karlar, á öllum aldri, frá öllum bakgrunnum, frá mismunandi stöðum, kvæntir og ókvæntir. Það er ekkert hægt að alhæfa í þessum málum.“

Stígamót opnuðu nýtt athvarf fyrir þolendur vændis í byrjun mánaðarins. Engin hefur flutt inn enn en þó segir Steinunn að samtökunum hafi borist þó nokkuð margar fyrirspurnir.

sunna@frettabladid.is




**MÓTMÆLI GEGN VÆNDI** Auðvelt er að finna auglýsingar frá mönnum sem óska eftir því að kaupa vændi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Fjölmargar auglýsingar frá kaupendum

**Nokkur dæmi úr auglýsingum á www.einkamál.is þar sem óskað er eftir vændisþjónustu.**

- „Mig langar að hittast og eiga skulbindingalaust kynlíf. Jafnvel $$$.“
- „er til í skyndikynni $$$$$og nudd,,,,,,,,,,,,,,,,,,,“
- „Hæ hæ, er alveg til í að hitta einhverja sæta stelpu. $$“
- „Er að leita mer að stelpu til að leika við af og til er mikkið að vinna út á landi svo að maður hefur ekki mikkin tíma til að fara á pöbban er til í að styrkja $$$$$$$$“

Yfirmaður kynferðisbrotadeildar telur að vændi sé auglýst undir yfirskini nudds:

# Fjölmiðlar ekki rannsakendur

**SAMFÉLAGSMÁL** Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar, segir engan vafa leika á því að í tilteknum auglýsingum um nuddþjónustu sem birst hafa meðal smáauglýsinga í Fréttablaðinu sé í raun verið að auglýsa vændi. Til rannsóknar sé hvort um milligöngu um vændi sé að ræða.

Þessi orð lét hann falla í samtali við Ríkisútvarpið í gær og bætti við að lögreglan hefði vitað af þessum auglýsingum um hríð enda bæru þær með sér að þarna væri ekki venjulegt nudd á ferðinni.

Þegar Fréttablaðið spurði Björgvin hvort hann ætti við að í þessum tilfellum hefði Fréttablaðið mögulega gerst sekt um milligöngu um vændi svaraði Björgvin: „Það er ekki útilokað miðað við það sem önnur lögreglulið á Norðurlöndum, þar á meðal í Noregi, hafa velt vöngum yfir.“ Þá sagði Björgvin málið vera til skoðunar meðal lögfræðinga lögreglunnar. Hins vegar væri engin niðurstaða komin í það.



**BJÖRGVIN BJÖRGVINSSON**

Ólafur Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, segir fráleitt að blaðið birti meðvitað auglýsingar um vændi. „Ýmsir aðilar auglýsa nudd í smáauglýsingum. Auglýsingadeild blaðsins getur ekki tekið að sér hlutverk rannsakanda og fundið út úr því hvort þjónustan sem er í boði sé í raun önnur en sú sem er auglýst,“ segir hann. „Ef slíkur grunur vaknar hefur auglýsingadeildin afhent lögreglu öll gögn um auglýsendurna, sem eru ekki mjög margir, og það er hennar að komast að hinu sanna. Lögreglan hefur haft þessar upplýsingar í meira en ár en aldrei bent á auglýsingar sem sannað þyki að séu yfirvarp fyrir vændi,“ segir Ólafur.

Hann bendir á að samkvæmt nýjum fjölmiðlalögum beri auglýsandi alfarið ábyrgð á efni auglýsingar. „Blaðið vill að sjálfsögðu ekki birta auglýsingar um ólöglega starfsemi. En þetta er sambærilegt við það að við getum gengið út frá því að í einhverjum auglýsingum um varning til sölu sé í raun verið að falbjóða þýfi. Samt er ekki hægt að banna fólki að auglýsa hluti til sölu. Auglýsingadeildin aðstoðar lögregluna ef grunur vaknar um eitthvað misjafnt,“ segir Ólafur. **- mþl**

20% afsláttur af Biomega vítamínum




LYFJABORG
Borgartúni 28 - Sími: 553 8331 - Lyfjaborg.is

Gjörhygli

8 vikna námskeið (Mindfulness based cognitive therapy/stress reduction) hefst 4. október.

Námskeið í gjörhygli tengir saman hugræna atferlismeðferð og hugleiðsluæfingar.

Námskeiðið hjálpar þeim sem eru að fást við **streitu, kvíða, endurtekið þunglyndi eða langvinna verki.**

Verð kr. 49.000.
Nánari upplýsingar www.gjorhygli.is – gjorhygli@gmail.com



Margrét Arnljótsdóttir sálfræðingur



Bridget (Bee) Ýr McEvoy RPN




# CANNELLONI MEÐ NAUTAHAKKI fyrir 4-6

*að hætti Rikku*

1 msk olía
1 laukur, saxaður
2 gulrætur, flysjaðar og saxaðar
800 g nautahakk
2 hvítlauksrif, pressuð
100 g sveppir, saxaðir
600 ml Ítalía pastasósa með basiliku
1 msk hunang
salt og nýmalaður pipar
400 g cannelloni pasta

Hitið olíuna á pönnu, steikið laukinn og gulræturnar þar til að hann er orðinn mjúkur í gegn. Bætið nautahakkinu, hvítlauknum og sveppunum saman við og steikið í 3-5 mínútur. Bætið helmingnum af pastasósunni saman við ásamt hunanginu og látið malla í 10-15 mínútur. Kryddið með salti og pipar. Sjóðið pastað í 3-4 mínútur, kælið og fyllið það með hakkblöndunni. Hellið afganum af pastasósunni í eldfast mót og raðið cannelloni pastanu í mótið.

SÓSA
200 ml sýrður rjómi
70 g rifinn parmesanostur
100 g rjómaostur
1 tsk basiliku krydd
salt og pipar
50 g rifinn ostur

Blandið öllu hráefni saman fyrir utan rifna ostinn og kryddið með salti og pipar. Smyrjið sósunni ofan á pastað og stráið osti yfir. Bakið í ofni í 30-35 mínútur.

NÆRINGARGILDI LDS
Kcal: 594/ 30% LDS*
Prótín: 50 g/ 100% LDS
Fita: 25 g/ 39% LDS
Kolvetni: 39 g/ 13% LDS
Járn: 6 mg/ 31% LDS
Kalk: 315 mg/ 31% LDS

*Leiðbeinandi dagsskammtur (LDS) miðast við 2.000 kcal (hitaeininga) orkuþörf.




**Kjúklingaleggir**
ferskir




**Lambaprime**




**Kjúklingbringur**
ferskar




**Lambalæri Jóa Fel**
úrbeinað og fyllt




ALVÖRU
PARMASKINKA
BEINT FRÁ ÍTALÍU

fumagalli






















24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 2. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Utanríkisráðherra hvaða lands heimsækir Ísland í dag?*

2 *Hvaða Íslendingur lék í Meistaradeild Evrópu í fótbolta í vikunni?*

3 *Hvað heitir ríkisendurskoðandi?*

**SVÖR:**

1. Noregs 2. Kolbeinn Sigþórsson 3. Sveinn Arason

Ein helsta íþrótta-, sýninga- og tónleikahöll Kaupmannahafnar brann:

# Höllin eyðilagðist á fáeinum tímum

**DANMÖRK, AP** „Þetta hefur verið mjög öflugur eldsvoði," sagði Lars Rosenwanger, talsmaður slökkviliðsins í Kaupmannahöfn. „Allir innviðirnir í höllinni eyðilögðust í eldinum. Það eina sem stendur eftir eru steinsteyptir veggirnir."

Slökkvilið Kaupmannahafnar stóð í ströngu í gærmorgun þegar eldur braust út í KB-höllinni, sem áratugum saman hefur verið ein helsta tónleika-, sýninga- og íþróttahöll borgarinnar.

Þar hafa margir helstu tónlistar- og íþróttamenn heims komið fram. Bítlarnir, Rolling Stones og Louis Armstrong eru meðal þeirra sem hafa haldið tónleika þar og tenniskapparnir Björn Borg, John McEnroe og Boris Becker kepptu þar á sinni tíð.

Eldurinn braust út aðeins fáeinum klukkustundum áður en þar átti að hefjast stór sýning á vegum kynlífs- og klámiðnaðarins. Um tuttugu manns, sem unnu að undirbúningi þeirrar sýningar, voru sofandi í höllinni þegar eldurinn kviknaði. Þeir komust allir út í tæka tíð, en þrír voru fluttir á sjúkrahús vegna reykeitrunar.

Þykkur reykur stóð upp af höllinni í nokkrar klukkustundir og sást víða að.

KB-höllin er nefnd eftir Københavns Boldklub, einu elsta knattspyrnufélagi Evrópu, sem stofnað var árið 1876. **- gb**



**KB-HÖLLIN BRENNUR** Um tuttugu manns voru sofandi inni í höllinni þegar eldurinn braust út en björguðust allir. NORDICPHOTOS/AFP


**60 ára og eldri**

**Frábær félagsskapur, aðhald og stuðningur**

**Hópþjálfun tvisvar í viku með einföldum æfingum**

Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal

**Hefst 3. október**

- Lokað námskeið (4 vikur)
- Mán og mið kl. 11-12
- Þjálfarar Helga og Elva
- **Verð kr. 9.900,-**

Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010



HEILSUBORG

Faxafeni 14 www.heilsuborg.is



**Velkomin**

**á vinnudag í Valhöll**

**á laugardaginn!**

Fjallað verður um utanríkismál, sveitarstjórnar-, samgöngu- og umhverfismál, réttarfar og stjórnskipun, mennta- og menningarmál á opnum vinnufundi í Valhöll nk. laugardag, 1. október.

» Dagskráin hefst kl. 12.00 með léttum hádegisverði

» Nefndir starfa frá kl. 12.30 og lýkur dagskránni upp úr kl. 16.30

» Samantekt formanna málefnanefndanna verður send beint út á xd.is kl. 16.00

Vinnum saman og höfum áhrif á stefnu og framtíðarsýn Sjálfstæðisflokksins.

Skráning og upplýsingar:

innanrikisnefnd@xd.is
utanrikisnefnd@xd.is
menntamalanefnd@xd.is

*Vinnudagur 8. október: Atvinnumálanefnd, efnahags- og skattanefnd og velferðarnefnd.*

www.xd.is Sjálfstæðisflokkurinn


# Telja línur í Veiðivötn umhverfismatsskyldar

**Náttúruverndarsamtök Íslands eru ósammála fullyrðingum Neyðarlínunnar um að ekki sé skylt að gera umhverfismat vegna rafstrengs og ljósleiðara í Veiðivötnum og Snjóöldu. Annað væri ef línurnar fylgdu núverandi vegi alla leið.**

**UMHVERFISMÁL** „Við mælumst eindregið til þess að þessi framkvæmd fari í umhverfismat," segir Hilmar J. Malmquist, stjórnarmaður í Náttúruverndarsamtökum Íslands, um áætlaða lagningu raflínu og ljósleiðara frá Vatnsfelli í Veiðivötn og Snjóöldu.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á þriðjudag standa Neyðarlínan og Veiði- og fiskiræktarfélag Landmannaafréttar að fyrirhugaðri lagningu 22 kílómetra rafstrengs og ljósleiðara frá fjarskiptastöð á Vatnsfelli yfir í Veiðivötn og þaðan í Snjóöldu. Ætlunin er að auka öryggi á staðnum og koma í veg fyrir mengun af olíurafstöðvum.

Í leyfisumsókn Neyðarlínunnar til Rangárþings ytra segir að plægja eigi strengina niður og fylgja vegslóðum að hluta. Framkvæmdin sé ekki háð lögum um mat á umhverfisáhrifum. Hreppsráðið samþykkti málið en byggingarfulltrúi sendi það til umsagnar hjá Umhverfisstofnun. Starfsmaður stofnunarinnar fer á vettvang í dag til að skoða aðstæður.

Hilmar segir Náttúruverndarsamtökin ekki sammála lagatúlkun framkvæmdaaðilanna. Vísar hann í annan viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum þar sem getið er um flutning á raforku með jarðstrengjum utan þéttbýlis sem eru tíu kílómetrar eða lengri og eru grafnir niður eða lagðir í stokk.

„Veiðivötn eru á náttúruminjaskrá og Veiðimálastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfistofnun hafa gert tillögu um að Veiðivatnasvæðið sé gert að friðlandi. Samkvæmt svæðisskipulagi miðhálendisins er allt svæðið sem strengurinn fer um annaðhvort náttúruverndarsvæði eða almennt verndarsvæði," bendir Hilmar á. „Þetta er eldfjallaland og víðerni sem eru eitt helsta náttúrufarseinkenni Íslands."

Hilmar segir að þar sem strengirnir verði plægðir í sand fjúki yfir bæði plógfar og hjólför eftir tækið sem notað verði. „En þar sem eru ásar og hæðir með gróðri gegnir öðru máli. Þá er hætt við að förin verði lengur," segir Hilmar, sem kveður lausnina geta falist í að línurnar fylgdu vegslóðum alfarið. Hart sé undir víða og inn við Veiðivötn séu mosaþembur sem erfitt sé að raska ekki við framkvæmdir.

„Við sjáum ekkert á móti þessu ef framkvæmdin fylgir veghelgunarsvæði Veiðivatnaleiðarinnar. Það lengir leiðina en fyrir vikið er engin áhætta tekin með umhverfisáhrifin. Það er þekkt að menn fara í alla slóða, meðal annars vegna ókunnugleika. Komi eitthvað fyrir og það þarf að fara í viðgerðir utan slóða eru menn farnir að setja mark sitt á landið. Þetta er einfaldlega þannig svæði að það á að kosta öllu til að forða því frá svona ummerkjum. Vegurinn er alveg nóg."

**gar@frettabladid.is**




**LÍNUSTÆÐIÐ OG VEGSLÓÐIN** Rafstrengur og ljósleiðari eiga ekki nema að hluta að fylgja veginum í Veiðivötn.



**VIÐ VEIÐIVÖTN** Mosaþembur eru í hættu ef rafstrengur og ljósleiðari eru plægðir niður í jöröina utan vegstæðis í Veiðivötnum, segir Hilmar J. Malmquist, sem er í stjórn Náttúruverndarsamtaka Íslands. MYND/HILMAR J. MALMQUIST

Segja frekari niðurskurð koma niður á grunnþjónustu á Suðurlandi:

# Mótmæla frekari niðurskurði

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórn Læknaráðs Heilbrigðisstofnunar Suðurlands segir að frekari skerðing á fjárframlögum til stofnunarinnar muni leiða til skertrar grunnþjónustu á Suðurlandi. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem stjórnin sendi frá sér í gær.

Í yfirlýsingunni segir að niðurskurður á fjárframlögum hafi þegar valdið alvarlegum áhrifum á starfsemina. Sérfræðilæknar hafi horfið frá störfum og skortur sé á læknum. Þá fáist ekki viðbrögð við auglýsingum um lausar stöður. Eftir standi fámennari hópur lækna sem finni fyrir vaxandi álagi.

Stjórnin segir hagræðingarkröfur stjórnvalda því óbilgjarnar og gera það að verkum að íbúar svæðisins þurfi að sækja þjónustu annað sem sé ekki hagkvæmt.

Samkvæmt yfirlýsingunni krefst velferðarráðuneytið hagræðingar um 70 milljónir króna á ársgrundvelli fyrir starfsárið 2012, sé tekið tillit til frestunar á sparnaðaraðgerðum sem framkvæma átti árið 2010. Loks segir í yfirlýsingunni að samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins eigi að hlífa grunnþjónustu og heilsugæslu á svæðinu. **- mþl**



**HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS** Stofnuninni er gert að skera niður um 70 milljónir á starfsárinu 2012.



*Við stefnum að því að búið verði að kynna öllum viðskiptavinum niðurstöður skuldalækkunar í október.*

***Landsbankinn þinn** er heiti á stefnu bankans. Hann er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.*

# Landsbankinn lækkar skuldir viðskiptavina um 23 milljarða

**Skuldalækkun Landsbankans** sem kynnt var í maí hefur verulega þýðingu fyrir þúsundir heimila. Þessi lækkun var möguleg vegna traustrar fjárhagsstöðu og er ætlað að styðja við endurreisn heimila og atvinnulífs í samræmi við stefnu bankans.

Útreikningi á skuldalækkun Landsbankans er nú að ljúka og liggur fyrir að bankinn mun lækka skuldir viðskiptavina um 23 milljarða til viðbótar við það sem áður hafði verið gert. Skuldalækkunin fólst í þremur aðgerðum og gagnast breiðum hópi viðskiptavina.

## Lækkun fasteignaskulda

Við höfum lækkað fasteignaskuldir yfir 3.500 viðskiptavina sem búa í yfirveðsettu húsnæði. Það gerðum við með tveimur mikilvægum breytingum á hefðbundinni 110% leið. Miðað var við fasteignamat á eignum undir 30 milljónum króna en ekki verðmat og almennt ekki tekið tillit til annarra eigna við niðurfærslu skuldanna. Þessi breyting á 110% leiðinni veitti fleirum möguleika á niðurfærslu. Lækkun fasteignaskulda er sjálfvirk en byrjað er að senda út tilkynningar til þeirra sem fá niðurfærslu.

## Vaxtaendurgreiðsla

Við endurgreiðum vexti til yfir 54.000 skilvísra viðskiptavina. Endurgreiðslan verður sjálfvirk en um er að ræða 20% af samningsvöxtum sem greiddir voru á tímabilinu 1. janúar 2009 til 30. apríl 2011. Byrjað er að senda út tilkynningar til þeirra sem fá vaxtaendurgreiðslu. Endurgreiðslan lækkar eftirstöðvar skulda viðskiptavina en er greidd út ef viðskiptavinur er skuldlaus við bankann.

**60 þúsund viðskiptavinir**

**23 milljarða skuldalækkun**

## Lækkun annarra skulda

Haft verður samband við alla viðskiptavini sem sóttu um lækkun annarra skulda. Þeim 1.600 viðskiptavinum sem falla undir úrræðið býðst að gera samning um að greiða 10% af ráðstöfunartekjum í 3 ár. Að því loknu verða eftirstöðvar lánanna felldar niður um allt að 4 milljónir króna til einstaklinga og 8 milljónir króna til hjóna og sambúðarfólks. Lækkun annarra skulda nær m.a. til yfirdráttar, skuldabréfalána og lánsveða.

Skilmála og nánari upplýsingar um skuldalækkun Landsbankans má finna á landsbankinn.is.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**FRÉTTASKÝRING:** Úrræði til að bæta námsárangur drengja í grunnskólum Reykjavíkur

# Greinilegur munur á árangri kynjanna

**Fjórði hver 15 ára drengur í grunnskólum Reykjavíkur getur ekki lesið sér til gagns. Hægt er að koma auga á lestrarerfiðleika strax í 2. bekk en því er lítið fylgt eftir. Starfshópur á vegum Menntasviðs Reykjavíkurborgar birtir niðurstöður vinnu sinnar í dag.**



**MIKILL MUNUR Á ÁRANGRI EFTIR KYNJUM** Breytingartillögur hafa nú verið samþykktar á menntasviði Reykjavíkurborgar til að finna úrræði sem sporna við lökum lesskilningi drengja í grunnskólum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Greinilegur kynjamunur er á námsárangri barna í grunnskólum Reykjavíkur. Munurinn liggur fyrst og fremst í lestri og lesskilningi, en 23 prósent 15 ára drengja geta ekki lesið sér til gagns á meðan hlutfall stúlkna er 9 prósent. Þetta er meðal þess sem kemur fram í yfirgripsmikilli skýrslu starfshóps á vegum Reykjavíkurborgar um úrræði sem stuðla að auknum námsárangri drengja í grunnskólum.

### Ánægja af lestri skiptir sköpum

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður starfshópsins, segir lykilniðurstöðuna vera þá að lestur og ánægja af lestri skipti sköpum.

„Þetta eru niðurstöður sem þurfa að komast til samfélagsins í heild sinni og þær staðreyndir að lestur ungmenna hefur minnkað gríðarlega og að viðhorf til lestrarhesta sé ekki nægilega jákvætt,“ segir Þorbjörg. „Ánægja af lestri er mjög mikilvæg breyta, við þurfum að passa að vera ekki fordómafull til dæmis gagnvart því sem drengir velja að lesa, jafnvel þótt okkur finnist þetta ekki vera miklar fagurbókmenntir. Teiknimyndasögur og ýmsar útfærslur af bókum eiga líka að vera flokkað með öðru sem við lesum.“

### Kyn einkenni númer eitt

Athygli vekur að þessi slaki árangur drengja er varðar lesskilning kemur strax fram í lesskimunum í 2. bekk grunnskóla og er viðvarandi til loka skólans í 10. bekk.

Almar Miðvík Halldórsson, verkefnastjóri hjá Rannís, vann úttekt á kynjamuni í námsárangri barna í grunnskólum fyrir starfshópinn. Hann segir þá nemendur sem ekki nái hæfnisþrepi 2 eiga erfitt með að lesa texta sem heild og geta illa krufið hann. Sennilega sé stór hluti af þeim hópi 15 ára drengja og stúlkna sem ekki nái þessu þrepi með lesblindu, en hlutfall hennar hér á landi er hærra en gengur og gerist í nágrannalöndunum. Hann segir þessi rúm 23 prósent drengja sem ekki geti lesið sér til gagns afar hátt hlutfall.

„Það er greinilegur munur á milli stráka og stelpna, sem við sjáum fyrst og fremst í þessum lægstu þrepum,“ segir Almar. „Það er auðvitað með ólíkindum að fjórði hver 15 ára drengur geti ekki lesið almennilega.“

Almar segir hæfnisþrep 2 vera skilgreint sem algjört lágmark. Þeir krakkar sem lendi fyrir neðan það eigi við alvarlegan vanda að stríða.

„Þau eru í miklum áhættuhópi þegar þau fara út í lífið og eiga ekki eftir að geta tekið þátt í umræðunni sem virkir þjóðfélagsþegnar,“ segir hann og bætir við að hlutföllin réttist þó við þegar komið er í framhalds- og háskóla.

„Grunnskólar virðast vera blindir á það að stór hluti stráka, alveg frá sex ára aldri þegar þessi munur kemur fyrst fram, virðist eiga í vanda við lestur. Og þeir eru allt að þrisvar sinnum fleiri en stelpurnar,“ segir Almar. „Það er greinilega eitthvað mikið að í menntun þessara drengja – þegar þeir vakna allt í einu 15 ára og geta ekki lesið sér til gagns. Það er ótækt.“

Almar segist undrandi á því hvernig svona nokkuð geti gerst og nú sé einboðið að taka á þessum mikla mun. Erfitt sé að benda á samfélagslegar breytur sem geti útskýrt þetta bil á milli drengja og stúlkna þegar kemur að lesskilningi, sem er ólíkt því sem tíðkast erlendis.

„Þjóðfélagsleg staða foreldra skýrir 70 prósent af námsárangri barna í mörgum löndum, en hér er þetta um 7 prósent. Skólinn sem slíkur skýrir ekki nema 15 prósent,“ útskýrir Almar. „Það skiptir ekki máli hvaðan fólk kemur eða í hvaða skóla það fer. Sá mismunur sem við sjáum í okkar kerfi er kynjamunurinn fyrst og fremst. Hann er klárlega einkenni númer eitt.“

## Samþykktar tillögur starfshópsins um úrbætur

**1. Um líðan stúlkna og námsstuðning**
Vegna sterkra vísbendinga um kvíða stúlkna í skólum og hvort stúlkur séu ekki að fá greiningu nægilega snemma er lögð til stofnun starfshóps um líðan stúlkna.

**2. Frekari greining á áhrifum kyns kennara og námsárangurs**
Tölfræði- og rannsóknarþjónusta skal kalla eftir upplýsingum um kyn íslensku- og stærðfræðikennara á unglingastigi. Skoða tengsl kyns kennara og námsárangurs nemenda.

**3. Greina frekar niðurstöður um framfarastuðul**
Skoða meðal annars upplýsingar um framför drengja og stúlkna út frá framfarastuðli.

**4. Sérkennsla og drengir**
Skoða hvernig staðið er að sérkennslu í lestri og kynna skólastjórnendum þær staðreyndir að mun hærra hlutfall greininga á sérþörfum er hjá strákum, eða 80 prósent.

**5. Tölvur, lestur og framtíðarsamskipti**
Skóla- og frístundasvið skal sníða 90 mínútna námskeiðsbúta um tölvuheim barna og unglinga til að auka þekkingu kennara og skólastjórnenda á þeim menningarheimi.

**6. Lestrarhestar**
Borgarstjóri afhendi árlega lestrarhestum, drengjum og stúlkum, viðurkenningu í ráðhúsinu. Markmiðið sé að gera ímynd þeirra barna sem lesa jákvæða og eftirsóknarverða.

**7. Aukin eftirfylgni með lestrarskimunum**
Markmið í starfsáætlun 2012 um að á næstu þremur árum fækki þeim nemendum markvisst sem lenda fyrir neðan þrep 2 í læsisprófi PISA.

**8. Samstarf bókaútgefenda, Reykjavíkur og Námsgagnastofnunar**
Reykjavíkurborg vinni að því að ýta undir aukna útgáfu bóka fyrir börn og unglinga á íslensku.

**9. Skilaboð frá strákum sem lesa**
Næsta sumar verði ungt fólk í sumarstarfi hjá borginni fengið til að vinna spurningar um lestur til valinkunnra lestrarhesta sem ungir drengir (og stúlkur) líta upp til.

**10. Jafnréttisfræðsla**
Haldið verði námskeið í kynja- og jafnréttisfræðum fyrir alla starfsmenn leik- og grunnskóla borgarinnar. Námskeiðið taki meðal annars á hugmyndum um staðalímyndir kynjanna.

*Starfshópinn skipa Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Óttarr Proppé, Nanna K. Christiansen, Sigurlaug H. Svavarsdóttir, Jón Páll Haraldsson, Bryndís Jónsdóttir, Ingveldur H. Björnsdóttir og Bergsveinn Þór Jónsson. Hópurinn hefur verið að störfum síðan í ágúst 2010.*

## Fjórðungur skilur ekki megininntak

Þeir nemendur sem ná ekki hærra en í hæfnisþrep 2 geta ekki fundið upplýsingar í texta sem stundum þarf að túlka eða meta hvort uppfylli viss skilyrði. Þeir skilja í sumum tilvikum ekki megininntak textans og sjá ekki tengsl efnis á ólíkum stöðum eða geta mótað sér skoðun á upplýsingum sem eru lítt áberandi í textanum.

Dæmigert verkefni á hæfnisþrepi 2 er að bera saman efnisatriði innan sama textans eða milli textabrota og byggja samanburðinn á eigin reynslu og viðhorfum.

23,2 prósent 15 ára drengja og 9 prósent stúlkna í Reykjavík eru fyrir neðan hæfnisþrep 2 í lesskilningi og er það í takt við önnur OECD-ríki.

## Andleg líðan stúlkna verri en drengja

Greining Skólapúlsins fyrir starfshópinn leiddi í ljós að stúlkur, sérstaklega á unglingastigi, sýna meiri einkenni kvíða, gefa meira til kynna vanlíðan, verða fyrir meira einelti og eru með mun minna sjálfsálit en drengir. Betra sjálfsálit virðist auk þess vera áberandi sterkara einkenni drengja umfram stúlkna, sérstaklega í 10. bekk. Á meðan yfirburðir stúlkna í náminu aukast á þessu sama tímabili virðist andleg líðan þeirra aftur á móti versna.

„Þetta fannst starfshópnum áhyggjuefni og því var samþykkt að sambærilegur starfshópur hæfi störf til að greina þessar niðurstöður um stelpurnar betur,“ segir Þorbjörg Helga. „Þetta tengist óbeint niðurstöðum um greiningar á sérkennsluþörfum því oft er talið að stelpur greinist með erfiðleika miklu seinna en strákar og kannski missi kennarar hreinlega af þeim því þær dragi sig frekar í hlé.“

> „Það skiptir ekki máli hvaðan fólk kemur eða í hvaða skóla það fer. Sá mismunur sem við sjáum í okkar kerfi er kynjamunurinn fyrst og fremst. Hann er klárlega einkenni númer eitt.
>
> **ALMAR MIÐVÍK HALLDÓRSSON**
> VERKEFNASTJÓRI HJÁ RANNÍS



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**



**ALMAR MIÐVÍK HALLDÓRSSON**

### Menningarmunur kynjanna

Rannsóknir hafa sýnt að drengir eyði mun meiri tíma í tölvunotkun heldur en stúlkur. Í skýrslunni kemur fram að starfshópurinn hafi átt fund með forsvarsmönnum tölvuleikjaframleiðandans CCP, þar sem greint var frá því að einungis fimm prósent af spilurum tölvuleiksins Eve Online væru konur.

OECD sendi frá sér skýrslu í júní síðastliðnum um frammistöðu nemenda, þar á meðal um þúsund íslenskra 15 ára unglinga, í læsi rafrænna texta. Prófið gengur út á að nýta sér síbreytilegan texta, nota krækjur og glugga á meðan viðkomandi er nettengdur. Íslenskir nemendur enduðu í 5. sæti af þeim 19 sem tóku þátt.

Fram kom að tölvunotkun 15 ára nemenda á Íslandi sé meðal þess mesta sem rannsóknin mælir og þá kom einnig fram að mikil tengsl eru á milli tölvunotkunar heima fyrir og frammistöðu í lestri í skóla. Þó eru minni eða engin tengsl við tölvunotkun í skóla og lestrarframmistöðu.

### Ójöfn hlutföll í sérkennslu

Drengir eru í miklum meirihluta þegar kemur að úthlutunum vegna fatlana og alvarlegra raskana í grunnskólum. Hlutföllin eru að jafnaði um 80 prósent drengir og 20 prósent stúlkur. Í skýrslu starfshópsins kemur fram að slakur námsárangur í sumum skólum sé vegna drengja sem séu hlutfallslega margir í neðstu þrepum í lesskilningi og því sé nauðsynlegt að styrkja lestrarhæfni þeirra drengja sem séu hvað verst staddir og gæti það verið ein lausn sem mundi breyta hvað mestu um árangur stakra skóla og draga úr kynjamuni.

Þorbjörg Helga segir tölfræðina um að svona stór hópur drengja lesi sér ekki til gagns 15 ára og hlutföllin á greiningum vegna sérþarfa þó ekki séríslenskar niðurstöður.

„En við erum viss um að svona greiningar geti haft bein áhrif á árangur í hverjum skóla fyrir sig með aðgerðum,“ segir Þorbjörg. „Annað sem kom á óvart voru rannsóknir um kennsluhætti og árangur í Bretlandi sem sýndi mikinn árangur fyrir bæði kynin og fela í sér skýr markmið, jafningjamat og rammi í kennslustund og námi.“

### Allar tillögurnar samþykktar

Hlutverk starfshópsins var að setja fram tillögur sem stuðlað geti að auknum námsárangri drengja. Breytingatillögurnar voru allar samþykktar á fundi menntaráðs í gær.

„Ég hef mesta trú á að nýta þessi gögn annars vegar til að sýna skólum myndir af þeirra árangri varðandi kynin,“ segir Þorbjörg. „Skólar sjá strax hvort einhver kerfisbundinn munur sé í skólaumhverfinu hjá sér og munu geta tekið ákvarðanir út frá sinni skólastefnu til að bæta sig. Og hins vegar tillaga sem tengir saman árangurstölur í 2. bekk og samræmdum könnunarprófum. Þannig fá börn sem ná ekki árangri í lesskimun í 2. bekk í lestri eftirfylgni alla leið að lokum grunnskóla.“

Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is



markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör



**GOURMET LAMBALÆRI**
AF NÝSLÁTRUÐU

**1.395** kr/kg
áður 1.698 kr/kg

# GÓÐA HELGI!



**NAUTAHAKK**
FERSKT 12%

34% afsláttur

**989** kr/kg
áður 1.498 kr/kg



**GOURMET LAMBAHRYGGUR**
AF NÝSLÁTRUÐU

**1.699** kr/kg
áður 1.985 kr/kg



**ROAST BEEF**
KRYDD INNRALÆRI

25% afsláttur

**2.249** kr/kg
áður 2.998 kr/kg

GOÐI



**ÞORSKFLÖK**
ROÐ- OG BEINLAUS

45% afsláttur

**998** kr/kg
áður 1.798 kr/kg



**GRÍSASKANKAR**
FERSKIR

40% afsláttur

**299** kr/kg
áður 498 kr/kg



**EPLI**
JONAGOLD

50% afsláttur

**99** kr/kg
áður 198 kr/kg




**TÓMATSAFI**
THE CO-OPERATIVE

28% afsláttur

**129** kr/kg
áður 179 kr/kg




**HRÍSKÖKUR**
LJÓSAR ERÐA DÖKKAR

**198** kr/pk.
áður 239 kr/pk.




**NETTÓ KAFFI**
400 G

**399** kr/pk.
áður 459 kr/pk.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

**Tilboðin gilda 29.sept - 2. okt.**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

eða meðan birgðir endast



**HUNDAR Á BRIMRETTI** Árleg brimbrettakeppni hunda var haldin í Kaliforníu í vikunni. Engum sögum fer þó af því hvort hundarnir höfðu gaman af tiltækinu. NORDICPHOTOS/AFP

ESB verðlaunar Stykkishólm sem einn af 21 afburðaáfangastöðum ferðamanna:

# Flott viðurkenning segir bæjarstjóri

**FERÐAÞJÓNUSTA** Stykkishólmur fékk á þriðjudag verðlaun frá Evrópusambandinu (ESB) sem einn af 21 afburðaáfangastöðum ferðamanna í Evrópu.

EDEN-verðlaunin, eru veitt árlega, en í ár var þemað ferðamennska í tengslum við endurgerð staða. Verðlaunin eru veitt að frumkvæði framkvæmdastjórnar ESB til að kynna sjálfbæra þróun í ferðamennsku í Evrópu. Einn afburðaáfangastaður er valinn í hverju af þátttökuríkjunum.

„Þetta er flott viðurkenning fyrir okkur, sem við getum nýtt til að koma okkur á framfæri í ferðaþjónustu, og sem fyrirtæki í Stykkishólmi geta nýtt sér,“ segir Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri í Stykkishólmi. Hún segist bjartsýn á að verðlaunin fjölgi ferðamönnum sem hafi áhuga á sjálfbærni.

Í umsögn segir að Stykkishólmur sé heillandi fiskiþorp sem hafi sett af stað endurgerðarverkefni þegar fiskiðnaðurinn hafi tekið að dala. Til dæmis hafi gömul fiskihús verið endurgerð og opnuð í þeim gistihús, sem veiti ungu fólki vinnu og geri þeim kleift að búa áfram í Stykkishólmi. - bj



**ENDURGERÐ** Gömul fiskihús við höfnina í Stykkishólmi hafa verið endurgerð og ný starfsemi fer nú fram í þeim.

Tekinn fyrir dópakstur:

# Með nokkurt magn fíkniefna

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir dópakstur og vörslu á talsverðu magni af fíkniefnum.

Sunnudagsmorgun í maí ók hann bifreið um götur á Akureyri og var þá undir áhrifum amfetamíns og kókaíns. Þá er maðurinn ákærður fyrir að hafa sama dag og fíkniefnaaksturinn átti sér stað haft á heimili sínu á Akureyri 3,13 grömm af marijúana, 15,78 grömm af amfetamíni, 16,76 grömm af hassi. - jss



**MÆLA GÖTURNAR** Danskir háskólanemar eiga ekki vísan starfsframa eftir útskrift.

Danskt menntafólk:

# Fær ekki vinnu eftir háskólanám

**DANMÖRK** Aldrei hefur gengið eins illa fyrir nýútskrifaða háskólanema í Danmörku að fá vinnu. Þetta kom fram í frétt Metro-Xpressen í gær.

Vísað er í könnun fagfélagsins Djøf, þar sem segir að ári eftir útskrift hafi 40 prósent útskrifaðra úr lögfræði, hagfræði, stjórnun og kennslufræðum enn ekki fengið vinnu.

Hátt í 1.500 nýútskrifaðir meðlimir í Djøf eru nú án atvinnu, sem er það mesta sem sést hefur í sögu félagsins.

Forsvarsmenn Djøf óttast að tapa hæfileikafólki og kalla eftir aðgerðum frá stjórnvöldum. - þj

# Liðsmenn Árnesgengisins ákærðir fyrir vopnað rán

**Tveir brotamenn og ein kona hafa verið ákærð fyrir að ræna milljónaverðmætum af heimili manns vopnuð hnífi. Annar mannanna hefur játað sök. Þeir voru hluti af gengi sem fór ránshendi um landið sumarið 2006.**

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært tvo síbrotamenn fyrir að færa mann nauðugan á heimili hans og ræna hann þar. Ein kona er ákærð fyrir hlutdeild í ráninu. Annar mannanna játaði sök en hinn tók sér frest. Konan neitaði.

Mennirnir tveir, Sigurbjörn Adam Baldvinsson og Ívar Aron Hill Ævarsson, eru margdæmdir brotamenn. Konan hefur áður hlotið skilorðsbundinn dóm.

Að þessu sinni er mönnunum gefið að sök að hafa í íbúð í Reykjavík slegið fórnarlambið í andlitið svo hann fékk blóðnasir. Að því búnu hafi þeir skipað honum að klæðast hettupeysu og leitt hann nauðugan og með hettu yfir höfði sér frá íbúðinni að heimili hans.

Á leiðinni hélt hvor undir sinn handlegg mannsins og beindu öðru hvoru hnífum að síðum hans, að því er segir í ákæru. Þegar kom á heimili mannsins söfnuðu hinir ákærðu ræningjar saman ýmsum verðmætum í eigu hans og höfðu á brott með sér. Fórnarlambið reyndi ekki að hindra mennina af ótta við þá.

Áætlað verðmæti þýfisins er samtals yfir tvær milljónir króna. Meðal þess sem þeir stálu var flatskjár, heimabíótæki, tölvubúnaður, myndavél, kaffivél, samlokugrill, iPod-spilari, sjónvarpsflakkari, GSM-sími, úr, málverk, veiðistangir, vöðlur, munir til fluguhnýtinga, ýmis fatnaður, snjóbretti og snjóbrettaskór.

Konan er ákærð fyrir að hafa tekið þátt í ráninu og farið með Ívari Aroni í hraðbanka Kaupþings í Hafnarfirði, þar sem þau tóku út þúsund krónur með greiðslukorti sem þau höfðu rænt frá manninum.

Tryggingamiðstöðin krefur hin ákærðu um bætur upp á ríflega 1,1 milljón króna. - jss, sh




**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Ákæran á hendur fólkinu var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Voru hluti af hinu alræmda Árnesgengi

Sigurbjörn Adam Baldvinsson, fæddur árið 1985, og Ívar Aron Hill Ævarsson, fæddur 1986, eiga báðir langan afbrotaferil að baki. Sigurbjörn hefur hlotið rúmlega tíu refsidóma frá árinu 2003 og verið dæmdur samanlagt í ríflega fimm ára fangelsi. Ívar hefur hlotið tæpan tug dóma frá árinu 2007 og nemur fangelsisrefsing hans í heild á fjórða ár.

Báðir komust þeir í fréttir vorið 2007 sem hluti af stórum hópi ungmenna sem sættu ákæru fyrir að hafa farið ránshendi um landið sumarið áður og voru loks handtekin eftir innbrot í félagsheimilið Árnes í Gnúpverjahreppi í september. Hópurinn var síðan kenndur við félagsheimilið og gekk undir heitinu Árnesgengið. Á ferðalagi sínu hafði fólkið meðal annars lagt eld að sumarbústað og flúið úr fangelsinu á Akureyri. Ákæran á hendur hópnum var í 70 liðum.






**HÆSTIRÉTTUR** Fjölskylda og aðstandendur Hannesar Þórs fjölmenntu í Hæstarétt í gærmorgun þar sem aðalmeðferð í málinu fór fram.

Aðalmeðferð í manndrápsmáli fór fram í Hæstarétti:

# Gunnar Rúnar mætti ekki fyrir dóm í gær

**DÓMSMÁL** Gunnar Rúnar Sigurþórsson mætti ekki fyrir dóm þegar málflutningur í máli hans fór fram í Hæstarétti í gær.

Ákæruvaldið gerir kröfu í málinu um að Gunnar Rúnar verði metinn sakhæfur og hann verði dæmdur eftir hegningarlögum. Til vara er þess krafist að Hæstiréttur staðfesti úrskurð Héraðsdóms Reykjaness um að Gunnar Rúnar sé ósakhæfur og verði vistaður á þar til bærri stofnun.

Gunnar Rúnar hefur verið vistaður á réttargeðdeildinni á Sogni undanfarna mánuði, en hann var fundinn sekur um að hafa banað Hannesi Þór Helgasyni í Hafnarfirði í ágúst á síðasta ári. - jss

ROUGE
COCO
*shine*



# CHANEL

## ÓMÓTSTÆÐILEG LÖNGUN Í LÉTTLEIKA

Litir fyrir hvert tækifæri.

Nýju varalitirnir frá CHANEL eru fáanlegir í 18 ferskum litum, ROUGE COCO SHINE dregur fram hverja tilfinningu og gefur brosinu birtu.

Kynnið ykkur allt það nýjasta frá CHANEL dagana 29. september - 5. október
í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Holtagörðum og Garðabæ.
Þegar keyptar eru tvær vörur eða fleiri úr CHANEL línunni fylgir glæsileg CHANEL snyrtitaska.*

*Meðan birgðir endast

makeup.chanel.com

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# TILBOÐSDAGAR
# 25 - 50% STGR.AFSLÁTTUR

GALLERY GÓLF
PARKET • FLÍSAR



25-50% stgr.afsl. af flísum



25% stgr. afsl. af parketi



25% stgr. afsl. af parketi



25-50% stgr.afsl. af flísum

HEIMA HÚSIÐ

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Ondrego mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET • FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 562 4242 www.heimahusid.is

# ÚTSALA 2. HÆÐ
## 30 -50% AFSLÁTTUR

**50% afsláttur af NOW 14 línunni frá Hülsta**



NOW 14 borðstofuborð 90 x 210 (2x 50) cm
Verð áður 399.500,- nú 199.750,-

now!



NOW 14 skápur 70 x 42 x 155 cm
Verð áður 199.000,- nú 99.500,-

now!



NOW 14 TV skenkur m/gleri 210 x 52 cm
Verð áður 227.000,- nú 113.500,-

now!



FAR G3019 3ja sæta relaxsófi í leðri. Litir; svart og ljóst
Verð áður 695.000,- nú 417.000,- (40% afsl.)



NOW 14 skápur 210 x 42 x 80 cm
Verð áður 398.00,- nú 199.000,-

now!



NOW 14 Sófaborð m/glerhlíf 120 x 70 cm
Verð áður 113.000,- nú 56.500,-

now!

**20% stgr.afsláttur af öllum húsgögnum og gjafavöru á 1. hæð**

HEIMA HÚSIÐ

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET • FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# neytendur
*hagur heimilanna*

**329 KRÓNUR** kostaði 50 sentilítra dós af Egils gull bjór í vínbúðum ÁTVR í ágúst síðastliðnum. Á sama tíma árið 2008 kostaði sama vara 219 krónur, og hefur því hækkað um 50 prósent á þremur árum.

## GÓÐ HÚSRÁÐ mylgublettir

*Súrmjólk eyðir myglunni*



Ef myglublettur er á fatnaði er ráð að bera súrmjólk á blettinn og láta liggja í nokkrar klukkustundir. Skolið svo vel og þvoið með sápu, t.d. grænsápu.

HEIMILD: LEIÐBEININGASTÖÐ HEIMILANNA

**Könnun**

## Verðmerkingar í ólagi hjá 43% fyrirtækja á Suðurlandi



Af 121 fyrirtæki á Suðurlandi sem Neytendastofa heimsótti 9. til 23. ágúst reyndust verðmerkingar vera í ólagi hjá 43 prósentum. Farið var í matvöruverslanir, sérvöruverslanir, hárgreiðslustofur, bílaverkstæði, bakarí, bensínstöðvar, veitingastaði o.fl. Á vefsíðu Neytendastofu segir að fyrrnefnd fyrirtæki hafi verið á Selfossi, Stokkseyri, Eyrarbakka, í Þorlákshöfn og Hveragerði. Þegar Neytendastofa heimsótti fyrirtækin aftur höfðu níu fyrirtæki ekki bætt verðmerkingar sínar, sjö á Selfossi, eitt á Eyrarbakka og eitt í Þorlákshöfn. Ef þurfa þykir verða teknar ákvarðanir um viðurlög, að því er segir á vef Neytendastofu.

**NEYTANDINN: BALDVIN SAMÚELSSON VEITINGAMAÐUR**

## Fékk aldrei heitt brauð

„Það er ekki erfitt að velja verstu kaupin. Við keyptum brauðvél í Elko, ég held að hún hafi verið notuð einu sinni og síðan hefur hún legið niðri í geymslu," segir Baldvin Samúelsson, tryggingaráðgjafi og eigandi veitingastaðarins Búddabars, sem skaust upp á stjörnuhimininn á öndverðum fyrsta áratug þessarar aldar í sjónvarpsþáttunum Rugl.is á PoppTíví.

„Þetta var fokdýr vél, kostaði þrjátíu þúsund kall eða eitthvað. Þetta var dýrasta brauð sem ég hef keypt á ævinni," segir Baldvin um brauðvélina. Ástæðan fyrir því að vélin hafi verið svo vannýtt sé þó ekki að brauðið hafi verið svona vont. „Fyrir það fyrsta held ég að maður þurfi að kunna að baka brauð áður en maður kaupir svona. Ég hélt að þetta væri rosalega einfalt, ætlaði alltaf að vakna með heitt brauð á morgnana en svo dagaði þetta bara uppi og ég fékk aldrei heitt brauð."



Spurningin um bestu kaupin vefst meira fyrir Baldvin því af nógu sé að taka. „Maður er auðvitað búinn að versla frá sér allt vit í gegnum tíðina," segir hann. Tvennt komi þó upp í hugann. „Ein bestu kaupin mundi ég halda að væri Latitude-tölva sem ég keypti af EJS fyrir sex árum. Hún er enn sami vinnujálkurinn."

Og græjurnar eru Baldvini ofarlega í huga. „Fyrir mörgum árum keypti ég Tivoli-hljómflutningstæki, það eru einu mestu snilldarkaup sem ég hef gert. Það er bara eins og að vera með skemmtistað inni í stofu."



**VIÐSKIPTAVINIR KVARTA** Hinn 1. nóvember næstkomandi bætist enn við aukagjöldin hjá Ryanair. Þá kostar það um 1.100 krónur að bóka farseðil aðra leiðina sé eigið kort flugfélagsins ekki notað.

# ESB skoðar aukagjöld lágfargjaldaflugfélaga

**Uppgefið verð á farseðlum sumra lágfargjaldaflugfélaga hækkar ört eftir því sem menn fikra sig lengra áfram í pöntunum. Greiða þarf aukagjald fyrir að taka með sér ferðatösku og einnig sérstakt gjald fyrir að greiða með krítarkorti svo dæmi séu tekin. Vegna kvartana viðskiptavina ætlar framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að skoða þessa viðskiptahætti.**

Innan Evrópusambandsins, ESB, hafa menn áhyggjur af því að flugfélögin skuli hlunnfara farþegana með því að lokka þá inn á heimasíður sínar með lágu verði sem reynist svo ekki rétta verðið þegar kemur að greiðslu. Viðskiptavinir eigi erfitt með að sjá strax hver lokagreiðslan verður auk þess sem erfitt sé að bera saman verð flugfélaga, að því er breska blaðið The Guardian hefur eftir Siim Kallas, samgöngumálastjóra ESB. Samkvæmt núgildandi lögum þykir lítið hægt að gera og þess vegna hefur verið skipuð nefnd sem ljúka á rannsókn á málinu nú í haust. Ekki er að vænta mögulegrar lagabreytingar fyrr en á næsta ári. Samkvæmt tilskipun ESB frá 2008 er þó öllum evrópskum flugfélögum skylt að gefa alltaf upp endanlegt verð í auglýsingum.

**60%** Flest aukagjöld þurfa viðskiptavinir lágfargjaldaflugfélagsins Ryanair að greiða og eru dæmi um að með aukagjöldunum hækki fyrsta uppgefna verð um allt að 60 prósent.

Flest aukagjöld þurfa viðskiptavinir lágfargjaldaflugfélagsins Ryanair að greiða og eru dæmi um að með aukagjöldunum hækki fyrsta uppgefna verð um allt að 60 prósent. Flugfélögin Norwegian og Germanwings eru sögð koma fast á hæla Ryanair.

Viðskiptavinir Ryanair geta til dæmis greitt aukagjald fyrir að komast fyrr að þegar hleypt er inn í flugvélarnar en þurfa samt sem áður að hlaupa inn í vélina til þess að fá gott sæti.

Frá og með 1. nóvember næstkomandi bætist enn við gjöldin hjá Ryanair. Þá kostar það sex pund eða um 1.100 krónur að bóka farseðil aðra leiðina og tvöfalda þá upphæð fyrir að bóka flugferð fram og til baka noti viðskiptavinurinn ekki eigið greiðslukort Ryanair.

Kortið nefnist Ryanair Cash Passport og er frábrugðið öðrum greiðslukortum að því leyti að peningar þurfa að vera inni á því til þess að hægt sé að nota það.





# SKÓ-DAGAR ELLINGSEN

Gönguskór, kuldaskór, götuskór, sandalar, inniskór, gúmmískór og stígvél á alla fjölskylduna á frábæru verði.



**CONWAY** GÖNGUSKÓR
Stærðir 36–47
**12.792 KR.**
FULLT VERÐ 15.990 KR.



**VIKING** SUMMIT GÖNGUSKÓR
Stærðir 36–47
**19.592 KR.**
FULLT VERÐ 24.490 KR.



**VIKING** GENESIS GÖNGUSKÓR
Stærðir 36–47
**23.992 KR.**
FULLT VERÐ 29.990 KR.



**SOREL** CARIBOU KULDASKÓR
Stærðir 35–46
**20.792 KR.**
FULLT VERÐ 25.990 KR.



**SOREL** TIVOLI KULDASKÓR
Stærðir 37–42
**23.992 KR.**
FULLT VERÐ 29.990 KR.



**SOREL** PUTNAM KULDASKÓR
Stærðir 42–46
**27.992 KR.**
FULLT VERÐ 34.990 KR.



**CONWAY** KULDASKÓR
Vatnsheldir, einnig til í svörtu
Stærðir 25–35
**5.439 KR.**
FULLT VERÐ 6.799 KR.



**COLUMBIA** ROPE TOW KULDASKÓR
Vatnsheldir, fleiri litir
Stærðir 32–39
**11.192 KR.**
FULLT VERÐ 13.990 KR.



**THERMO** KULDASTÍGVÉL
Loðfóðruð, fleiri litir
Stærðir 21–35
**6.600 KR.**
FULLT VERÐ 8.250 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 112343

# SKOTVEIÐIMENN NORÐURLANDI!

## VEIÐIHORNIÐ KEMUR NORÐUR



Haglabyssur frá Beretta, Stoeger og Escort. Haglaskot frá Rio. Gervigæsir, gallar og byssuskápar á sölusýningu. Veiðibúð allra landsmanna á netinu Veidimadurinn.is og Veiðihornið.

NFIdesign.com

**Hólabraut 13 - Akureyri**
**Laugardagurinn 1. október**
**10:00 til 17:00**







**4,81 PRÓSENT** er hækkun á gengi hlutabréfa Össurar í Kauphöllinni í gær. Gengið endaði í 196 krónum á hlut. Hlutabréf fyrirtækisins eru skráð á markað hér og í Kaupmannahöfn.

# Áhrif kjarasamninga ýta enn verðbólgu upp á við

**Verðbólga hefur ekki verið meiri í rúmt ár. Sérfræðingar telja að toppi sé náð. Forstöðumaður greiningar Íslandsbanka telur vaxtahækkunum lokið í bili. Sérfræðingi hjá Arion banka finst ótrúlegt hvað kjötverð hefur hækkað mikið.**

„Gríðarlegar verðhækkanir á kjöti stinga í stúf. Þær eru meiri en við áttum von á,“ segir Þorbjörn Atli Sveinsson, sérfræðingur á greiningu Arion banka. Hann bendir á að þótt áhrifa kjarasamninga gæti enn til hækkunar í hagkerfinu séu aðrir liðir í þeim verðbólgutölum sem Hagstofan birti í gær í takt við spár.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,63 prósent á milli mánaða og merkir það að verðbólga mælist nú 5,7 prósent samanborið við 5,0 prósent í ágúst. Hún hefur ekki verið hærri síðan í júní í fyrra. Á þeim tíma dró hratt úr verðbólgu, sem náði hæstu hæðum í janúar 2009.

Af einstökum liðum skýrir verðhækkun á matvöru að mestu aukna verðbólgu. Eins og Þorbjörn bendir á vegur hærra verð á innlendri kjötvöru þar þyngst. Þá ýta útsölulok í júlí, verðhækkun fyrir tómstundir og hækkun á fasteignaverði verðbólgunni upp.

Þorbjörn telur að draga muni úr verðbólgu fram að áramótum og verði hún komin niður í 5,2 prósent í lok árs. Hann telur ósennilegt að innflytjendur muni hækka vöruverð og verðbólga þrýstast upp af þeim sökum að því gefnu að gengi krónunnar muni ekki veikjast. Forvitnilegt verði að sjá hvort verðhækkanir á kjöti hafi áfram áhrif.

Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka, telur sömuleiðis að verðbólga hafi náð hápunkti og draga muni úr henni.

„Það var viðbúið að verðbólga myndi aukast enda er hún að mestu afleiðing af launahækkunum sem var viðbúið að myndu hafa áhrif fyrsta árið. En þetta er toppurinn á verðbólgukúfinum,“ segir hann og bendir á að fram undan sé hægari hagvöxtur á heimsvísu og lægra hrávöruverð. Það muni hafa áhrif hér og valda því að verðbólga verði undir heldur svartsýnni spá Seðlabankans sem hljóðar upp á 6,8 prósent á fyrsta fjórðungi næsta árs.

„Það er ein af ástæðum þess að við spáðum því að Seðlabankinn myndi ekki hækka stýrivexti frekar í bili,“ segir Ingólfur.

jonab@frettabladid.is

## Verðbólguþróun síðastliðin fjögur ár




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

## Svigrúm til að lækka bensínverð?



Greiningardeild Arion banka bendir á að innkaupaverð á 95 oktana bensíni á markaði í Rotterdam hafi lækkað um tuttugu prósent frá í byrjun maí. Það jafngildir sextán krónum. Á sama tíma hafi verðið aðeins lækkað um fjórar krónur hér á landi. Deildin dregur þá ályktun að þegar nýjar birgðir af bensíni skili sér til landsins skapist ráðrúm til að lækka verð um fimm til tíu krónur að því gefnu að álagning olíufélaganna verði svipuð í krónum talið. Lækki bensínverðið megi gera ráð fyrir að frekar dragi úr verðbólgu.



ÞORBJÖRN ATLI SVEINSSON



INGÓLFUR BENDER

# Amazon sviptir hulu af nýrri spjaldtölvu

Bandaríski netverslunarrisinn Amazon kynnti til sögunnar í gær nýja kynslóð Kindle-spjaldtölvu sem fyrirhugað er að setja á markað um miðjan nóvember.

Jeff Bezos, stofnandi og forstjóri Amazon, sagði á kynningu í Seattle í gær tölvuna eina raunverulega keppinaut iPad-spjaldtölvunnar frá Apple.

Nýja Kindle-tölvan mun kosta 199 Bandaríkjadali, líklega um 23 til rúmlega fjörutíu þúsund íslenskra króna hingað komin, að teknu tilliti til virðisaukaskatts og annarra gjalda.

Tölvan nefnist Kindle Fire. Hún er með snertiskjá og keyrir á Android-stýrikerfi í stað Linux-stýrikerfis sem knúið hefur eldri gerðir.

Notendur geta notað tölvuna til að lesa bækur og tímarit með sama hætti og á öðrum Kindle-lestölvum frá Amazon. Nú er búið að bæta við möguleikanum á að streyma kvikmyndum og sjónvarpsefni í gegnum tölvuna auk þess að spila tónlist. Tölvan er með tengingu fyrir staðarnet (WiFi) en ekki stuðning við 3G-gagnaflutningsnet. Þá er hún ekki með myndavél og hljóðnema líkt og nokkrar þeirra spjaldtölva sem til eru. - jab



**STOLTUR FORSTJÓRI** Jeff Bezos segir nýjustu tölvu fyrirtækisins þá einu sem geti skákað iPad-tölvu Apple.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Leiðrétting

Fjárfestarnir Jón Scheving Thorsteinsson og Magnús Ármann eru ekki hluthafar í Vefpressunni eins og fram kom í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins um viðskipti, í gær. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Í ársreikningi Vefpressunnar, sem á vefmiðlana Eyjan, Pressan, Menn.is, Bleikt.is, og netverslanir, kemur fram að félögin AB 10 ehf. og AB 11 ehf. hafi tekið þátt í hlutafjáraukningu félagsins á síðasta ári. JST Holding og Imon hétu áður AB 10 og AB 11.

Hið rétta er að félögin heita AB10 og AB11 (án stafabila). Félagið AB10 stofnuðu þeir Björn Ingi Hrafnsson, stjórnarformaður og stofnandi Vefpressunnar, og Arnar Ægisson, framkvæmdastjóri Vefpressunnar. Þeir eru báðir prókúruhafar félagsins en Arnar framkvæmdastjóri AB10.

Björn Ingi stofnaði félagið AB11. Hann er prókúruhafi félagsins og framkvæmdastjóri.

Félögin AB10 og AB11 eiga samtals 24,5 prósenta hlut í Vefpressunni. Saman eiga þeir Björn og Arnar því 56,85 prósenta hlut í félaginu, bæði í eigin nafni og nafni félaganna.

# ÍSLENSKIR DAGAR

## Hágæða íslensk heilsurúm.

## Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm

Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!



**Allt að 12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing!**

# 20-50% AFSLÁTTUR

**Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FIMMTUDAGUR OPNUM KLUKKAN ELLEFU



HUNDA-NAGBEIN 13 SM.
2 STK 259 KR.




HUNDANAG
298 KR.



HUNDA-NAGSTYKKI 24 SM.
359 KR.



HUNDA-NAGBEIN 21 SM.
259 KR.




HUNDANAG
198 KR.

## ICEPET HUNDAFÓÐUR




HUNDAFÓÐUR 12 KG. POKI 3598 KR.
HUNDAFÓÐUR 2 KG. POKI 898 KR.
HVOLPAFÓÐUR 5 KG. POKI 1998 KR.

## ICEPET KATTAFÓÐUR




KATTAFÓÐUR 7 KG.
2798 KR.

KATTAFÓÐUR 2 KG.
998 KR.




BÓNUS
BRAUÐSKINKA 237 GR




BÓNUS
PEPPERONI 153 GR




BÓNUS FERSKT PIZZADEIG 400 GRÖMM
VENJULEGT EÐA SPELTI




MYLLU HEIMILISBRAUÐ 1 KG.

30% MEIRA MAGN
SAMA VERÐ




BÓNUS SÚKKULAÐITERTA
3 hæða 1 kg




BÓNUS MARGNOTA
BURÐARPOKINN !
**195 KR. STK**







BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FIMMTUDAGUR OPNUM KLUKKAN ELLEFU



**FERSKT ALI GRÍSAHAKK**



ALI **FERSKUR GRÍSAHNAKKI**



ALI **FERSKUR GRÍSABÓGUR**



**BÓNUS FERSK KJÚKLINGALÆRI**



**BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR**



**BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR**



ÍSLANDSNAUT FERSKT **100%** ÍSLENSKT UNGNAUTAGÚLLAS



**BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR**



ÍSLANDSNAUT FERSKT **100%** ÍSLENSKT UNGNAUTASNITSEL

## FROSIÐ LAMBAKJÖT *HAUSTSLÁTRUN 2011*



**KS FROSIÐ LAMBALÆRI**



**KS FROSIÐ LAMBAFILLET**

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Það sem vantaði upp á Efnahags- og myntbandalag Evrópu:

## Strangari agi og stærri sjóðir

Þegar aðildarríki Evrópusambandsins ráku smiðshöggið á Efnahags- og myntbandalag Evrópu um aldamótin urðu ýmsir til að gagnrýna að þrátt fyrir að myntbandalagið væri í höfn með upptöku evrunnar vantaði mikið upp á efnahagsbandalagið. Ekki væru til neinir sjóðir til að aðstoða aðildarríki sem lentu í efnahagsvanda og engin raunveruleg sameiginleg efnahags- og ríkisfjármálastefna. Reglurnar sem áttu að tryggja að aðildarríkin héldu sig innan skilyrða Maastricht-sáttmálans um fjárlagahalla og skuldasöfnun ríkissjóðs væru sömuleiðis of veikar.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Fyrir þessu voru pólitískar ástæður. Ráðamönnum í ESB-ríkjunum var meira í mun að selja almenningi kosti evrunnar; stöðugleika, þægindi, sparnað, aukna samkeppni, lægri vexti og meiri samkeppnishæfni atvinnulífsins; en að útskýra fyrir þeim að stundum þyrftu vel rekin ríki að hjálpa þeim illa reknu eða að nauðsynlegt yrði að samræma ákvarðanir í efnahags- og fjármálum. Sumir vildu þeir sjálfsagt ekki of harðan aga í ríkisfjármálum til að geta haldið áfram að kaupa sér vinsældir.

Á meðan vel gekk í efnahagslífi evrusvæðisins voru heldur ekki mikið fleiri en fáeinir hagfræðingar að velta því fyrir sér hvað þyrfti að koma til ef raunveruleg kreppa riði yfir meginlandið. Nú hefur fjármála- og skuldakreppa á heimsvísu knúið ríki Evrópusambandsins til að ræða í alvöru hvaða ákvarðanir þurfi að taka til að fullgera Efnahags- og myntbandalagið. Vegna mikilvægis evrusvæðisins í heimshagkerfinu eru aðildarríkin nú undir gríðarlegum þrýstingi, meðal annars frá bandarískum stjórnvöldum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, um að bregðast skjótt við og koma sér upp nauðsynlegum tækjum til að taka á kreppunni.

Forystumenn Evrópusambandsins eru byrjaðir að átta sig. José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnarinnar, sagði í ræðu sinni á Evrópuþinginu í gær að það hefði verið tálsýn að halda að hægt væri að hafa sameiginlegan gjaldmiðil og sameiginlegan innri markað á meðan hvert ríki færi sínu fram í efnahags- og ríkisfjármálum. Það er rétt. Tilhneiging stjórnmálamanna til að kaupa sér vinsældir og atkvæði með því að eyða um efni fram og safna skuldum er alþjóðlegt vandamál og krefst alþjóðlegra lausna.

Harðari ríkisfjármálareglur, sem Evrópuþingið samþykkti í gær, eru skref í áttina. ESB kemst varla hjá því heldur að stækka verulega nýlega stofnaðan neyðarsjóð eða gera honum kleift að fá lán í Seðlabanka Evrópu til að endurfjármagna banka og verja illa stödd aðildarríki greiðslufalli.

Það er ekki víst að pólitískur vilji sé í öllum ríkjum ESB til að ljúka þessu verki. Það getur endað illa, með þeim afleiðingum að kreppa Evrópu snardýpki og efnahagslíf alls heimsins taki enn krappari dýfu. En takist að ná tökum á vanda evrusvæðisins og innleiða nauðsynlegan aga við hagstjórnina verður Evrópusambandið áfram góður kostur fyrir ríki sem sækjast eftir stöðugleika.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Hefur þú prófað ZUMBA?**

Dansaðu þig í form með einföldum sporum, skemmtilegri tónlist og góðum félagsskap

**Zumba fyrir byrjendur**
Þri og fim kl. 18.30

**Zumba fyrir lengra komna**
Þri og fim 17.30

Hefst 3. október - Fjórar vikur
Verð kr. 11.900 eða 7.900
í áskrift (3 mán binditími)




HEILSUBORG
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is

Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Rétt athugað

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri er ekki par sáttur við þá niðurstöðu Ríkisendurskoðunar að sjálf lögreglan hafi gerst sek um lögbrot með viðskiptum við venslafólk sitt og svarar ásökunum fullum hálsi. Haraldur, sem er glöggur maður, segir meðal annars í viðtali við mbl.is: „Þetta er í mínum huga einhvers konar eftir á mat.“ Þetta er hárrétt athugað hjá Haraldi, en kannski ekki frágangssök hjá ríkisendurskoðanda. Hann hefur enda lítið hlutverk annað en að meta hluti eftir á.



### Ráðherrarnir þrír

Haraldur furðar sig líka á því að dómsmálaráðherrarnir sem heimiluðu öll viðskiptin hafi ekki hlotið ákúrur frá Ríkisendurskoðun. Það sé „afar athyglisvert, svo ekki sé meira sagt“. Þar er skotið í allar áttir, því ráðherrarnir á þessu tímabili hafa verið þrír: Björn Bjarnason, Ragna Árnadóttir og Ögmundur Jónasson. Þeir hljóta allir að þurfa að svara fyrir sig.

### Björn og ofstækið

Einn þeirra hefur þegar lagt orð í belg. Björn Bjarnason skrifar pistil á Evrópuvaktina þar sem hann baunar duglega á Svein Arason ríkisendurskoðanda. „Þegar lögreglumenn leitast við að styrkja stöðu sína gagnvart viðsemjanda sínum, fjármálaráðherra, geysist ríkisendurskoðandi fram á völlinn og vegur að embætti ríkislögreglustjóra og sakar um lögbrot í fréttum ljósvakamiðlanna.“ Ríkisendurskoðandi hafi ekki umboð til að fella dóma um hvort lögbrot hafi verið framin og ástæða sé til að kanna hvort hann hafi ekki þar með sjálfur framið lögbrot. Í sama pistli sakar hann Jóhönnu Sigurðardóttur um ofstæki í garð þeirra sem andmæli henni – með því vegi hún að innviðum stjórnkerfisins.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Atvinnupólitík Samtaka atvinnulífsins

Atvinnumál

Vilmundur Jósefsson

formaður SA



Í Fréttablaðinu í gær sakar Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra mig um að hafa farið með ósannindi á fundi SA um atvinnumál í Hörpu á mánudaginn.

Ekki vil ég sitja undir því, en á fundinum lýsti ég hvernig ríkisstjórnin hefur ítrekað hvorki getað né viljað standa við eigin yfirlýsingar, meðal annars um málefni iðnaðarráðherra.

Í stöðugleikasáttmálanum í júní 2009 lofaði ríkisstjórnin að greiða götu framkvæmda sem þegar voru í þjóðhagsáætlun, hraða undirbúningi ýmissa verkefna og ljúka viðræðum við lífeyrissjóði um fjármögnun stórra verkefna. Í október sama ár var þessi vilji ítrekaður. Í kjölfarið sögðu SA og ASÍ sig frá sáttmálanum vegna vanefnda ríkisstjórnarinnar.

Í yfirlýsingu í tengslum við kjarasamningana síðastliðið vor lofaði ríkisstjórnin enn sömu atriðum. Þar segir meðal annars að það sé markmið stjórnvalda að fjárfesting verði ekki minni en 350 ma.kr. á ári í lok samningstímans en hún var 200 ma.kr. 2010. Gera átti hagvaxtar- og fjárfestingaráætlun í maí síðastliðnum. Heitið var að greiða fyrir aukinni fjárfestingu sem víðast og einkanlega þeim sem auka útflutningstekjur. Auka þyrfti hagvöxt umfram horfur til að markmið um minna atvinnuleysi næðust.

Þessi áform hafa að litlu orðið. Áætlunin hefur ekki verið lögð fram. Fyrirheitin eru góð en efndirnar litlar. Ályktunin sem ég dreg er að hvorki er unnt að treysta orðum né skriflegum yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar.

Vegna orða iðnaðarráðherra um að SA séu blinduð af flokkapólitík er ítrekað að SA stunda atvinnupólitík og vilja vinna með öllum stjórnmálaflokkum að því að auka fjárfestingar hér á landi, efla hagvöxt og draga úr atvinnuleysi. Hagsmunir fólks og fyrirtækja fara algerlega saman. SA vilja ekki að hér grafi um sig langtímaatvinnuleysi. SA vilja að stjórnvöld vinni með atvinnulífinu í stað þess að vera sífellt á móti, hindra, fresta og þvælast fyrir.

Ef afstaða SA í þessum efnum er andstæð stefnu Samfylkingarinnar er það miður.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Upphafið skyldi einnig skoða

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
Prófessor



Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur flutti fróðlegt erindi á aðalfundi Stjórnarskrárfélagsins í vor leið, „Tjaldað til einnar nætur á Þingvöllum 17. júní 1944“ (sjá stjornarskrarfelagid.is). Þar spurði hann: Hvers vegna hófst endurskoðun stjórnarskrárinnar jafnvel áður en hún gekk í gildi í slagviðrinu á Þingvöllum 17. júní 1944? Gefum Guðna orðið og stiklum á stóru.

Lýðveldisstjórnarskránni svipaði til fyrri stjórnarskráa, sem gilt höfðu á Íslandi. Árið 1849 var lögtekin stjórnarskrá í Danmörku eftir afnám einveldis. Hún gilti fyrir allt ríkið, en á Íslandi var hafin sjálfstæðisvakning, og 1874 kom Kristján konungur níundi til Íslands og færði þjóðinni sérstaka stjórnarskrá, sem var að mestu byggð á hinni eldri frá 1849, en þó með sérákvæðum um Ísland. Alþingi fékk löggjafarvald í þeim málum, sem aðeins vörðuðu Íslendinga, en þingið mátti þola neitunarvald konungs. Ísland fékk heimastjórn 1904 og fullveldi 1918, en hélt þó áfram konungssambandi við Danmörku í aldarfjórðung, eða til 1943, semdist ekki um annað. Ný stjórnarskrá 1920 bar sterkan keim af því.

Þegar styrjöld brauzt út í Evrópu 1939, var hafizt handa við gerð nýrrar stjórnarskrár fyrir Ísland fyrir luktum dyrum, að frumkvæði Sveins Björnssonar, sendiherra í Kaupmannahöfn, og Hermanns Jónassonar forsætisráðherra í þjóðstjórninni, samstjórn Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Til verksins fengu þeir þrjá hæstaréttardómara auk Bjarna Benediktssonar lagaprófessors. Fjórmenningarnir máttu aðeins leggja til „þær breytingar á stjórnarskránni, sem leiðir af niðurfalli dansk-íslenzkra sambandslaga og af því, að forseti kemur í stað konungs“. Alþingi ákvað, að óheimilt væri að gera „nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær sem beinlínis leiðir af sambandsslitum við Danmörku og því að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins“. Í apríl 1943 lagði stjórnarskrárnefnd fram frumvarp að nýrri stjórnarskrá, og var það nær óbreytt frá þeim drögum, sem Bjarni Benediktsson og hæstaréttardómararnir þrír höfðu samið þrem árum áður.

Bjarni Benediktsson birti grein í Andvara 1940 um tvær færar leiðir við gerð nýrrar stjórnarskrár: „Annað hvort að gera einungis þær breytingar frá núverandi ástandi sem óhjákvæmilegar verða vegna brottfalls sambandslaganna og annars fyrirkomulags á meðferð hins æðsta valds og hafa það þó sem líkast því er var meðan konungur fór með það, og að öðru leyti einungis nauðsynlegar formbreytingar eða leiðréttingar. Eða að taka stjórnarskrána til gagngerðrar endurskoðunar, einnig þau atriði sem ágreiningur er um og mjög hæpið er að til frambúðar sé.“ Bjarni taldi, að „karlmannlegra“ væri að velja þessa seinni leið, því í stjórnarskránni væru „veigamikil atriði sem verður að telja hæpið að lengur eigi við þó að áður hafi verið réttlætanleg“. Deildaskipting Alþingis var honum ofarlega í huga, enda hafði hann birt doktorsritgerð um efnið, og einnig kjördæmaskipunin, „sá alrangi grundvöllur undir valdaskiptinguna í landinu“, sem hyglaði sveitunum og Framsóknarflokknum.

Ráðamenn þóttust vita, að í stríði varðaði miklu, að þjóðin sýndi í verki einhug sinn um stofnun lýðveldis og þessi nauðsynlega eining næðist því aðeins, að ekki yrði tekizt á um stjórnarskrá hins nýja lýðveldis. Því var ákveðið, að því yrði aðeins breytt, sem yrði að breyta. Með því yrði aðeins eitt skref stigið. Stjórnarskrárnefnd Alþingis var þess vegna ekki aðeins falið að semja frumvarp að nauðsynlegum breytingum á stjórnarskránni, heldur einnig að undirbúa „aðrar breytingar á stjórnskipulaginu“, sem gengju síðar í gildi. Um þetta verk sagði nefndin: „Má ætla að það starf verði öllu víðtækara og þurfi þar til að afla ýmissa gagna er nú liggja eigi fyrir, svo og að gaumgæfa reynslu þá er lýðræðisþjóðir heimsins óefað öðlast í þessum efnum á þeim tímum sem nú líða yfir mannkynið. Þangað til því verki yrði lokið ætti sú stjórnarskrá sem hér er lögð fram að nægja ...“ Í frumvarpi stjórnarskrárnefndar var lagt til, að Alþingi kysi forsetann, en landsmönnum líkaði það illa; fólk vildi fá að velja sér forseta eins og sósíalistar höfðu mælt fyrir innan þings.

Þingmenn féllust á, að forseti yrði þjóðkjörinn og fengi málskotsrétt, en þeir voru eftir sem áður með bráðabirgðastjórnarskrá í huga. Eysteinn Jónsson, Framsóknarflokki, sagði 17. janúar 1944: „Við megum ekki taka upp í lög um lýðveldisstjórnarskrá annað en það sem stendur í beinu sambandi við stofnun lýðveldis í stað konungdæmis ... Síðan eigum við að vinna af kappi að því að endurskoða stjórnarskrána í heild og vinna að þeim breytingum sem gera þarf.“ Stefán Jóhann Stefánsson, Alþýðuflokki, sagði 25. febrúar 1944: „er það skoðun allrar [stjórnarskrár]nefndarinnar að vinna beri hið bráðasta að því að fram fari gagnger endurskoðun á stjórnarskránni“. Jakob Möller, Sjálfstæðisflokki, sagði 26. febrúar: „Þessi fyrirhugaða stjórnarskrá, sem hér um ræðir, er hugsuð og í rauninni yfirlýst sem hrein bráðabirgðastjórnarskrá, þ.e.a.s., jafnframt því sem hún er samþykkt er gert ráð fyrir að stjórnarskrá ríkisins í heild verði tekin til endurskoðunar á næstu árum.“

Haustið 1944 tók nýsköpunarstjórnin við völdum, samstjórn Sjálfstæðisflokks, Sósíalistaflokks og Alþýðuflokks, undir forsæti Ólafs Thors. Í stjórnarsáttmála hennar var lofað róttækum breytingum á stjórnarskránni „eigi síðar en síðari hluta næsta vetrar“. Í breyttri stjórnarskrá yrðu „ótvíræð“ ákvæði um réttindi allra til atvinnu, almannatrygginga og menntunar, „jafn kosningaréttur“ tryggður og sett „skýr fyrirmæli um verndun og eflingu lýðræðisins“. Næsta sumar var Gunnar Thoroddsen, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og lagaprófessor, skipaður framkvæmdastjóri stjórnarskrárnefndar. Nýsköpunarstjórnin splundraðist, án þess að nokkuð væri gert í stjórnarskrármálum. Árið 1947 var skipuð ný stjórnarskrárnefnd, en hún skilaði engum tillögum til breytinga, ekki frekar en aðrar nefndir með því heiti, sem síðar hafa starfað. Að vísu flutti Gunnar Thoroddsen, forsætisráðherra og formaður stjórnarskrárnefndar, frumvarp í eigin nafni um endurskoðun stjórnarskrárinnar 1983, nær fjórum áratugum eftir að það átti að gerast „síðari hluta næsta vetrar“, en frumvarp hans náði ekki fram að ganga.

Allsherjarendurskoðun stjórnarskrárinnar, sem allir sáu fyrir sér, hefur aldrei farið fram, þótt ýmsar breytingar hafi verið á henni gerðar. Til að tryggja einingu þjóðarinnar við lýðveldisstofnunina 1944 ákvað Alþingi að lögfesta lítt breytta stjórnarskrá til bráðabirgða, en endurskoða hana síðan við fyrstu hentugleika. Enda mátti ennþá sjá, að stjórnarskráin hafði að miklum hluta verið samin í danska kansellíinu, eins og Jón forseti sagði um hana á sínum tíma. Í þessu ljósi þarf að skoða frumvarp Stjórnlagaráðs til nýrrar stjórnarskrár. Frumvarpinu er ætlað ásamt öðru að efna loforð Ólafs Thors, Bjarna Benediktssonar og Gunnars Thoroddsen.



# Skattastefna eða skammtímareddingar?

Skattamál



Almar Guðmundsson
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Nú styttist í birtingu fjárlaga fyrir árið 2012. Tekjuhlið fjárlaga hefur tekið mjög miklum breytingum á síðustu þremur árum. Vissulega lá ljóst fyrir eftir bankahrun að ná þyrfti tökum á ríkisfjármálum og að auka þyrfti tekjuöflun ríkissjóðs samfara því. Á því tel ég að ríki nokkuð góður skilningur meðal einstaklinga og fyrirtækja. En það er ekki sama hvernig það er framkvæmt. Og það er ekki sama hvaða framtíðarsýn (ef einhver) er sett fram samhliða slíkum aðgerðum. Framganga stjórnvalda undanfarin misseri í skattamálum og gjaldtöku er gagnrýniverð. Það skortir alla framtíðarsýn og aðgerðir virðast einna helst miðast við að bjarga tekjum næstu 12 mánaða – stundum með léttvægri röksemdafærslu og nær alltaf er meira flækjustig leiðin sem valin er.

**Heildstæðar tillögur um breytingar og umbætur á skattkerfinu?**

Í apríl á síðasta ári skipaði fjármálaráðherra starfshóp sem fékk það verkefni „að móta og setja fram heildstæðar tillögur um breytingar og umbætur á skattkerfinu". Hópurinn átti að skila af sér tillögum fyrir lok árs 2010. Um er að ræða mjög þarft verkefni sem flestir hagsmunaaðilar sýndu mikinn áhuga. Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu í september í fyrra, sem var fyrst og fremst útfærsla á hugmyndum sem komu til framkvæmda í fjárlögum fyrir árið í ár. Undirritaður situr í svokallaðri samráðsnefnd sem vinna á samhliða starfshópnum. Sú nefnd hefur ekki komið saman í eitt ár. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu mun starfshópurinn vera enn að störfum, en það fer lítið fyrir þeirri vinnu út á við og gagnvart samráðsnefndinni. Það er auðvitað með hreinum ólíkindum að þremur árum eftir að forsendur í efnahagslífi og hagstjórn gerbreyttust skulu stjórnvöld enn ekki hafa markað sér framtíðarsýn í skattamálum. Skammtímareddingar munu því enn á ný vera lykilstefið á tekjuhlið fjárlaga fyrir árið 2012.

**Skattar og hagstjórnarmarkmið**

Stjórn ríkisfjármála er annar af lykilþáttum í hagstjórn hvers lands, ásamt peningastefnu. Rekstur og afkoma hins opinbera hafa áhrif á hagkerfið og viðgang þess. En það er ekki það eina sem skiptir máli. Skattar – ásamt vöxtum – eru líklega sá verðmælikvarði í hagkerfinu sem hefur mest áhrif á hegðun fyrirtækja og einstaklinga og því eðlilegt að skoða áhrif þeirra. Þannig hefur gífurleg hækkun tryggingagjalds launa áhrif á atvinnusköpun. Spegilmynd hærri tekna ríkissjóðs, hærri launakostnaður fyrirtækja, dregur úr hvatanum til að ráða fólk í vinnu. Hærra tryggingagjald skilar ríkinu vissulega miklum tekjum – en líka kostnaði í formi hærra atvinnuleysis en ella. Sömu sögu er að segja um hærri fjármagnstekjuskatt, breytingar á skattlagningu arðs og álagningu nýs eignarskatts (betur þekktur undir fegrunarheitinu „auðlegðarskattur"). Samhengi þessara þátta – og reyndar fleiri – gera það ekki sérlega fýsilegt að fjárfesta í atvinnustarfsemi. Það er dýr lexía í hagstjórn á tímum efnahagssamdráttar þegar skattar hvetja hvorki til fjárfestinga né til aukinnar atvinnu. Það bitnar auðvitað mest á ríkissjóði sjálfum, enda vaxa skattstofnar hægt – ef eitthvað – við þessar aðstæður. Á ýmsum sviðum er það svo áhyggjuefni að hækkandi skattar færa ýmsa starfsemi út úr hagkerfinu. Svört vinna, heimabrugg og ýmislegt annað virðist vera að skjóta upp kollinum í ríkari mæli. Það getur ekki verið skynsöm skattastefna að efla neðanjarðarhagkerfið.

**„Computer says no!"**

Skattar, tollar og gjöld eru að nokkru leyti frumskógur, sem er ekki mjög skiljanlegur almennum neytendum. Sá sem hætti við að kaupa sér brauðrist og keypti sér samlokugrill í staðinn verður að sætta sig við að kaupa grillið með 20% vörugjaldi. Brauðristin er undanþegin vörugjaldi, enda engin ástæða til að rukka fyrir lóðrétta ristun. Kúamjólk ber engin vörugjöld, en af sojamjólk greiðast 16 kr. á hvern lítra. Ipod touch lófatölva, þar sem hægt er að senda tölvupóst og vafra um netið, ber 25% vörugjald enda skilgreind sem „afspilunartæki" (með ansi mögnuðum „auka"eiginleikum). Í síðasttalda tilvikinu og fleirum er niðurstaðan sú að verslun á viðkomandi vörum færist úr landi, með tilheyrandi (beinum og óbeinum) tekjumissi fyrir ríkissjóð. Hvenær kemur ríkisstjórn eða stjórnmálamenn sem vilja einfalda kerfið, afnema vörugjöld og nota eingöngu virðisaukaskatt? Það kerfi er einfalt og allir skilja það. Það kerfi byggir ekki á ójafnræði milli einstakra vöruflokka og jafnvel milli staðkvæmdarvara. Ríkið yrði vissulega af tekjum á jaðrinum en á móti færist verslun aftur til Íslands. Kannski finnst stjórnmálamönnum allt í lagi að svarið verði áfram eins og hjá félögunum í Little Brittain: „Sorry, computer says no!".

**Einfalt kerfi – einföld framtíðarsýn**

Ég vil gera þá kröfu að skattkerfið sé sem einfaldast og skýrast gagnvart þeim sem mestra hagsmuna hafa að gæta: skattgreiðendum sjálfum. Ofangreint sýnir að það eru fjöldamargar ambögur á skattkerfinu – en á móti er ljóst að ýmsar breytingar eru vissulega vandasamar og fela í sér svör við pólitískum spurningum. Við hljótum samt að vilja að kerfið sé talið sanngjarnt og skiljanlegt. Ef það flækist fyrir okkur að móta framtíðarsýn, þá heldur flækjustig skattkerfisins áfram að aukast. Við töpum öll á því.

MIKIÐ ÚRVAL
..af notuðum fötum - allt nýtt..
HJÁLPRÆÐISHERINN
Fatabúð Hjálpræðishersins
Garðastræti 6, Reykjavík.
Opin alla virka daga
kl. 13.00 – 18.00.

# Noregur og Ísland vinna saman á norðurslóðum

Norðurslóðir



Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Jonas Gahr Støre
utanríkisráðherra Noregs

Ísland og Noregur eru sannar vinaþjóðir, norðurskautsríki með sameiginlega sögu og menningu. Löng hefð er fyrir samstarfi ríkjanna tveggja, á vettvangi norrænnar og evrópskrar samvinnu og meðal Atlantshafsríkja. Við eigum sameiginlegra hagsmuna að gæta þegar kemur að þróun mála á norðurslóðum – okkar heimaslóð. Það verður meginefnið á fundi okkar á Akureyri í dag.

Áhugi heimsins á norðurslóðum hefur stóraukist á síðustu árum. Í lok kalda stríðsins dró mjög úr hernaðarlegu mikilvægi svæðisins fyrir stórveldin og norðurslóðum var ýtt til hliðar í heimsumræðunni. Síðustu ár hafa orðið róttækar breytingar á því og ástæðurnar eru margar og ólíkar. Loftslagsbreytingar eru ein þeirra. Á norðurslóðum eru þær augljósar og afleiðingarnar gætu orðið miklar. Þess vegna er þekking á norðurheimskautinu lykill að því að skilja þessar breytingar. Á sama tíma skapa loftslagsbreytingarnar ný tækifæri: svo sem bætt aðgengi að auðlindum og nýjar siglingaleiðir.

**Sterkara Norðurskautsráð**

Samstarfið á norðurslóðum fer fram innan fjölda stofnana sem saman mynda öflugt net: Norðurskautsráðsins, þar sem norðurskautsríkin átta vinna saman, Barentsráðsins, Eystrasaltsráðsins, innan norðlægu víddar Evrópusambandsins sem Noregur, Ísland og Rússland taka þátt í, og í norrænni samvinnu. Starf Norðurskautsráðsins hefur eflst mikið á síðustu árum. Noregur og Ísland hafa unnið sameiginlega að því þróa og styrkja ráðið enn frekar sem aðalvettvang fyrir samstarf á norðurslóðum. Á ráðherrafundinum í Nuuk í maí voru teknar stefnumarkandi ákvarðanir sem munu styrkja ráðið: við undirrituðum lagalega bindandi samkomulag um leit og björgun í norðurhöfum, sammæltumst um að vinna að samkomulagi um viðbrögð við olíuvá. Þetta skiptir sköpum um að auka öryggi þeirra sem fara um norðurslóðir, mæta þeirri umhverfisvá sem aukin efnahagsumsvif kunna að hafa í för með sér. Þá náðist samkomulag um stofnun fastaskrifstofu Norðurskautráðsins í Tromsö.

Um árabil stóð það Norðurskautsráðinu fyrir þrifum hversu fáir þekktu til starfsins. Nú má segja að þessu sé öfugt farið og að ráðið þurfi nú að mæta stórauknum áhuga utan frá s.s. frá Kína, Japan, S-Kóreu, Ítalíu og Evrópusambandinu. Það sem gerist á norðurslóðum vekur áhuga víða. Þessi utanaðkomandi áhugi á norðurheimskautssvæðinu er eðlilegur og jákvæður.

Allnokkur lönd utan norðurslóða hafa óskað eftir áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu. Nokkur aðildarríkjanna hafa haft ákveðnar efasemdir um slíkt en nú hafa þau náð samkomulagi um viðmiðunarreglur fyrir nýja umsækjendur, sem er ánægjulegt. Við teljum að aukinn áhugi á ráðinu sé af hinu góða og til marks um aukið vægi þess. Mörg viðfangefni á norðurslóðum eiga sér rætur eða krefjast lausna sem ná út fyrir mörk svæðisins. Við viljum að Norðurskautsráðið verði áfram leiðandi vettvangur umræðu um norðurslóðir en mengun á svæðinu á sér oft rætur í öðrum heimshlutum og þess vegna verðum við að vinna með fleiri ríkjum til að leysa vandann.

**Prófessorsstaða á Akureyri**

Gott samstarf er á milli Noregs og Íslands um fjölmörg mál er snerta sameiginlega hagsmuni okkar á norðurslóðum. Tengslin liggja víða og á margvíslegum sviðum – á milli fagstofnana og innan fræðasamfélagsins. Í framhaldi af þeim mikilvægu ákvörðunum sem teknar voru í Nuuk höfum við einnig rætt möguleikana á því að styrkja samstarf landanna tveggja.

Við viljum efla rannsóknir á sviði norðurslóðafræða enn frekar. Í dag munum við undirrita samkomulag til þriggja ára sem stuðlar að því að íslenskir og norskir vísindamenn og nemendur geti í enn meiri mæli deilt þekkingu á sameiginlegum hugðarefnum sem skipta máli fyrir framtíðarþróun á norðurslóðum. Einn þáttur samkomulagsins felur í sér að komið verður á fót sameiginlegri gistiprófessorsstöðu í norðurslóðafræðum við Háskólann á Akureyri, sem nefnd verður eftir Friðþjófi Nansen – einum mesta heimskautakönnuði Norðmanna, fræðimanni og mannvini en í ár eru 150 ár liðin frá fæðingu hans.

Með því að standa saman að því að auka skilning á þeim breytingum sem nú eiga sér stað og afleiðingum erum við betur í stakk búin til að mæta áskorunum og nýjum tækifærum á okkar heimaslóð.

# Samræmd könnunarpróf á réttardaginn – villa nútímans

Menntamál



Ágúst Ólason
skólastjóri Varmahlíðarskóla

Það er kannski verið að bera í bakkafullan lækinn að leggja orð í belg um samræmd próf. Þeim sem hér ritar er mikið niðri fyrir á þessum haustdögum þegar ungmenni grunnskólanna í 10., 7. og 4. bekk takast á við þetta viðfangsefni. Varla eru liðnar fjórar vikur frá skólasetningu sem nemendur og starfsfólk skólanna hafa notað til að koma sér fyrir, draga fram námsefni, setja sér markmið og gera áætlanir fyrir skólastarf komandi vetrar.

Samræmd próf eru ekki ný af nálinni. Þau komu fyrst fram árið 1929 og hafa alla tíð síðan verið bitbein þeirra sem láta sig málið varða. Árið 1977 fengu samræmdu prófin á sig þá mynd, sem við sem veltumst í umræðu skólamála nútíðar, þekkjum best. Þá urðu þau nokkurskonar inngangspróf í framhaldsskólana og um leið mælitæki á námsárangur nemenda í 10. bekk. Árið 1995 var svo einnig byrjað að prófa nemendur í 4. og 7. bekk. Það gerðist svo árið 2009 að þeim var breytt í núverandi form sem felst í því að þau eru nú samræmd könnunarpróf.

Það er ekki meining þess sem hér ritar að taka sérstaka afstöðu til markmiða eða hlutverka þessara prófa. Til þess þyrfti hann of mörg orð. Hér langar ritara að velta fyrir sér tímasetningu prófanna og því af gefnu tilefni. Til útskýringar er á það bent að ritari hafði vistaskipti á síðastliðnu sumri. Þá hvarf hann frá starfi aðstoðarskólastjóra í einum af nýjustu skólum Reykjavíkur og tók við starfi skólastjóra í gamalgrónum sveitaskóla norður í Varmahlíð. Þau vistaskipti hafa haft í för með sér umtalsverðan viðhorfaþroska sem fært hefur viðkomandi á nýjan útsýnisstað í skoðun á lífi, tilveru og skólastarfi almennt.

Sú menning sem ritari lifir nú í mótar sterklega skólamenningu sveitaskólans sem og skólabrag hans. Undanfarnar vikur hér um slóðir hafa einkennst af því að nemendur hafa verið þátttakendur í þeim störfum sem nauðsynlegt er að sinna í sveitinni og eru grunnur að lífsviðurværi margra fjölskyldna. Heyskapur hefur allsstaðar farið seinna af stað eins og alþekkt er sökum óblíðrar veðráttu og flestir bændur eru á þessum dögum að ná inn Hánni. Það hefur svo orsakað þá óvenjulegu stöðu að bændur og búalið hafa þurft að hverfa frá ókláruðum heyskap inn á hálendi í göngur. Þar hefur fé og hrossum verið safnað saman og búfénaðurinn rekinn í réttir með öllu tilheyrandi.

Nemendur sveitaskólans hafa eins og aðrir nemendur mætt í skólann sinn eftirvæntingarfullir vel fyrir höfuðdag eins og til er ætlast. Um leið eru þeir fullir ábyrgðar gagnvart störfunum heima við. Þeir hafa alist upp við að leggja sitt af mörkum og margir þeirra búa yfir eftirtektarverðum áhuga á hverju því sem tekist er á við. Það er því fleira en skólinn sem skiptir þá máli og ljóst að þeir búa yfir margvíslegum sterkum hliðum sem klárlega eru þeim til framdráttar í skóla og námi. Ein þeirra er sú ríka ábyrgðartilfinning sem þeir búa yfir.

Mitt í þessu annríki öllu, göngum og réttum daga og nætur á nýliðnum dögum, kemur sending af malbikinu í Reykjavík sem inniheldur samræmd könnunarpróf. Þau skulu lögð fyrir eftir kúnstarinnar reglum eins og lög gera ráð fyrir og það á sjálfan réttardaginn. Vansælir koma nemendur gnístandi tönnum í skólann þessa morgna, sumir í fylgd foreldra, til að takast á við verkefnið sem skólanum er ætlað að framfylgja. Fullir ábyrgðar en annars hugar ganga þeir til stofu og sinna sínu. Árangurinn, sem ætlað er að vera leiðbeinandi fyrir áherslur vetrarins í námi, kemur svo með pósti daginn sem nemendur fara heim í jólafríið! Aldrei fyrr hefur ritara þessara orða orðið eins áþreifanlega ljóst hversu veruleiki malbiksins er langt frá veruleika sveitarinnar.

Nú er mál að þeir sem setja fram þessa fáránlegu tímasetningu taki sig saman í andlitinu og stuðli að því að nemendur um land allt sitji við sama borð. Að þeim sé gert kleift að takast á við þetta verkefni af heilum hug og án þess að hafa áhyggjur af því sem verulega skiptir máli í lífi þeirra, afkomu og framtíð. Það má takast á um það hvaða tími er heppilegastur til þess arna en við svo búið má ekki una. Ritari þessara orða skorar á alla þá sem lesa að leggja því lið að þessi viðhorf nái eyrum og augum þeirra sem megnugir eru að breyta.

Sú breyting mun einungis verða til þess fallin að nemendur, í sveit og borg, fái það tækifæri að leggja sig heilshugar fram. Ekki er fjarri lagi að draga megi þá ályktun að auknir möguleikar verði á betri útkomu úr samræmdum könnunarprófum en hér hefur áður sést. Það er ekki svo lítið markmið né ómerkilegt og myndi án efa gleðja ómælt þá sem að þessum nemendum standa, þ.e. foreldra, starfsfólk skóla, fræðsluyfirvöld sem og ráðamenn lands og þjóðar.

...UR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR

// LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKU...

VERÐHRUN!

# ALLIR KRAKKAR FÁ GEFINS BÓK!

# RÝMINGARSALA

## BÓKAÚTGEFENDA

**BORGARTÚNI 29**

OPIÐ **KL. 11-18 ALLA DAGA**

BARNABÆKUR VERÐ FRÁ 490,-

1.000 titlar undir 1.000 kr.

ALLT Á AÐ SELJAST!

ALLIR SEM VERSLA FÁ ÓKEYPIS BÓK!

Mikið úrval hljóðbóka!

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!



~~3.490,-~~ 1.990,-



~~2.490,-~~ 895,-



~~2.990,-~~ 1.480,-



~~5.890,-~~ 2.990,-



~~3.990,-~~ 1.590,-



~~3.490,-~~ 990,-



~~2.490,-~~ 1.790,-



~~3.990,-~~ 1.999,-



~~2.980,-~~ 750,-



~~2.450,-~~ 1.550,-



~~4.990,-~~ 1.990,-



~~3.250,-~~ 690,-

Bókafélagið Ugla · Bókaútgáfan Æskan · CRYMOGEA · Setberg · Tindur · Opna · Bókaútgáfan Hólar · Bókafélagið · ÚTKALL · Vestfirska forlagið · Háskólaútgáfan · UPPHEIMAR · HLJÓÐBÓK.IS · sögur · ORMSTUNGA · heimur · VERÖLD · SKRUDDA · Salka · Óðinsauga · Unga ástin mín · BJARTUR

# „Skynsami“ Guðni

ESB-aðild
Tryggvi Haraldsson
stjórnmála- og Evrópufræðingur



Guðni Ágústsson, fyrrum ráðherra í ríkisstjórn Íslands, skrifaði grein í Fréttablaðið þann 17. september sl. Þar talar Guðni um Evrópusambandið og vill ýmist telja lesendum trú um að fyrirbærið sé fyrirtæki, stjórnmálaflokkur eða ríki. Þar kemur hann einnig fram sem talsmaður félagsskapar sem kennir sig við hugtakið skynsemi. Í ljósi þess velti ég því fyrir mér hvar skynsemi í jafn ruglingslegum og kolröngum tilfinningaskrifum ráðherrans fyrrverandi liggi. Ég ber fulla virðingu fyrir skoðun Guðna en verð að setja spurningamerki við rangar upplýsingar hans sem eru beinlínis afvegaleiðandi fyrir fólk sem les blaðið.

Það er sorglegt að fyrrverandi ráðherra skuli koma sér fyrir í skotgröf, kasta reyksprengjum sínum og hvetja almenning á Íslandi til að mynda sér tvípóla stríðsskoðun á aðildarviðræðum Íslands að Evrópusambandinu. Það er löngu afþakkað af almenningi að ræða málin eins og Guðni gerir með löngu úreltum grýlusögum jafn mikið og það er óþarfi að ræða um sambandið sem eitthvert himnaríki. Nýjustu skoðanakannanir sýna að 2/3 hlutar þjóðarinnar vilja ljúka aðildarviðræðum. Í ljósi þess er umræða á plani Guðna Ágústssonar afþökkuð með öllu.

Guðni kallar eftir því í greininni að fá að vita samningsmarkmið Íslands en talar í sömu grein um það að hann vilji ekki fá að greiða atkvæði um aðildarsamning. Hvaða áhugi er það hjá Guðna að fá að vita samningsmarkmið um samning sem hann vill ekki sjá né taka afstöðu til? Til upplýsingar fyrir Guðna þá verða samningsmarkmið Íslands öllum kunn þegar samningur liggur fyrir. Jafnvel skynsamur fyrrverandi ráðherra ætti að sjá að í diplómatískum samningaviðræðum yrði það talin miður góð samningatækni að opinbera samningsmarkmið sín áður en gengið er að samningaborði.

> Hvaða skynsemi er það að vilja loka á þann rétt þjóðarinnar að fá að taka afstöðu til aðildarsamnings að ESB?

Ég spyr því Guðna. Hvaða skynsemi (skynsemi.is) er það að vilja loka á þann rétt þjóðarinnar að fá að taka afstöðu til aðildarsamnings að ESB? Er skynsemin fólgin í gömlum forsjárhyggjudraumum gamalla ráðherra? Er það skilgreind skynsemi að draga aðildarviðræður til baka þegar búið er að eyða miklu púðri og miklili vinnu á undanförnum misserum (bæði af hendi Íslands og ESB) í að vinna sig að samningi fyrir þjóðina til að taka afstöðu um? Fyrir gagnrýnu víðsýnu fólki er aðeins skynsemi fólgin í því að klára lýðræðislega samþykkta aðildarumsókn til enda og koma þannig fram við aðrar þjóðir líkt og við viljum láta koma fram við okkur.

Við stöndum vel á Íslandi í dag. Komið hefur verið upp hlutlausum upplýsingagáttum um aðildarumsóknina sem vert er að hvetja fólk til að kynna sér með opnum hug. Þegar samningaviðræður hefjast um mikilvæga kafla er mikilvægt að sýna þroska í umræðunni og halda öfgaskoðunum fyrir utan hana. Það eina sem mér finnst að allir ættu að sameinast um er að virða það svigrúm sem hver og einn kjósandi í landinu verður að fá til að mynda sína sjálfstæðu og upplýstu skoðun á þessu mikilvæga framtíðarmáli. Málefnið er ekki einfalt. Í því samhengi er nauðsynlegt að útiloka hamhleypur á borð við Guðna og leggjast fremur undir fávísisfeld að fyrirmynd John Rawls þar sem eftir stendur ákvörðun sem byggist á því sem best er fyrir mannlegt íslenskt samfélag en ekki „tilbúnum“ hagsmunum sem standa manni misnærri.

# Setning Alþingis fari fram í kyrrþey

Stjórnmál
Kristján Guðlaugsson
verkefnisstjóri og kennari



Nú er svo komið að eitt elsta starfandi þing mannkynssögunnar þorir ekki að ganga þá 50 metra sem eru frá dyrum Dómkirkjunnar í Reykjavík að Alþingishúsi Íslendinga. Að sögn Helga Bernódussonar, skrifstofustjóra Alþingis, hefur verið ákveðið að færa þingsetningu frá hefðbundnum tíma, eða klukkan 13.30, til klukkan tíu á laugardagsmorgni. Þetta er gert, að sögn skrifstofustjórans, í þeim tilgangi „að gefa þingmönnum og starfsmönnum færi á að komast fyrr inn í helgina“. Vafalaust bíða þeirra þreytandi kokteilboð, en kannski þurfa þeir líka að hafa fataskipti og komast í ærlegt bað eftir hina hátíðlegu þingsetningu ef fram fer sem horfir. Lögreglumenn ætla nefnilega ekki að standa heiðursvörð um athöfnina og óeirðadeildir lögreglumanna, sem gæta eiga þessa fjöreggs þjóðarinnar, hafa lýst sig afhuga slíkum starfa í ár. Það er að hluta til vegna þess að þingið hefur ekki sýnt launaþörfum þeirra áhuga, en hefur setið hjá meðan gerðardómur skammtar þeim nöturlegar ölmusur, enda að hluta til vegna almennrar óánægju meðal landsmanna með störf og starfsaðferðir þingheims.

Ekki reynir Helgi þó að gera lítið úr ótta þingheims við umbjóðendur sína, alþýðu og kjósendur þessa lands, en segir þetta um fyrirhugað mótmæli við þingsetningu í viðtali við Morgunblaðið 27. september síðastliðinn: „Ég veit að þingforseti hefur af því miklar áhyggjur, enda var það mikið slys hvernig þetta fór í fyrra.“ Hann reynir hins vegar ekki að skýra orsakir þessa „mikla slyss“, enda þótt öllum megi þær vera ljósar. Helgi hefur greinilega verið gerður út af örkinni til þess að lægja öldur almennrar óánægju og þá er fátt betra en að halda umdeildar samkomur í skjóli nætur eða haustmyrkurs.

Svo má spyrja hvers vegna setningu Alþingis stafar ógn af umbjóðendum sínum og þeirri spurningu hefði þingheimur sjálfur átt að varpa fram áður en í óefni var komið. Kannski óttast hann svarið eftir að ekki er lengur hægt að dylja hvernig helstu skjólstæðingar þingmanna, vinaklíkan innan bankanna og fjárfestingaraðalsins, hafa fengið afskrifuð öll sín kúlulán, skuldavafninga og önnur augljós lögbrot. Svarið verður þeim kannski enn ógnvænlegra þegar á það er litið að þriðjungur þjóðarinnar stendur uppi slyppur, snauður og gjaldþrota eftir góðærin sem þingheimur hyllti sem mest hér á árum áður. Þingmenn þekkja svarið vel og vita upp á sig skömmina, þess vegna sneiða þeir hjá spurningunni og gera Helga Bernódusson út af örkinni til að segja þjóðinni að þeir ætli að taka þingsetningarhelgina snemma í ár.

Sannleikurinn er svo sáraeinfaldur að enginn getur komist hjá því að sjá hann, nema hann hafi einhverja hagsmuni af lyginni. Það er vitað að Alþingi hefur gert sitt ýtrasta til að koma gjaldþrota bönkum, sparisjóðum og fjárfestingarfyrirtækjum aftur í hendur þeirra óreiðumanna sem keyrðu þá á hausinn. Bankar og fjármálastofnanir eru sjálf slagæð kapítalismans og þess vegna hafa allir aðrir hagsmunir verið látnir sitja á hakanum. Endurreisa á kapítalismann og frjálshyggjuþvættinginn líka og svo má það einu gilda hvort vinnandi fólki blæðir eða ekki. Það virðist svo sem hobbý-sósíalistinn Steingrímur J. Sigfússon hafi slíka ofurtrú á Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og bankahugsjónum hans, að hann sjái ekki að kapítalisminn er ekki bara búinn að rýja alþýðu Íslands inn að skinninu, heldur er hann kominn langt á leið með að keyra auðugustu þjóðríki hins vestræna heims ofan í forarpytt gjaldþrota, kreppu og neyðar. Þegar hann segir fyrir hönd ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur að allt gangi vel á Íslandi er hann annað hvort siðferðilega blindur eða hallur undir blákaldar lygar. Ég get bara minnt þau skötuhjúin á orð Bertolt Brecht, sem á sínum tíma ku hafa ráðlagt yfirvöldum Austur-Þýskalands að skipta einfaldlega um þjóð ef svo skyldi fara að þjóðin þráaðist við að hlýðnast ógnarstjórn þeirra.

> Það er aumlega komið fyrir þingi og þingmönnum okkar Íslendinga, þeir hafa málað sig út í horn með fáránlegum hætti.

Það er aumlega komið fyrir þingi og þingmönnum okkar Íslendinga, þeir hafa málað sig út í horn með fáránlegum hætti. Nú virðist bara tvennt vera til í stöðunni fyrir hið háa Alþingi, annað hvort að kveðja nánustu vini sína meðal útrásarvíkinga, kúlulánþega og bankastjóra til heiðursvörslu og óeirðavarna við Dómkirkjuna, eða láta setningu Alþingis fara fram í kyrrþey. Kransar, blóm og mótmæli verði þá að sjálfsögðu afþökkuð.

# Fjölmiðlar hvetja til eineltis

Samfélagsmál
Sveinn Andri Sveinsson
lögmaður



Það er ekki laust við að það örli á smá holhljóði í fjölmiðlum þessa dagana vegna hörmulegs sjálfsvígs ungs drengs í Sandgerði á dögunum og umræðu um einelti vegna þessa atviks.

Sumir íslenskir fjölmiðlar, þar sem DV trónir á toppnum og Eyjan og tengdir miðlar koma fast á hæla þess, hafa nefnilega ástundað það að leggja einstaklinga í einelti með háði og spotti og eru litlu skárri en illkvittnir krakkar á skólalóð en viðkomandi blaðamenn eiga þó að heita þroskað og fullorðið fólk. Þessir miðlar opna síðan skítaflórinn sinn fyrir smásálum með geðræna kvilla sem hafa lítið annað fyrir stafni í lífinu en ausa yfir þetta sama fólk óhróðri og svívirðingum í svokölluðum athugasemdareitum.

Því miður lesa menn þetta og smátt og smátt síast það inn hjá fólki, unglingum og börnum að það sé bara allt í lagi að fara um í hópum og draga einstaklinga sundur og saman í háði og rógi á opinberum vettvangi. Börnin fara í skólann og ástunda sama eineltið og stríðnina og Reynir Traustason á DV og Karl Th. Birgisson á eyjan.is. Það læra jú börnin sem fyrir þeim er haft.

Íslenskir blaðamenn og ritstjórar ættu að líta sér nær um leið og þeir fjalla um þá miklu sorg sem hélt innreið sína í Sandgerði eða reyna með vitrænum hætti að fjalla um einelti, því þeir eru með hinni nýju blaðamennsku, beint og óbeint, að stuðla að einelti meðal barna og unglinga.

Vissulega er einelti vandamál í skólum sem ber að stemma stigu við en ekki síður er þörf á Olweusaráætlun hjá íslenskum fjölmiðlum þar sem innleidd yrði vönduð og heiðarleg blaðamennska þar sem ritstjórarnir hætta að haga sér eins og forsprakkarnir á skólalóðinni sem velja það skólasystkini sem næst skal leggja fæð á.

# Af hverju reykleysismeðferð?

Heilbrigðismál
Ingibjörg Katrín Stefánsdóttir
hjúkrunarfræðingur



Tóbaksreykingar eru meðal stærstu heilbrigðisvandamála samtímans. Helmingur þeirra sem reykja mun deyja úr sjúkdómum sem rekja má til reykinga og þar af helmingurinn á miðjum aldri. Auk þessa munu margir þessara einstaklinga búa við skert lífsgæði verulegan hluta ævinnar. Fyrir hverja tvo sem tekst að aðstoða við að hætta að reykja er komið í veg fyrir að einn deyi fyrir aldur fram.

Ef reykingamaður hættir að reykja um þrítugt þá er talið að lífslíkur hans séu svipaðar og þess sem hefur aldrei reykt. Því er mikilvægt að taka tóbaksfíkn alvarlega og takast á við þetta heilbrigðisvandamál í samræmi við afleiðingarnar. Að hjálpa einstaklingum til að hætta að reykja er ein hagkvæmasta meðferð sem til er, bæði fyrir þjóðfélagið og reykingamanninn sjálfan.

Langflesta sem reykja langar að hætta því. Með því að nota hjálparlyf, faglega ráðgjöf og stuðning margfaldast líkur á ná tökum á fíkninni og hætta að reykja. Flestir þurfa að gera nokkrar tilraunir til að hætta áður en það tekst. Mikilvægt er að líta á það sem ferli og hverja tilraun sem skref til lærdóms í átt að algjöru reykleysi. Leiðin er mislöng og skrefin misstór hjá hverjum og einum.

Flestir þeirra sem reykja verða mjög háðir nikótíni. Nikótín er kröftugt, skjótvirkt og ávanabindandi efni sem sett er í flokk með heróíni hvað varðar fíkn. Þegar reykingum er hætt koma fram fráhvarfseinkenni hjá mörgum sem þykir erfitt að yfirstíga. En flest fráhvarfseinkennin ganga yfir á um fjórum vikum. Þau eru langsterkust fyrst og fjara svo smám saman út. Auk þess getur löngun í tóbak varað lengi þó hún dofni með tímanum. Fíknin er flókin líkamlega, félagslega og sálrænt og tengd sterkum vana. Mikilvægt er að átta sig á því að það er miserfitt fyrir einstaklinga að hætta að reykja. Einstaklingur er talinn vera með mikla líkamlega fíkn ef hann reykir á fyrsta hálftímanum eftir að hann vaknar. Þeir sem eru með mikla fíkn eru líklegri til að þurfa meiri stuðning til að hætta að reykja.

> Með því að nota hjálparlyf, faglega ráðgjöf og stuðning margfaldast líkur á að ná tökum á fíkninni og hætta að reykja.

Vegna þess hversu alvarlegt vandamál tóbaksfíkn er þurfa fjölbreytt meðferðarform og úrræði að vera í boði. Sterkt samband er milli tíma sem varið er í reykleysismeðferð og árangurs. Því meiri samskipti því betri árangur, upp að vissu marki. Meðferð byggð á persónulegum samskiptum er árangursrík. Bestur árangur næst með langtíma stuðningsmeðferð og hjálparlyfjum, auk þess að leita sér félagslegs stuðnings í daglegu lífi. Á Íslandi eru í boði mismunandi úrræði: einstaklingsmeðferð, hópnámskeið, símaráðgjöf og gagnvirk netaðstoð. Hver og einn þarf að finna leið sem hentar.

Hér á landi er nú mestur skortur á öflugri reykleysismiðstöð þar sem veitt er fjölbreytt þverfaglegmeðferð fyrir þá sem þurfa mikla aðstoð og stuðning. Þar væri einnig boðið upp á meðferð í formi innlagnar fyrir þá sem eru haldnir mikilli nikótínfíkn og eru alvarlega veikir vegna hennar og/eða reykingatengdra sjúkdóma.

## AF NETINU

### Makalaus ríkislögreglustjóri

Það stendur alveg skýrt í lögum að útboð skulu fara fram þegar kaupa á vörur fyrir ríkið fyrir hærri upphæð en fimm milljónir. En ríkislögreglustjóri telur að þessi lög gildi ekki um sig. Hann segir að „ógerlegt hefði verið að fara að ýtrustu lögum“ í málinu.

Þessi málflutningur er algjörlega makalaus. Vissulega er þetta ekki óalgengt viðhorf á Íslandi, það verður að viðurkennast. En þessi maður er ríkislögreglustjóri, for crying out loud!!

Einhvern veginn grunar mig að óbreyttir lögreglumenn eigi ansi oft eftir að heyra þetta á næstunni þegar þeir reyna að koma í veg fyrir lögbrot. „Ja, því miður, mér var bara ógerlegt að fara að ýtrustu lögum í þessu efni.“

Það verður fróðlegt, skulum við segja, að fylgjast með því hvort ríkislögreglustjóri kemst upp með þetta!

blog.eyjan.is/illugi

Illugi Jökulsson

# Láttu Draumaeldhúsið þitt verða að veruleika með HTH

Veldu réttu innréttinguna fyrir heimilið þitt.

HTH er hágæða dönsk framleiðsla og þú hefur tvo valkosti!

**1) SÉRPANTAÐ OG SAMSETT**



INNRÉTTINGAR Í
- ELDHÚS
- BAÐHERBERGI
- ÞVOTTAHÚS

SKÁPAR Í ÖLL HERBERGI

**2) LAGERVARA OG ÓSAMSETT**

Viltu að við hönnum sérstaklega fyrir þig nýju eldhús- eða bað-innréttinguna – **án greiðslu?**

Viltu fá faglegar ráðleggingar við endurnýjun innréttinga og svo **pottþétt verðtilboð?**

***Endilega komdu þá í heimsókn!***

**5 ÁRA ÁBYRGÐ Á VÖRU OG VIRKNI**

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS STAÐGREIÐSLULÁN**

**SETTU ÞAÐ SAMAN HTH**

Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 11-15

Persónuleg og góð þjónusta

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · 2. HÆÐ · REYKJAVÍK · SÍMAR 530 2819 / 530 2821 · www.hth.dk

# Háskóli Íslands 100 ára (einsemd!)

Menntamál

Birgir Guðjónsson
læknir



Háskóli Íslands er 100 ára á þessu ári. Er látið í það skína að hann muni brátt verða meðal 100 bestu háskóla í heimi en hvernig miðar?

Svarið er í síðustu könnun QS stofnunarinnar (topuniversities.com) á 2.000 háskólum sem birtist á vefsíðu mbl.is þann 6.9. og sagt var frá í Fréttablaðinu 7.9. Efst er nú Cambridge, síðan Harvard, MIT og þá Yale. Háskóli Íslands finnst ekki meðal efstu 400.

Vægi háskólastofnana fer ekki eftir hátæknibyggingum heldur vísindavinnu starfsmanna þeirra sem leitast við að fá niðurstöður rannsókna sinna birtar sem greinar í virtum ritrýndum tímaritum. Viðtökur annarra vísindamanna á niðurstöðum til nota í frekari rannsóknum og þeir skrá síðan sem tilvitnun (citation) er talinn mikilvægur mælikvarði á vægi rannsókna.

Fyrrverandi háskólarektor benti m.a. á þýðingu tilvitnana. Það hefur einnig komið vel fram á vísindaráðstefnum á vegum RANNÍS, verið notað við mat á deildum Háskólans og var vitnað til í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Háskóla Íslands árið 2005.

Yfirlit yfir vísindagreinar og tilvitnanatíðni í þær má sjá í gagnagrunninum Science Citation Index (SCI), sem nær aftur til ársins 1945. SCI var upphaflega eingöngu í bókarformi og greindi aðeins frá fyrsta höfundi en var síðar tölvuvæddur og sýnir einnig meðhöfunda en hlutur fyrsta höfundar er almennt talinn mestur.

Gagnagrunnurinn er nú aðgengilegur á netinu. Við athugun á vísindavinnu er þannig auðvelt fyrir hvern sem er að fá yfirlit yfir birtar greinar sem og tilvitnanatíðni í þær og þannig raunsæja hugmynd um vægi vísindamanns.

Við úrtakskönnun á tilvitnanatíðni í verk bandarískra læknaprófessora og höfunda kennslubókar í lyflæknisfræði fundust allt upp í 16.000 tilvitnanir í vísindaverk einstaklings en flestir voru með 1.000-1.800 tilvitnanir.

Árið 1999 birtist í Náttúrufræðingnum grein um tíðni tilvitnana í verk íslenskra vísindamanna sem fyrsta höfundar. Fundust tilvitnanir í verk 490 einstaklinga af um 600 sem var kannað. Dreifingin var frá einni upp í hæst 3.773 tilvitnanir á þeim tíma. Aðeins 29,2% vísindamanna höfðu náð meira en 100 tilvitnunum, 3,7% meira en 500 og 2,9% meira en 1.000. Eins og sjá mátti í greininni voru þekktir vísindamenn efstir.

Könnuninni hefur verið haldið lauslega áfram og nær nú til tæplega 900 einstaklinga. Dreifingin er svipuð, þ.e. 2,6% með meira en 1.000 tilvitnanir, 1,3% hærri en 1.500 og 0,8% hærri en 2.000. Þrír einstaklingar eða 0,3% hafa náð meira en 3.000 tilvitnunum, hæstur sem fyrr er Sigurður Helgason stærðfræðiprófessor við MIT með um 6.000 tilvitnanir.

Erlendir háskólar með metnað keppast um að ráða til sín hæfustu vísindamennina og oft eru settar á stofn nefndir til að leita að og semja við þá, en hvað gerir Háskóli Íslands sem ætlar sér að verða meðal 100 bestu?

Eins og fram kemur í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á HÍ árið 2005 hafa oft orðið deilur um ráðningar í mörgum deildum Háskóla Íslands. Deilt hefur verið um vinnu stöðunefnda og niðurstöður þeirra jafnvel leitt til málaferla án þess að mati stöðunefnda hafi nokkrum sinnum verið hnekkt hvorki af viðkomandi háskóladeildum né dómstólum.

Af fimm efstu íslensku vísindamönnunum sem náð hafa um 2.500-3.600 tilvitnunum og eru meðal þeirra efstu 0,6%, sóttu 3 um stöðu við Háskóla Íslands, öllum var hafnað en þeir síðan orðið prófessorar við erlenda háskóla og þekktir vísindamenn í alþjóðavettvangi. Þeir sem ráðnir voru höfðu milli 110-180 tilvitnanir. Einstaklingur sem náði aðeins um 50 tilvitnunum var ráðinn sem prófessor en annar sem náð hefur 1.200 tilvitnunum var hafnað. Sá varð prófessor við danskan háskóla.

Einstaklingur með langlægstu tilvitnanatíðni var ráðinn sem prófessor en sá með flestar allra umsækjenda eða um 100 tilvitnanir talinn óhæfur. Einstaklingur með enga tilvitnun var ráðinn í stjórnunarstöðu á háskólastofnun en umsækjendum sem náð hafa allt að 1.000 hafnað. Einn þeirra var síðar ráðinn í sams konar stöðu við fremstu stofnun á Norðurlöndum.

> Vægi háskólastofnana fer ekki eftir hátæknibyggingum heldur vísindavinnu starfsmanna þeirra sem leitast við að fá niðurstöður rannsókna sinna birtar sem greinar í virtum ritrýndum tímaritum.

Af 11 hæstu læknum hvað snertir tilvitnanatíðni hafa 7 boðið Háskóla Íslands þjónustu sína með umsóknum um stöður, þremur var hafnað. Meðaltilvitnanatíðni í vísindagreinar starfsmanna Háskóla Íslands var 4,11 samkvæmt Ríkisendurskoðun árið 2005. Einstaklingur með yfir 500 tilvitnanir í eina grein og kennslureynslu og tilboð frá einum fremsta læknaskóla í heiminum er ekki talinn nothæfur við Háskóla Íslands.

Háskóli Íslands sem ætlar sér að verða meðal 100 bestu í heiminum hefur hafnað og ekki talið nothæfa umsækjendur sem hafa numið og kennt m.a. við Karólínsku stofnunina, Háskólann í Lundi, Harvard, Yale eða Kings College. Skaðinn á slíku fyrir þjóðfélagið er ekki aðeins vannýting á hæfum starfskröftum heldur ekki síður að tengsl þeirra við erlendar menntastofnanir nýtast ekki.

Vandinn við ráðningarferli Háskóla Íslands er hlutverk og vald stöðu/dómnefnda, íslenska kunningsskaparkerfið og siðleysið. Stöðunefndirnar hafa algjört vald til að meta einstaklinga að eigin geðþótta og getað snúið alþjóðlegum viðmiðunum á haus og raðað einstaklingum og jafnvel dæmt þá óhæfa án þess að viðkomandi háskóladeildir geti breytt því. Málskotsréttur er enginn, hvorki innan Háskólans né í dómskerfinu. Við erlendar stofnanir yrði alltaf að taka rökstuddar athugasemdir til greina og dómstólaleiðir væru opnar.

Mótmæli og jafnvel málaferli hafa verið gagnslaus, hvorki Hæstiréttur, menntamálaráðuneyti né Umboðsmaður Alþingis hafa haft dómgreind, djörfung og dug til að sporna við.

Getur háskóli sem hafnar afburðamönnum og oft virðist ráða þriðja besta umsækjanda eða neðar orðið annað en þriðja flokks skóli?

Yfirlýsingar forráðamanna skólans um að verða brátt meðal 100 bestu er fáránleg blekking. Skólinn þyrfti ekki að vera í einsemd á botninum næstu 100 árin ef grundvallarreglur lýðræðis væru innleiddar svo sem málskotsréttur umsækjenda eins og gerist í siðmenntuðum löndum.

# Að velja fyrirmynd

Samfélagsmál

Guðmundur Magnússon
formaður Öryrkjabandalags Íslands



Mánudaginn 19. september birti Fréttablaðið grein sem bar fyrirsögnina: Spara má mikið fé hjá ferðaþjónustu fatlaðra. Greinin segir frá hugmyndum Framkvæmdahóps Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um að nýta hagkvæmni stærðarinnar og sameinast í útboði á ferðaþjónustu við fatlaða.

Frétt þessi hefur komið á miklu hugarróti hjá þeim er þurfa að treysta á þessa þjónustu, sem ekki var beysin fyrir, en með því að bera sig saman við Kópavog er versta fyrirmyndin sem hugsast getur tekin. Töluvert er kvartað yfir ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu en ekkert sveitarfélag fær jafn slæma útreið og Kópavogur, sem greinilega veitir verstu þjónustuna. Ekki er hægt að treysta á að bílarnir séu á þeim tíma sem óskað var eftir, auk þess sem stundum er smalað í bílana án tillits til hvert viðkomandi eru að fara. Það er greinilegt að með því að vera með lægsta tilboðið eru viðskiptavinirnir látnir líða fyrir lélega bíla og slæma þjónustu.

Það er alveg augljóst fyrir þá sem til þekkja að bæði er hægt að spara og auka við þjónustuna. Benda má á samning Reykjavíkurborgar, Blindrafélagsins og Hreyfils-Bæjarleiðir. Sambærilegan samning mætti gera fyrir þá sem geta notað minni bíla, t.d. sem geta gengið, eða að minnsta kosti staðið upp til að færa sig úr stól í bíl. Fjölmargir sem nú nota þessa þjónustu þurfa ekki þessa stóru bíla, heldur þurfa að treysta á að vera sóttir á ákveðinn stað (heimili) og fluttir þangað sem þeir eru að fara (vinnu eða skóla).

Framkvæmdahópurinn leggur til að halda sameiginlegt útboð í nóvember. Forsendurnar verða m.a. að þjónustan versni ekki og að fulltrúar hagsmunaaðila verði sáttir við þá lausn. Auk þess verði skoðað hvernig fatlaðir geti í ríkari mæli notfært sér almenningssamgöngur.

Hreyfihamlaðir hafa bent á það í mörg ár að með því að gera strætisvagnana aðgengilega öllum mætti létta á ferðaþjónustunni. Vandinn er sá að þó að komnir séu nokkrir aðgengilegir vagnar er aldrei hægt að treysta á að slíkur vagn sé á ferðinni þegar á þarf að halda. Byrja mætti með því að hafa ákveðnar leiðir aðgengilegar og fjölga

> Forsendurnar verða m.a. að þjónustan versni ekki og að fulltrúar hagsmunaaðila verði sáttir við þá lausn.

þeim síðan eftir því sem vagnaflotinn stækkaði.

Eitt er alveg ljóst. Takmörkuð þjónusta verður ekki bætt með útboði án þess að gera verulegar breytingar, ef ekki á að skerða þjónustuna sem fyrir er. Það hefur sýnt sig að þeir sem gera tilboð í þessa þjónustu eru fyrst og fremst að hugsa um ágóðann en ekki bætta þjónustu, enda ekki um sjálfboðaliðastarf að ræða. Þetta er þjónusta sem á að vera á höndum hins opinbera, ríkis eða sveitarfélaga.

Öryrkjabandalag Íslands er reiðubúið að vinna að góðum lausnum fyrir þá sem ekki geta notað almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Aftur á móti mótmælir ÖBÍ því harðlega að ráðskast sé með þjónustu við fatlað fólk án þess að ræða fyrst við hagsmunasamtök þeirra.

Ekkert um okkur án okkar!

# Hvar liggja skilin á milli sérhagsmuna og almannahagsmuna?

Sjávarútvegsmál

Páll Steingrímsson
stýrimaður



Heita má að í hvert sinn, sem einhver hefur mótmælt núverandi áformum um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu, stígi Ólína Þorvarðardóttir fram og segi þennan og hinn í sérhagsmunagæslu. Hversu marga þarf eiginlega til að mótmæla þessu frumvarpi þannig að það sé skilgreint sem almannahagsmunir í huga þingmannsins?

Í nýlegu útvarpsviðtali hafnaði Ólína því að setjast aftur að samningaborði um þetta mál. Hvers vegna skyldi það vera? Var það vegna þess að meirihluti sáttanefndarinnar svokölluðu komst að annarri niðurstöðu en hún vildi? Var lýðræðisást hennar ekki meiri en svo að hún gerði allt sem hún gat til að koma í veg fyrir að þær tillögur yrðu hafðar til hliðsjónar við gerð nýs frumvarps.

### Kolfëll á prófinu

Þrátt fyrir yfirlýsingar um annað, m.a. hennar eigin, lágu ekki fyrir neinar hagfræðilegar úttektir á afleiðingum þessa frumvarps áður en það var lagt fram. Handvalinn hagfræðingahópur sjávarútvegsráðherra fékk hins vegar það verkefni í kjölfarið. Skemmst er frá að segja að frumvarpið kolféll á því prófi.

Ólína, sem alltaf veit betur, átti að sjálfsögðu svar við þessu í umræddu útvarpsviðtali: „… þó að hagfræðingur á launum hjá LÍÚ hafi ekki fengið að komast að allri undirbúningsvinnunni þá er ekki þar með sagt að hún hafi ekki verið unnin.“ Til hvers var ráðherra þá að setja þennan sérfræðihóp saman?

### Gleymdi stuðningsmaðurinn

Þingmaðurinn fór að vanda mikinn í viðtalinu í þættinum Í bítið á Bylgjunni og vissi alltaf betur. Þegar spyrjandi hafði orð á því að leitun væri að einhverjum sem stutt hefðu frumvarpið sagði þingmaðurinn m.a.: „Það er ekki allt sem sýnist í þessari umræðu. Þau byggðarlög sem aðallega hafa mótmælt þessu … eru byggðarlög sem eru undir stjórn sjálfstæðismanna og þau hafa hærra í þessari umræðu. Það er bara þannig.“

Það verður að virða þingmanninum það til vorkunnar að hafa ekki í viðtalinu getað rifjað upp eina stuðningsmann frumvarpsins. Við sem fylgjumst með umræðunni munum eftir honum. Þetta er trillukall, sem var búinn að selja kvótann sinn fyrir drjúgan skilding og komst svo á strandveiðar og fékk nýjar veiðiheimildir gefins frá stjórnvöldum!

### Þorskveiðar smábáta úr 3% í 21% af heildarkvóta í þorski

Takmörkuð söguþekking þingmannsins á sjávarútvegi kom vel í ljós í viðtalinu. Þar kvartaði Ólína undan því að erfitt væri að stofna nýjar útgerðir og að þeir væru fáir sem það hefðu gert. Staðreyndin er sú að sett hafa verið á laggirnar nokkur sérgæskukerfi fyrir smábáta. Öll eiga þau það sammerkt að hafa að endingu orðið hluti af kvótakerfinu með tilheyrandi flutningi aflaheimilda frá þeim sem voru þar fyrir.

Við upphaf kvótakerfisins fiskuðu smábátar um 16.800 tonn, þá var heildarveiði þorsks um 243.000 tonn. Í fyrra fiskuðu smábátarnir 76.000 tonn en þá var heildarkvóti þorsks 170.000 tonn. Einhverjir nýir hljóta því að hafa náð að hasla sér völl í þessari atvinnugrein. Þeir sem hæst láta yfir takmörkuðu aðgengi nýliða eru yfirleitt þeir sem eru búnir að selja frá sér veiðiheimildirnar og sumir oftar en einu sinni.

> Í því samhengi hefur hún m.a. gripið til líkingamáls úr fótboltanum, að menn fari í manninn en ekki boltann. Eins og Ólína hefur spilað hlýtur að styttast í að henni verði sýnt rauða spjaldið.

### Styttist í rauða spjaldið

Það sem mér finnst sjálfum ósmekklegast í málflutningi þingmannsins er að hún skautar fram hjá upplýsingum, sem sem hún lætur gagngert safna saman fyrir sig og talar því ítrekað gegn betri vitund. Eins og þeir vita, sem hafa fylgst með málflutningi þingmannsins, hefur hún kvartað yfir hnignandi umræðuhefð á Íslandi. Í því samhengi hefur hún m.a. gripið til líkingamáls úr fótboltanum, að menn fari í manninn en ekki boltann. Eins og Ólína hefur spilað hlýtur að styttast í að henni verði sýnt rauða spjaldið.




Fimm rétta

DIWALI
hátíðarmatseðill
**4.990 kr.**

*FORRÉTTUR*

Pather Ka Murgh
*Hlóðagrillaður kjúklingur í kraftmikilli marineringu, borinn fram með kóríander-chutney. Lostæti úr hringiðu Hyderabad!*

*AÐALRÉTTIR*

Murgh Rogan Josh
*Hægeldaðar kjúklingalundir í himneskri sósu með kanil, kardimommum og negul. Eftirlætisréttur frá Norður-Indlandi.*

*og*

Gosht Mussalam
*Grillað lambafillet og ríkulega marinerað með engiferi, hvítlauk, kókos, chillí, kóríander og svörtum pipar. Gömul uppskrift frá konungsdæminu Avadh í Norður-Indlandi*

*og*

Rajma
*Nýrnabaunir eldaðar í ljúfri sósu með túrmerik, kóríander, garam masla og chillí. Réttur sem þorri manna í Norður-Indlandi gæti ekki lifað án!*

*MEÐLÆTI*

Raitha
*Heimalöguð jógúrtsósa með gúrkum og kryddblöndu*

*og*

Basmati hrísgrjón

*og*

Naan brauð
*Gómsæti úr Tandoori-ofninum*

*EFTIRRÉTTUR*

Creme Brulée
*Indversk útgáfa af þessum klassíska rétti með ferskjum og engiferi*

# Hátíð ljóssins hjá *Austur-Indíafjelaginu*

Indverjum duga ekki færri en fimm dagar til að halda upp á hátíð ljóssins, Diwali, sem nú á hug þeirra og hjörtu.

Við hjá Austur-Indíafjelaginu viljum færa örlitla birtu inn í byrjun vetrar og bjóðum því upp á sérstakan **fimm rétta Diwali-hátíðarmatseðil á afar góðu verði: 4.990 kr. alla daga.**

***Borðapantanir í síma 552 1630.***

*Diwali 29. september - 31. október 2011*





*Chandrika Gunnarsson hjá Austur-Indíafélaginu býður gesti velkomna á Diwali, hátíð ljóssins.*

*Hverfisgata 56, 101 Reykjavík*
*Sími: 552 1630*

*Opið:*
*sun.-fim. 18:00 - 22:00*
*fös. og lau. 18:00 - 23:00*

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



50 **JULIA GILLARD,** forsætisráðherra Ástralíu, er fimmtug í dag.
*„Ég hef það að leiðarljósi að hægt sé að deila hagsæld.“*

## Merkisatburðir

1906 Landssími Íslands tekur til starfa við hátíðlega athöfn. Símalínan frá Seyðisfirði til Reykjavíkur er 614 kílómetrar.
1922 Norræna félagið er stofnað í Reykjavík, til að efla norræna samvinnu. Fyrsti formaður félagsins er Matthías Þórðarson þjóðminjavörður.
1974 Auður Eir Vilhjálmsdóttir tekur prestvígslu, fyrst íslenskra kvenna.
1980 Flugvél lendir á Reykjavíkurflugvelli eftir sex stunda flug frá Færeyjum.
1990 Nesjavallavirkjun í Grafningi er formlega gangsett.

ÞETTA GERÐIST: 29. SEPTEMBER 1997

## *Tengsl kúariðu og Creutzfeldt-Jakob*



Á þessum degi árið 1997 staðfestu breskir vísindamenn að þeim hefði tekist að sýna fram á tengsl milli heilasjúkdóma í mönnum og kúm. Þá sögðu þeir líklegt að 21 einstaklingur í Bretlandi sem hafði fengið nýtt afbrigði af heilasjúkdómnum Creutzfeldt-Jakob hefðu líklega veikst eftir að hafa borðað nautakjöt sýkt af kúariðu.

Vísindamennirnir töldu sig einnig geta sýnt fram á að líkurnar á því að sýkjast af Creutzfeldt-Jakob yltu að einhverju leyti á erfðasamsetningu fólks. Um 38 prósent landsmanna í Bretlandi voru með erfðasamsetningu sem gerði þá líklegri til að fá sjúkdóminn en ekki neyttu þeir sýkts kjöts.

Kúariða greindist fyrst í Bretlandi árið 1986 og áratug síðar vöknuðu grunsemdir um tengsl veikinnar og Creutzfeldt-Jakob-sjúkdómsins. Evrópusambandið lét setja útflutningsbann á breskt nautakjöt í kjölfarið. Árið 1998 leiddi opinber rannsókn í ljós 3.253 tilfelli af kúariðu og að átján hefðu látist úr Creutzfeldt-Jakob eftir að hafa borðað sýkt kjöt.



**RÍFLEGUR TÍMI** „Fullt af fólki hefur fylgt mér í öll þessi ár, sumir alveg frá upphafi,“ segir Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson, betur þekktur sem Villi Þór rakari. Landsþekktir tónlistarmenn skemmtu gestum við opnun nýrrar stofu í Grafarholti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

VILHJÁLMUR ÞÓR VILHJÁLMSSON RAKARI: NÝ STOFA Í GRAFARHOLTINU

# Trúarbrögð hjá mörgum

Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson, betur þekktur sem Villi Þór rakari, hefur allt frá því hann opnaði sína fyrstu hársnyrtistofu, aðeins 19 ára, vakið athygli fyrir störf sín og óvenjuleg uppátæki í rekstrinum. Villi Þór er búinn að vera samfleytt í faginu í meira en fjörutíu ár og flutti í vikunni stofu sína í Grafarholt.

„Jú, mér líður eins og ég sé bara orðinn tvítugur og það er svo gaman að það er alveg sama hver kemur hér inn að allir segja mér hvað þetta sé huggulegt þannig að það bara rignir upp í nefið á manni,“ segir Villi Þór og slær á létta strengi þegar blaðamaður Fréttablaðsins hefur samband við hann í tilefni af opnuninni.

Stofan er nú komin á Vínlandsleið og Villi Þór segir það muna miklu að fá auka þrjátíu fermetra á nýju stofunni auk þess sem allt innanstokks er glænýtt. Tryggir viðskiptavinir fylgja honum á nýjan stað enda margir þeirra búnir að vera hjá honum lengi. „Fullt af fólki hefur fylgt mér í öll þessi ár, sumir alveg frá upphafi. Þetta eru trúarbrögð hjá mörgum og ég hef gaman af því. Ég hef alltaf í mínu starfi gefið mér hálftíma fyrir hvert höfuð, sem er ríflegur tími, og mín reynsla af því er sú að fólk finnur að ég hef áhuga á að vinna fyrir það en er ekki bara að hugsa um veskið þeirra. Einnig kynnist maður viðskiptavininum betur og hefur tíma til að segja góðan daginn og allt það. Þetta er mín langa reynsla og þetta hef ég alltaf gert. Fyrir bragðið tel ég mig eiga tryggari viðskiptavini.“

Mikið er spjallað hjá Villa Þór og góð sambönd sem hafa orðið til. „Eiginlega er besta dæmið um þetta maður sem er búinn að koma til mín í fleiri, fleiri ár úr Sandgerði. Einhvern tíman kom hann með konuna sína með sér, þessa elsku, og þá segir hún við mig; „Ég skil nú bara ekkert í honum Alla að vera alltaf að þvælast til Reykjavíkur til að láta klippa sig.“ Og þá sneri kallinn sér að henni og sagði: „Veistu, það er tvennt öruggt í mínu lífi. Ég er giftur þér og Villi klippir mig.“ Ég grét úr hlátri, fannst þetta alveg frábært, en þetta er gott dæmi um hvernig þetta er.“

Meðal þeirra uppátækja sem Villi Þór hefur ratað í blöðin fyrir í gegnum tíðina er þegar hann klippti viðskiptavini sína utandyra í góðu veðri, bauð viðskiptavinum upp á kaffi á þeim tíma sem það þekktist ekki og fyrir jólin var hann stundum með jólasveina.

En hver er hárgreiðsla vetrarins? „Breiddin er mikil í dag sem er skemmtilegt fyrir fagmanninn. Yngri guttarnir eru hrifnir af því að vera með langan topp sem er greiddur til hliðar. Og svo er það stutt í vöngum og aðeins meira á kollinum en það er margt í gangi, ekkert eitt eða tvennt, bara hvað hver vill.“

juliam@frettabladid.is

---



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Kristjáns Pálssonar**
Grænlandsleið 31.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahlynningar, krabbameinsdeilda Landspítalans og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir kærleiksríka umönnun.

**Erna S. Sigursteinsdóttir**
**Kristín Kristjánsdóttir** — **Hákon Hákonarson**
**Fríða Kristjánsdóttir** — **Gunnar Jóhannsson**
**Sigursteinn Kristjánsson** — **Gunnhildur B. Ívarsdóttir**
**Jóhanna Fríða Kristjánsdóttir** — **Anders Friberg**
**Kristján Þór Kristjánsson** — **Hrönn Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra sem af örlæti og hjartahlýju veittu okkur styrk og samúð við fráfall*

**Gunnars Hrafns Hrafnbjargarsonar.**

*Knúz*

**Anna-Lena Wiklund**
**Ragna Hrafnbjörg Gunnarsdóttir**
**Tycho Starke**
**Inga Hrafnbjörg Björnsdóttir**
**Gunnar Gunnarsson**
**Unnur Gígja Gunnarsdóttir** — **Jón Guðmundsson**
**Björn Gunnarsson** — **Margrét Hrönn Svavarsdóttir**
**María Hrönn Gunnarsdóttir** — **Hörður Kristjánsson**

---



†

*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar,*

**Þorbergs Friðrikssonar**
Aðalgötu 1, Keflavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahjúkrunar og D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja svo og Frímúrarastúkunnar Sindra. Ykkar framlag verður seint full þakkað.

**Jón Páll Þorbergsson**
**Friðrik Þorbergsson**
**Þórunn Þorbergsdóttir**
**Þorbergur Friðriksson**
**og fjölskyldur.**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

• Mikið úrval
• Yfir 40 ára reynsla
• Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


---



†

*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásgerður Gísladóttir**
áður til heimilis að Aflagranda 40, Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni, sunnudaginn 25. september. Útför hennar verður gerð frá Fossvogskirkju, þriðjudaginn 4. október kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**Hrafnhildur Sigurðardóttir** — **Brynjúlfur Sæmundsson**
**Gíslína Guðmundsdóttir** — **Haraldur Dungal**
**Ólöf og Axel, Ragnar, Sigurður Ásar, Hrafn og langömmubörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hafsteinn Sölvason**
tjónamatsmaður,
Garðatorgi 7, Garðabæ,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 26. september.

**Kolbrún Haraldsdóttir**
**Knútur Sölvi Hafsteinsson** — **Eygló Eiðsdóttir**
**Ágúst Hafsteinsson** — **Jónína Björk Birgisdóttir**
**Örn Hafsteinsson** — **Íris Baldursdóttir**
**Hafdís Hafsteinsdóttir** — **Sturla Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Klassíkin réði ríkjum** hjá Emporio Armani á tískuvikunni í Mílanó og svarti og hvíti liturinn nánast allsráðandi fyrir utan stöku grátt og ferskjulitt. Pilsin voru ýmist hné- eða ökklasíð og svört bönd á hvítum grunni áberandi.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

GLÆSILEGUR



teg Luna - mjög flottur push up í A B C D skálum á kr. 4.600,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Eirberg
Yogadýnur og nuddrúllur
• Nuddrúllan mýkir upp stífa og auma vöðva eftir æfingar
• Hafðu þína eigin dýnu með þér í yogatímann
Gott úrval
Verð: 4.980 kr.



Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 -16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



ÁTT ÞÚ ERFITT MEÐ AÐ FINNA ÞÉR BUXUR SEM PASSA VEL?
Erum með frábært úrval af klæðilegum buxum í stærðum 34-46.
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
Verð 13.990 kr.
Vertu vinur okkar á Facebook

Luis Buchinho sýnir vor og sumar 2012 í París.



## *Einfalt og notadrjúgt*

;FRAMHALD | 2

NORDICPHOTOS/GETTY




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00
www.svefn.is
Umboðsaðilar:
Reynisstaður - Vestmannaeyjum
Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði
Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



**Gegnsæ plastefni** skutu upp kollinum hjá Dolce & Gabbana á tískuvikunni í Mílanó. Þau voru ýmist glær með blúndu eða lituð með ísaumuðu kögri og dúskum.









Luis Buchinho er þekktur fyrir einfaldan, þægilegan og notadrjúgan stíl.



Buxurnar voru margar skemmtilega rykktar.



Fötin eru kvenlega útgáfan af því sem hönnuðurinn myndi vilja klæðast sjálfur.

Vorlína Buchinho er í mildum litatónum.

Prjónatoppar og svartir jakkar sáust inni á milli.

Framhald af forsíðu

Tískuvikan í París stendur nú yfir og þó að hausthrollurinn hríslist um okkur þessa dagana er gaman að sjá hverju tískuhúsin ætla okkur að klæðast næsta sumar. Portúgalski tískuhönnuðurinn Luis Buchinho sýndi línu sína fyrir vor og sumar 2012 síðastliðinn þriðjudag á tískupöllunum í París.

Buchinho er þekktur fyrir einfaldan, þægilegan og notadrjúgan stíl og segir hönnun sína gjarnan endurspegla eigin stíl, fötin séu kvenútgáfa af þeim fötum sem hann vilji ganga í sjálfur. Vor- og sumarlína hans er í mildum litatónum, beislitum, gulum, hvítum og brúnum og stikuðu sýningarstúlkurnar fram og aftur í stuttum pilsum og fallega sniðnum buxum. Prjónatoppar og pils sáust einnig á pallinum, svartir jakkar og síðkjólar.


















# Þjóðararfur er framtíðin

**Ragna Fróðadóttir starfar hjá Trend Union í New York, sem leggur línurnar fyrir hönnunarfyrirtæki tvö ár fram í tímann. Hún sýnir íslenska þjóðbúninginn úr amerískum efnum á Norræna tískutvíæringnum.**



Ragna Fróðadóttir skoðar tengingu sína við Ameríku og lítur aftur til íslenska menningararfsins í útfærslu sinni á íslenska þjóðbúningnum.

Fatahönnuðurinn Ragna Fróðadóttir hefur útfært íslenska þjóðbúninginn á amerískan máta fyrir Norrænu hönnunarsýninguna Looking Back to Find our Future á Norræna tískutvíæringnum, sem opnar á morgun í Seattle. Þetta er fyrsta einstaklingsverkefnið sem Ragna vinnur að eftir flutning sinn til New York haustið 2008.

„Ég ákvað að taka fyrir faldbúninginn og karlbúninginn og sjá hvernig þessir heilögu íslensku búningar kæmu út í táknrænum amerískum efnum, það er úr gallaefni og köflóttu hefðbundnu efni,“ segir Ragna.

„Mig langaði til þess að breyta um efni og leggja áherslu á formið og hin mörgu lög búningsins. Eina skraut búningsins er skraut stokkabeltisins sem í útfærslu minni er gert úr leðri og hefur mikinn kúrekabrag yfir sér.“

Mikið er litið aftur til þjóðararfsins í tískuheiminum um þessar mundir. Með útfærslu sinni skoðar Ragna tengingu sína við Ameríku og hvernig hún lítur til menningararfs síns og uppruna, Íslands.

Ragna hefur starfað hjá Trend Union frá árinu 2008, sem er ráðgjafarfyrirtæki í hönnunarheiminum.

„Það leggur línurnar fyrir hönnunarfyrirtæki tvö ár fram í tímann eftir hugmyndafræði og framtíðarsýn stofnandans Lidewij Edelkoort, sem er einn fremsti framtíðarsinni í hönnunarheiminum í dag.“ Edelkoort vinnur alltaf með ákveðna hugmynd sem hún kynnir með fyrirlestrum og bókum. „Þessa stundina erum við að vinna með sumarið 2013.“

Aðalstöðvar fyrirtækisins eru í París en stofan í New York, sem Ragna sér um vinnur með Norður-Ameríku, Kanada og Suður-Afríku. Hún segir Norður-Ameríku vera stærsta markað fyrirtækisins og nefnir Gap, Ann Taylor, Victoria Secret, American Eagle og Target meðal viðskiptavina.

Norræni tískutvíæringurinn Nordic Fashion Biennale hefst á morgun. Þar verður búningur Rögnu til sýnis. Jafnframt flytur hún fyrirlestur um þjóðararfinn, sem byggður er á hugmyndafræði Edelkoort. „Ég fjalla um þörf okkar til þess að varðveita menningu og þjóðararf í heimi hraða og tækni en þeir þættir gegna veigamestu hlutverki í framtíðarspám núna.“

*hallfridur@frettabladid.is*



Johansson klæðist fötum frá 66°Norður í myndinni We Bought a Zoo.

## Johansson klædd íslensku

**Aðstandendur We Bought a Zoo í fatnaði frá 66°Norður.**

Nú styttist í að kvikmyndin We Bought a Zoo með Matt Damon og Scarlett Johansson í aðalhlutverkum verði tekin til sýninga. Mikil Íslandstenging er við myndina þar sem Jónsi úr Sigur Rós samdi tónlistina og sminkan Heba Þórisdóttur sá um útlit Johansson.



Til gamans má geta að Johansson sést í íslenskum fatnaði, þar á meðal í peysu frá Rammagerðinni og 66°Norður jakka og pollabuxum, í myndinni en ekki fylgir sögunni hvort Heba átti þar hlut að máli.

Fatnaður frá 66°Norður virðist hafa hitt í mark hjá aðstandendum myndarinnar því tökuliðið klæddist honum meðan á tökum stóð. *- rve*

STÆKKUNARGLERSLAMPAR

Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sími 511-3388
Opið mán-fös 9-18, lau 11-15

Amma mús handavinnuhús

Fyrir árshátíðina

Ótrúlegt úrval af glæsilegum árshátíðarkjólum stærðir 36-48



FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

NÝ SENDING AF SKÓM
ALLIR SKÓR Á **12.800**
OPIÐ ALLA DAGA



AUSTURSTRÆTI 8–10
SÍMI 534 0005

GYLLTI KÖTTURINN

# Flottar Buxur

**ORGINAL** - Smáralind



Minumun David Jeans
St. 26-36
Khaki, svartur, grár, blár
Verð 14.990

BLEND Tornado 6646
St. 29-40
844 dökkgrátt, 902 dökkblátt
Verð 11.990





BLEND Storm 6518
St. 29-40
100 svartur, 902 dökkblátt, 916 blár

**DRESSMANN**
Kringlunni - Smáralind - Laugarvegi 18

ull, polyester og lycra,
Gráar
Verð 7.990



**Gallabuxnabúðin** - Kringlunni



Redial
St. 34-42
Verð : 7.900

MissAnna
St. 34-42
Verð: 7.900





Seyoo
St. 34-48
Verð : 7.900

**ANAS** - FIRÐI



C´ARLA DU NORD
St. 34-46
Verð : 22.900
Svartar



Mos Mosh
St. 26“-33“
Verð : 19.900
Gráar/grænar



Créton
St. 34-44
Verð : 17.900
Svartar

Gallabuxur – Nevada Premium
98% bómull 2% lycra
St. 30-38
Dökkbláar
Verð 9.990



**Laura Ashley**
Faxafeni 14



Gráar fínflauelsbuxur
St. 34-48
Verð : 7.900




Nýi Renault Master-sendibíllinn er til í ýmsum lengdum.

# Renault framleiðir sparneytnustu sendibílana

**Ingvar Helgason hefur selt íslenskum fyrirtækjum Renault-sendibíla við góðan orðstír í áraraðir, enda eru þeir rómaðir fyrir áreiðanleika og sparneytni.**

Það eru engar ýkjur; Renault framleiðir sparneytnustu sendibílana,“ segir Bjarni Þ. Sigurðsson, sölustjóri hjá Ingvari Helgasyni sem unnið hefur við sölu og markaðsmál vegna Renault-sendibíla í árafjöld.

„Okkur hefur gengið afar vel með sendibílana. Renault Kangoo hefur reynst eigendum sínum einkar vel þegar kemur að notagildi og áreiðanleika, og sama má segja um Trafic- og Masterbílana, sem notið hafa geysilegra vinsælda. Það er því engin tilviljun að Renault hefur átt mest seldu sendibílana á Íslandi mörg undanfarin ár, með allt að þriðjungs markaðshlutdeild,“ segir Bjarni.

**Það er því engin tilviljun að Renault hefur átt mest seldu sendibílana á Íslandi mörg undanfarin ár, með allt að þriðjungs markaðshlutdeild,**

Að sögn Bjarna leggur framleiðandi Renault mikla áherslu á nýjungar í sendibílum sínum, sem á móti eykur möguleika á aukinni hagkvæmni í rekstri.

„Þannig var eldri Kangoo-bíllinn fyrstur í sínum flokki með rennihurð á báðum hliðum, og nú er nýi Kangoo fyrstur til að taka inn stöðluð vörubretti (Europallet) þversum á milli hjólskála,“ útskýrir Bjarni.

Hann segir fyrstu spurningu viðskiptavina í leit að nýjum bíl ávallt snúast um eldsneytiseyðslu.

„Renault hefur frá fyrstu tíð boðið viðskiptavinum sínum sparneytnar dísilvélar en með hækkandi eldsneytisverði hefur framleiðandinn náð nýjum hæðum í eldsneytisnýtingu vélanna og óhætt að fullyrða að Renault framleiðir sparneytnustu sendiferðabílana,“ segir Bjarni og nefnir dæmi.

„Það er með ánægju sem ég upplýsi að Renault Kangoo eyðir 4,8 l/100 km í langkeyrslu og 5,3 l/100 km í blönduðum akstri. Renault Trafic eyðir 6,8 l/100 km í langkeyrslu og 7,4 l/100 km í blönduðum akstri, og Master, sem er nýr bíll af stærri gerðinni, eyðir ekki nema 7,5 l/100 km á langkeyrslu og 8,3 l/100 km í blönduðum akstri,“ segir Bjarni.




Renault Kangoo eyðir 4,8 l/100 km í langkeyrslu og 5,3l /100 km í blönduðum akstri.

## Endurgjaldslaust, reglubundið eftirlit léttir á rekstri bíla

Símon Ólafsson, tæknistjóri fyrir Renault hjá Ingvari Helgasyni, segir sveigjanleika lykilorðið í þjónustu við viðskiptavini sem reiða sig á bíla sína sem vinnutæki.



Símon Ólafsson, tæknistjóri Renault, og Bjarni Þ. Sigurðsson, sölustjóri Renault hjá Ingvari Helgasyni ehf. MYND/STEFÁN

„Við getum vitaskuld ekki komið í veg fyrir óvænt óhöpp viðskiptavina okkar, en höfum tamið okkur að bregðast hratt og örugglega við þegar eitthvað gerist sem veldur þeim óþægindum eða vinnutapi,“ segir Símon og kynnir til sögunnar nýja þjónustu Ingvars Helgasonar, sem kallast Léttskoðun og snýst um fyrirbyggjandi viðhald.

„Léttskoðun er endurgjaldslaus ástandsskoðun sem fyrirtæki geta nýtt sér hvenær sem er og án þess að greiða fyrir. Í Léttskoðun er farið yfir helstu slit og öryggisþætti, auk þess beina má athygli skoðunarmanns að tilteknum atriðum sem bílstjóri hefur áhyggjur af. Þessi nýja fyrirtækjaþjónusta mun létta mikið á rekstri bíla og getur sparað verulegar upphæðir ef brugðist er við í tíma.“



BMW 520d er nýr og glæsilegur bíll frá BMW. Í honum eru EfficientDynamics-tækninýjungar og eyðir hann aðeins 5,0 l á hverja 100 kílómetra.



Karl S. Óskarsson, sölustjóri BMW. MYND/STEFÁN

# BMW-verksmiðjan skýtur öðrum bílaframleiðendum ref fyrir rass

**BMW hefur vistvæn sjónarmið að leiðarljósi, en allir nýir BMW-bílar búa yfir búnaði sem dregur úr mengandi útblæstri um leið og ekkert vantar upp á rómaðan kraft þeirra. Engum öðrum bílaframleiðanda hefur tekist að draga jafn mikið úr koltvísýringi í útblæstri bílaflota síns og BMW.**

EfficientDynamics-tæknipakkinn, sem BMW hefur þróað í bíla sína í meira en fimmtán ár, hefur þegar skotið öðrum bílaframleiðendum ref fyrir rass,“ segir Karl S. Óskarsson sölustjóri BMW hjá Ingvari Helgasyni.

Karl segir engum bílaframleiðanda hafa tekist að draga jafn mikið úr koltvísýringi í útblæstri bílaflota síns og BMW – og um leið aukið ánægju ökumanna við akstur á mun aflmeiri bílum.

„Tækni sem dregur úr útblæstri koltvísýrings skilar litlum árangri ef hún nær ekki til kaupandans. Þess vegna er BMW EfficientDynamics-tæknipakkinn nú staðalbúnaður í öllum nýjum BMW-bifreiðum, en ekki bara útvöldum tegundum,“ útskýrir Karl og bætir við að sú staðreynd hafi þegar skilað árangri.

„BMW hefur þegar komið á göturnar meira en 1.800.000 bílum sem allir eru búnir EfficientDynamics-tækni af einhverju tagi. Í öllum þessum bílafjölda eru þrjátíu mismunandi tegundir sem skila minna en 140 g/km af koltvísýringsútblæstri, og tíu tegundir með minna en 120 g/km af koltvísýringi í útblæstri sínum. Enginn annar bílaframleiðandi hefur náð viðlíka árangri í minnkun koltvísýrings út í umhverfið frá sínum bílaflota og BMW.“

Þá segir Karl BMW hafa hvatt starfsfólk sitt á uppbyggjandi hátt með það að leiðarljósi að margt smátt geri eitt stórt. „EfficientDynamics-tækninýjungarnar eru síður en svo flóknar eða viðamiklar í viðmóti, heldur allt frá einföldu ljósi sem minnir ökumann á að skipta um gír á réttu augnabliki upp í nákvæma rafala sem endurhlaða orku, sem leysist úr læðingi við hemlun, inn á rafgeymi eða hreyfir stýrisgang og hjálpar til að knýja bíl áfram á hagkvæmari hátt. EfficientDynamics er sönnun þess að hægt er að draga úr eyðslu og mengandi útblæstri án þess að slíkt komi niður á heildarupplifun ökumannsins og ánægju hans við að eiga og aka BMW,“ segir Karl.

# Í metangasinu er fólgin fegurð

**Sigurður Ástgeirsson er þjónustustjóri í Vélamiðstöðinni (metanbill.is) og er sérfræðingur í metanbílum, eða nörd, eins og hann orðar það sjálfur.**

Að keyra á metangasi er eins og að kaupa bensínlíterinn á 113 krónur því gasið er núna 52 prósentum ódýrara en bensín,“ segir Sigurður. „Þegar hugað er líka að umhverfinu er ávinningurinn mun meiri, því með notkun á metangasi er slæmri lofttegund breytt í góða. Fólk gerir umhverfinu greiða með því að láta bílinn ganga í lausagangi. Það er fegurðin í þessu.“

Vélamiðstöðin er sjálfstætt einkahlutafélag í eigu Íslenska gámafélagsins, með yfir 45 ára reynslu af bílasmíði. Þar var fyrsta bílnum á Íslandi breytt úr bensínbíl í metanbíl árið 2007 en á þeim tíma var það bannað. „Síðan tók við tveggja og hálfs árs barátta við kerfið við að gera þessa aðgerð löglega. Gömul reglugerð og þekkingarleysi hjá hinu opinbera stóð í vegi fyrir því,“ segir Sigurður.

Sjálfur ekur Sigurður auðvitað á metanbílum, bæði í vinnunni og prívat. Vinnubíllinn er Toyota Yaris, sem hann ekur daglega á milli Selfoss og Reykjavíkur. „Við settum tank í skottið á Yarisnum sem kostar mig 1.700 kall að fylla og ég kemst 250 kílómetra á honum, eða tvær ferðir til vinnu, fram og til baka.“

Breyting á meðalstórum fólksbíl kostar 405 þúsund með virðisaukaskatti og inni í þeirri tölu er skoðun og skráning. „Við sjáum dæmi þess að eigendur stærri bíla séu innan við eitt ár að greiða upp breytinguna með sparnaðinum,“ segir Sigurður. Aðgerðin tekur frá einum upp í fimm daga, eftir því hversu margir tankar eru settir í bílinn eða undir hann. En þyngist hann við breytingarnar? „Sumir bílar gera það, svarar Sigurður. „En við bjóðum upp á létta tanka úr koltrefjum.“

Ef innan við sex ára gömlum bíl er breytt fást 20 prósent af kostnaðinum endurgreidd frá ríkinu, að hámarki 100 þúsund krónur, að sögn Sigurðar og ef nýjum bíl er breytt áður en hann er skráður eru öll vörugjöld niðurfelld, að hámarki 1.250.000. „Bifreiðagjöld fara svo niður í fástar 10.000 krónur á ári svo þar verður til sparnaður upp á tugi þúsunda.“

Sigurður segir nóg til af metangasi á Íslandi. „Á meðan til fellur lífrænn úrgangur er til gas. Það þarf bara að beisla þá orku en það þarf ekki að finna neitt upp í sambandi við þessa tækni. Hún er fyrir hendi. Metangas er nútíðin – ekki bara framtíðin.“


Hér er metangaskútunum haganlega komið fyrir í skottinu.



„Á meðan til fellur lífrænn úrgangur er til metangas,“ segir Sigurður Ástgeirsson þjónustustjóri. MYND/VILHELM

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429. | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



Háreist hjólabrettin einkenna sportútlitið á Spark. Form bílsins og útlit gegna því hlutverki að gera hann notadrýgri, þægilegri og flottari.



Nettur Spark er rúmbetri en flesta grunar og nýtist vel þegar verslunarferðirnar eða ferðalögin eru annars vegar.



Smáatriðin skipta máli í Spark. Tekið er tillit til allra þátta í hönnuninni þar sem aðgengi og útlit fara hönd í hönd.



Snilldarlega stílfærð aðalljósin gefa Spark sportlegt og áberandi viðmót á veginum.



Í Spark eru framsætin það há að fólk sest inn í hann en ekki ofan í hann.

# Orðsporið er besta auglýsingin

**Sparneytinn, ódýr og svalur. Þannig lýsir Jón Kr. Stefánsson, sölustjóri hjá Bílabúð Benna, smábílnum Chevrolet Spark.**

Spark hefur farið sigurför um heiminn síðan Chevrolet setti hann á markað í fyrra. Ísland er þar engin undantekning, segir Jón Kr. Stefánsson, sölustjóri hjá Bílabúð Benna sem er umboðsaðili fyrir Chevrolet hérlendis.

„Spark náði strax miklum vinsældum hjá okkur og er nú söluhæsti smábíllinn á markaðnum til almennings. Það sem af er þessu ári höfum við selt í kringum hundrað Sparka,“ upplýsir Jón og segir helst mega þakka þessar vinsældir sparneytni, skemmtilegu útliti, frábæru verði og síðast en ekki síst fjögurra stjörnu öryggi.

„Margir horfa í aurana sem von er í þessu árferði og af þeim sökum er bíllinn afar skynsamlegur kostur. Hann er hlaðinn aukabúnaði, verðið innan við tvær miljónir króna og eyðslan ekki nema 5,1 lítrar, að meðaltali, á hundraðið í blönduðum akstri. Það er eiginlega ekki hægt að biðja um meira.“

Eins og fyrr sagði telur Jón sportlegt útlit bílsins, með háreistum hjólabrettum og afgerandi stílfærðum aðalljósum, eiga sinn þátt í vinsældunum. „Þú kemst ekki hjá því að taka eftir Spark í umferðinni og bíllinn er eiginlega bara svalur á alla kanta. Hann er til að mynda fimm dyra, en samt sjást aðeins tveir hurðarhúnar svo dæmi sé tekið,“ bendir Jón á og segir landann ekki einan um að telja hönnunina spes, því Sparkinn hafi landað hlutverki í Hollywood-mynd. „Spark er einn stökkbreyttu bílanna í Transformers-myndunum og Bumblebee því langt í frá að vera eina bílastjarnan í bíóbransanum,“ segir hann og brosir.

Jón tekur fram að þótt Spark flokkist sem smábíll skeri hann sig að mörgu leyti frá öðrum slíkum. „Hann gjörnýtir 1200 cc vélina og er óvenju fljótur upp. Hestöflin 80 eru því öll af stærri gerðinni eins og við segjum og skila sér fantavel.“ Jón undirstrikar líka hvað bíllinn sé rúmgóður og aðgengið þægilegt. „Þú situr hátt í bílnum, en sest ekki ofan í hann, eiginlega eins og um jeppling væri að ræða og það fer vel um alla, jafnvel lappalengstu menn.“

Sparkinn er búinn góðum stjórnbúnaði, aksturstölvu, hljómtækjastillingu á stýri, USB-tengi fyrir hljómflutningstæki, miðstöðvarkerfi með loftkælingu, rafdrifnum speglum og rúðum ásamt samlæsingu.

„Ég get líka með sanni sagt að Spark hafi reynst vel. Að minnsta kosti man ég ekki í svipinn eftir biluðum Spark. Við finnum að það er fljótt að skila sér í góðu orðspori, sem er tvímælalaust besta auglýsingin.“

Glöggir lesendur muna ef til vill eftir þessu vélmenni úr einni Transformers-myndanna, en það stökkbreytist einmitt í Spark.






Jón Kr. Stefánsson, sölustjóri hjá Bílabúð Benna, segir Spark eiga sparneytni, flottu útliti og góðu verði vinsældirnar að þakka. MYND/HAG




Chevrolet er 100 ára og hefur lagt allt kapp á að gera 100. afmælisárið sitt sem glæsilegast og kynnti til sögunnar heilan flota af nýjungum.

## BURT MEÐ SVIFRYKIÐ

**Á vefsíðunni** toyo.is er hægt að skoða úrval af dekkjum japanska framleiðandans Toyo. Toyo-harðskeljadekkin þykja mjög góður valkostur þar sem grip þeirra er frábært án þess að notast þurfi við nagla og minnka þar af leiðandi svifryksmengun.

Hið virta Tire Review Magazine gerir árlega skoðanakönnun meðal sjálfstætt starfandi hjólbarðasala í Norður-Ameríku og Toyo-dekkin hafa borið sigur úr býtum í þeirri könnun síðustu sjö ár af átta. Árið 2007 voru dekkin valin besta alhliða vörumerkið. Bílabúð Benna er umboðsaðili Toyo Tires á Íslandi.



Notkun Toyo-harðskeljadekkja minnkar svifryksmengun.

# Rafmagnaður Volt á leiðinni!

**Fyrsti langdrægi rafmagnsbíllinn**

„Það er ljóst að við eigum eftir að sjá nýtt landslag í umferðinni á Íslandi með komu Chevrolet Volt á markaðinn,“ segir Benedikt Eyjólfsson hjá Bílabúð Benna. „Chevrolet Volt mun kenna fólki að nota rafmagnsbíla í daglega lífinu. Þú hleður hann heima hjá þér og þarft aldrei að vera orkulaus, því Volt er í raun fyrsti bíllinn sem er skilgreindur sem langdrægur rafmagnsbíll (e. long range electric vehicle). Við bíðum öll spennt eftir komu hans til landsins á næsta ári.“

Nánari upplýsingar um Volt á benni.is.



Chevrolet Volt er skilgreindur sem fyrsti langdrægi rafmagnsbíllinn.



Félag íslenskra bifreiðaeigenda bendir á ýmsar leiðir til að draga úr eldsneytiseyðslu og mengun í bæklingnum Gerum bílana græna.

# Grænn akstur

**FÍB gaf nýlega út bæklinginn Gerum bílana græna í samvinnu við FIA Foundation, Bridgestone og Olís. Markmiðið er að draga úr neikvæðum áhrifum bíla á umhverfið og auka vitund ökumanna.**

### 1. Kauptu grænan bíl.

Kauptu bíl af þeirri stærð sem hentar þér og þínum þörfum. Sparneytnari og grænni bíll er ódýrari í rekstri.

Sparneytnipróf FIA-stofnunarinnar (EcoTest) eru aðgengileg á www.ecotest.eu.

### 2. Skipuleggðu ferðir þínar.

Vel skipulögð ferð gerir þér mögulegt að komast á sem skjótastan og auðveldastan hátt á áfangastað og kemur í veg fyrir óþarfa losun efna frá eldsneytisbruna. Leiddu hugann að því að tíu mínútna óþarfur akstur í ferð sem þarf ekki að taka nema klukkustund hefur í för með sér 14 prósentum verri eldsneytisnýtingu.

### 3. Mældu loftið í dekkjunum reglulega.

Réttur loftþrýstingur í hjólbörðum dregur úr núningsmótstöðu og eykur þannig sparneytni.

Akstur á hjólbörðum með loftþrýstingi sem er 50 kPA lægri en hann á að vera eykur eldsneytiseyðslu um 2 til 4 prósent. Dekk með réttum loftþrýstingi hafa betra veggrip.

### 4. Dragðu úr þyngd. Forðastu toppgrindur og farangur á þeim.

Öll viðbótarþyngd eykur eldsneytiseyðslu. Sama er að segja um aukna loftmótstöðu. Farangursgrind á toppnum getur aukið eldsneytiseyðslu um 20 prósent.

### 5. Ekki hita vélina í lausagangi áður en þú ekur af stað.

Það þarf ekki lengur að láta vélar í nútímabílum hitna áður en ekið er af stað nema á svæðum þar sem fimbulkuldi ríkir.

### 6. Notaðu ekki loftkælinguna nema nauðsyn krefji.

Forðastu að kveikja á loftkælingunni (AC) því að hún er mjög orkufrek.

### 7. Auktu hraðann mjúklega og haltu jöfnum hraða.

Mjúkt aksturslag krefst minna eldsneytis og er öruggara. Aktu mjúklega af stað og forðastu að vera sífellt að stansa og rífa bílinn af stað.

### 8. Beittu vélarhemlun.

Með því að nýta sér eðlilegt hemlunarafl vélarinnar sparast eldsneyti. Vélarhemlun dregur úr sliti á hemlum og hemlabúnaði.

### 9. Láttu vélina ekki ganga lausagang.

Vél sem er í lausagangi en ekki í notkun eyðir eldsneyti. Lausagangur í eina mínútu er eldsneytisfrekari en gangsetning vélar.

### 10. Jafnaðu eigin $CO_2$-útblástur.

Framleiðsla á $CO_2$ vegna aksturs og flutninga er oft óhjákvæmileg. En þú sem ökumaður getur stuðlað að því að minnka $CO_2$-losunina með því að kolefnisjafna eigin útblástur.


20-60% afsláttur

SIXSIONE BRYNJUR
AGV HJÁLMAR
HLÍFÐARFÖT
LAY-Z-SPA 60% AFSLÁTTUR
VARAHLUTIR Í FJARSTÝRÐA BÍLA 20-40% AFSLÁTTUR

**Nasran fatnaður**
– jakkar, buxur og vettlingar

**SixSixOne**
Peysubrynjur, plastbrynjur, nýrnabelti, vetlingar, olnboga og hnéhlífar

**AGV hjálmar**
Lokaðir hjálmar, opnanlegir, vespuhjálmar, motocrosshjálmar og gler

**Varahlutir í fjarstýrða bíla**
Traxxas, GS varahlutir, dekk og felgur

Borgartún 36
105 Reykjavík
588 9747
www.vdo.is

VDO Offroad Line



www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU

ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN
KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



Engin lántökugjöld á grænum bílum

Með Grænum lánum vill Ergo koma til móts við þá sem kjósa sparneytnari bíla sem nýta nýjustu tækni við að draga úr útblæstri koltvísýrings. Þannig stuðla Græn lán að bættu umhverfi.

Reiknaðu með okkur á **ergo.is**

GRÆNT BÍLALÁN

ergo

Ergo › fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka › Suðurlandsbraut 14 › sími 440 4400 › www.ergo.is › ergo@ergo.is

TOYOTA

# Auris Dísil Eco

sparneytinn kostur




## Auris Dísil Eco - eyðslugrannur og umhverfisvænn

Toyota Optimal Drive vélarlínan. Nýstárlegar, vistvænar lausnir sem skapa fullkomið jafnvægi á milli minni eldsneytiseyðslu, minni losunar koltvísýrings og akstursánægju.

1.4 D4D dísilvél
4,5 lítrar/100 km í blönduðum akstri
118 g/km $CO_2$

Verð: 3.565.000 kr.*

**Toyota Kópavogi**
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

**www.toyota.is**

**Today Tomorrow Toyota**

*Verð miðast við Auris Dísil Eco Terra, 1.4l, beinskiptan. Búnaður á myndinni getur verið frábrugðinn þeim sem fylgir Auris Dísil Eco Terra.

# Nýr Kia Rio dísil eyðir aðeins 3,2 lítrum í blönduðum akstri

**Kia Motors er einn mest vaxandi bílaframleiðandi heims og hefur sent frá sér nýjar og endurhannaðar gerðir bíla á síðustu mánuðum. Nýjasti bíllinn í endurhönnuðum flota suður-kóreska bílaframleiðandans er Kia Rio, sem er væntanlegur til Íslands á næstu vikum.**

Kia Rio verður í boði með þremur eyðslugrönnum og umhverfisvænum vélum sem skila bílnum í lágan vörugjaldsflokk og tryggja þar af leiðandi betra verð," segir Þorgeir Pálsson, sölustjóri Kia hjá Öskju sem er umboðsaðili Kia Motors hér á landi. „Dísilvélarnar eru 1,1 og 1,4 lítra og bensínvélin er 1,4 lítra og verður sá bíll fáanlegur sjálfskiptur. Með 1,1 lítra dísilvélinni eyðir Kia Rio aðeins 3,2 lítrum í blönduðum akstri og geri aðrir bílar betur. Bíllinn skilar 75 hestöflum og koltvísýringslosunin er aðeins 85 g/km. Bíllinn er því ótrúlega hagkvæmur og umhverfisvænn og setur raunar ný viðmið hvað þetta tvennt varðar miðað við að hann er ekki knúinn öðrum aflgjöfum," segir Þorgeir.

Hann bætir við að með stærri dísilvélinni skili bíllinn 89 hestöflum. „Þessi bíll er mjög kraftmikill, togið feikigott og bíllinn mjög skemmtilegur og sportlegur í akstri. Bensínvélin er einnig óvenju umhverfisvæn og eyðslugrönn. Hún skilar 107 hestöflum og mengar 124 g/km, sem er einnig góður árangur í markmiðum KIA að framleiða bíla með sem lægstum $CO_2$-útblæstri," segir Þorgeir.




Þorgeir R. Pálsson, sölustjóri Kia. Kia Rio er rétt ókominn til landsins. MYND/VILHELM

### Flott og nútímaleg hönnun

Kia-bílarnir hafa undanfarið fengið mikið lof fyrir flotta og nútímalega hönnun og hafa sópað til sín hönnunarverðlaunum víða um heim. „Maðurinn sem á heiðurinn af þessari velgengni er Þjóðverjinn Peter Schreyer, yfirhönnuður Kia, sem áður starfaði hjá Audi og Volkswagen. Nýr Kia Rio er mjög mikið breyttur í hönnun og aksturseiginleikum miðað við forverann. Heildarútlitið er sérlega vel heppnað með rennilegum hliðum og rísandi línu aftur eftir bílnum sem gefur honum mjög sportlegt yfirbragð. Stórt loftinntakið að framan er auk þess mjög flott og sportlegt sem og nett og ávöl afturrúðan. Bíllinn verður ríkulega útbúinn og mun því verða vel peninganna virði. Innanrýmið er einnig mjög vel hannað og vandað," segir Þorgeir.

Kia Rio er mjög rúmgóður miðað við bíl í b-stærðarflokki. Plássið er prýðilegt bæði fyrir ökumann og farþega og skottið er rúmgott eða alls 288 lítrar. „Við bindum miklar vonir við Kia Rio enda er hann vel hannaður og vandaður bíll í stærðarflokki sem hefur verið vinsæll hér á landi. Hann er mjög hagkvæmur í rekstri, sem skiptir miklu máli á þessum tímum, og auk þess afar umhverfisvænn. Kia býður 7 ára verksmiðjuábyrgð á öllum bílum sínum og er eini bílaframleiðandinn sem býður upp á svo langa ábyrgð sem gerir öryggi kaupandans mun meira og endursöluverðið hærra þar sem ábyrgðin færist á milli eigenda," segir Þorgeir að lokum.




# Umhverfisvænn og hagkvæmur lúxusbíll

**Askja, umboðsaðili Mercedes-Benz á Íslandi, er um þessar mundir að kynna metanútfærslu af E-línunni, Mercedes-Benz E-Class NGT. Bíllinn, sem tilheyrir lúxusbílaflokki, brennir bæði bensíni og metangasi og fyrir vikið er hann mjög hagkvæmur í rekstri þar sem metangas kostar um helmingi minna en bensín og dísilolía.**

Mercedes-Benz hefur ákveðið að hafa rúmtak véla á metanknúnum bílum sínum stórt og tryggja þannig jafna brennslu vélarinnar og best afköst. E-Class NGT eyðir 5,5 lítrum af metani og 8,1 lítra af bensíni á 100 km miðað við blandaðan akstur. Bíllinn er einnig mjög umhverfisvænn því koltvísýringslosunin er engin ef ekið er á metani og 190 g/km miðað við að ekið sé á bensíni og miðað við blandaðan akstur. E-Class NGT fær eins og allir metanbílar frítt í bílastæði í Reykjavík í allt að 90 mínútur," segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju.

### Lægsta loftmótstaða í flokki lúxusbíla

Nýjasta kynslóðin af Mercedes-Benz E-Class kom fram á sjónarsviðið á síðasta ári. „Þetta er níunda kynslóðin af E-línunni og er klassískt framhald af lúxusbílahefð Mercedes-Benz. Bíllinn var endurhannaður að innan sem utan og umtalsverðar umbætur voru gerðar á bílnum. Útlitið á E-bílnum er glæsilegt þar sem straumlínulagaðar línur spila stórt hlutverk og gerir það að verkum að bíllinn státar af óvenjulítilli loftmótstöðu, aðeins 0,25 sem er það lægsta í flokki lúxusbíla í þessum stærðarflokki," segir Jón Trausti.

Aksturseiginleikar E-Class NGT eru mjög góðir eins og vænta má þegar Mercedes-Benz er annars vegar. Veggripið er afar gott og bíllinn liggur mjög vel á veginum. E-Class NGT er vel búinn staðalbúnaði og auk þess er í boði ýmis hátæknivæddur aukabúnaður. Bíllinn er fallega hannaður að innan jafnt sem utan og mikið er lagt upp úr vönduðu efnisvali í innréttingunni.




Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju, við Mercedes-Benz E-Class NGT, sem eyðir 5,5 lítrum af metani og 8,1 lítra af bensíni á 100 km. MYND/VILHELM

### Tilboð í tilefni af 125 ára afmæli Mercedes-Benz

„Askja býður upp einnig á mikið úrval bifreiða frá Mercedes-Benz sem eru með sparneytnar og umhverfisvænar dísilvélar. Þar sem þeir eru eyðslugrannir og umhverfisvænir lenda bílarnir í lægri tollaflokki sem þýðir að við getum boðið þá á hagstæðu verði.

Það er gaman að geta þess einnig að Mercedes-Benz fagnar 125 ára afmæli á þessu ári og af því tilefni erum við með ýmis tilboð í gangi," segir Jón Trausti enn fremur.

# Aðeins 4,4 lítrar á hundraðið

– og sjö ára ábyrgð!

**Kia cee'd LX** beinskiptur, 1,6 dísil 115 hö.
Afborgun aðeins **35.490 kr.** á mánuði*

* Afborgun á mánuði miðast við 30% útborgun eða uppítökubíl og verðtryggt lán í íslenskum krónum til 84 mánaða, árleg hlutfallstala kostnaðar 10,1%. Miðað við bíl sem kostar 3.090.000 kr. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Kia cee´d kostar frá 2.890.000 kr.

**Eigum bíla til afgreiðslu strax!**




**7 ára ábyrgð** á öllum nýjum Kia bílum.

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

**www.kia.is**

# Vélarnar eru í stöðugri þróun

**Toyota heldur vel á spöðunum og bensín- og dísilvélar eru þar í stöðugri þróun. Valkostir í sparneytnum bílum eru mjög fjölbreyttir og þurfa ekki endilega að vera dýrir. Sigurrós Pétursdóttir, vörustjóri Toyota, segir auk þess margt smálegt hægt að gera til að spara eldsneyti.**

Valkostir fyrir viðskiptavininn í sparneytnum bílum eru orðnir afar fjölbreyttir og gott að hafa í huga að almenningur þarf ekki alltaf að fara í nýjustu tæknina heldur eru núverandi vélar og bílar búnir að þróast það mikið að eldsneytiseyðsla og mengun hefur minnkað mjög mikið,“ segir Sigurrós Pétursdóttir, vörustjóri hjá Toyota.

Sigurrós nefnir sem dæmi að nú í nóvember verður nýr Yaris kynntur til sögunnar sem eyðir frá 3,9 lítrum af eldsneyti á 100 kílómetra og útblástursmengun hans fer úr 120 grömmum koltvísýrings á kílómetra niður í 114 grömm á kílómetra.

„Breytingar á vélum þeirra bíla sem eru hefðbundnir fólksbílar eru töluverðar og vert að horfa til þess þar sem aðrir kostir, svo sem Prius og aðrir bílar með tvinnkerfi, eru dýrari þrátt fyrir að vera klárlega mjög góðir. Það þarf oft ekki að leita langt yfir skammt að bílum sem eyða og menga minna því framleiðendur eru stöðugt að vinna að þróun hefðbundinna bensín- og dísilvéla.“

> **Það gerir töluvert að létta á gjöfinni, vera ekki að flýta sér...**

Fyrir þá sem vilja takmarka mengun enn betur og eyða minna er tvinnkerfið svokallaða spennandi valkostur að sögn Sigurrósar, en þeir bílar ganga bæði fyrir bensíni og rafmagni. Á næsta ári verður svo Prius-tengitvinnbíll kynntur en þann bíl er hægt að keyra á rafmagni einungis í tvo tíma í senn, 20 kílómetra vegalengd á 100 km hraða á klst. Kerfið hefur verið lengi í þróun. „Þá hlökkum við til að geta boðið Prius plús á næsta ári, sjö sæta bíl með tvinnkerfi, sem er hagkvæmur valkostur fyrir stærri fjölskyldur.




„Þar sem Toyota hefur lagt mikla áherslu á að vinna vel í sínum vélum og þróun þeirra hafa eyðslu- og mengunartölur lækkað töluvert milli kynslóða,“ segir Sigurrós Pétursdóttir, vörustjóri hjá Toyota. MYND/VILHELM

Sigurrós segir bílstjóra þurfa að hafa ýmislegt í huga sem þeir geta sjálfir gert til að spara eldsneyti. „Það gerir töluvert að létta á gjöfinni, vera ekki að flýta sér, smyrja bílinn reglulega, taka ekki óþarfa farangur með sér og hafa réttan loftþrýsting í dekkjum. Margir eru alltaf með golfkerru í skottinu eða farangursbox á toppnum og það þyngir bílinn og eykur eyðsluna. Þannig að ef fólk er að hugsa um að vera hagkvæmari í akstri skipta þessi einföldu ráð miklu máli. Í öllum nýrri bílum í dag eru akstursmælar þar sem hægt er að fylgjast með eyðslunni.“




Sigurrós segir starfsmenn Toyota taka eftir að fólk líti til smærri bíla og einnig til tvinnkerfa og dísilvéla. „Þar sem Toyota hefur lagt mikla áherslu á að vinna vel í sínum vélum og þróun þeirra hafa eyðslu- og mengunartölur lækkað töluvert milli kynslóða. Toyota er með í framtíðarplön um að koma tvinnkerfi í fleiri bíla þannig að á næstu árum munum við sjá fleiri og fleiri gerðir með því kerfi. Það verður forvitnilegt að fylgjast með þeirri þróun.“






## HVAÐ ER VISTAKSTUR?

**Vistakstur miðar** að því að gera ökumenn meðvitaðri um aksturslag sitt og stuðla þannig að sparnaði í rekstrarkostnaði bílsins, minni mengun og auknu umferðaröryggi. Einnig hefur komið í ljós að vistakstur hefur oft í för með sér tímasparnað.

Með lítils háttar breytingum á aksturslagi er unnt að gera margt í senn, svo sem auka hraða, spara bensín, minnka viðhaldskostnað, auka öryggi í akstri og minnka útblástur skaðlegra lofttegunda.

Hægt að minnka eldsneytiskostnað við akstur að meðaltali um tíu til fimmtán prósent og rekstrarkostnað bifreiðar, svo sem viðhald og hjólbarðaslit, um svipað hlutfall.

Samfélagslegur ávinningur af vistakstri er mikill og margþættur og má til dæmis nefna minni mengun, lægri slysatíðni, minni innflutning á eldsneyti og bætta umferðarmenningu.

www.okunam.is/nattura.is

# Micra er sparneytnasti bíllinn frá Nissan

**Nýr Nissan Micra hefur fengið frábærar móttökur frá því að hann var kynntur til leiks í byrjun árs.**

Líkt og eldri gerðir Nissan Micra er sá nýi einstaklega áreiðanlegur og sparneytinn og það er ekki síst það sem viðskiptavinir leita að,“ segir Rúnar H. Bridde, sölustjóri Nissan hjá Ingvari Helgasyni.

Hann segir beinskiptan Nissan Micra í PURE DRIVE-útfærslu eyða aðeins 4,3 lítrum á hverja 100 kílómetra í langkeyrslu og aðeins 5 lítrum á hverja 100 kílómetra í blönduðum akstri.

„Í Nissan Micra er hvergi slegið af öryggiskröfum. Ökumaður og farþegar geta reitt sig á sex loftpúða, 3ja punkta öryggisbelti í öllum sætum, ISO-fix-barnabílstólafestingar, ESP-stöðugleikastýringu og bremsur með hemlalæsivörn, sem allt er staðalbúnaður í Micra. Til þægindaauka eru allir Nissan Micra með handfrjálsan símabúnað með aðgerðahnöppum í stýri, auk aðgerðahnappa fyrir hljómtæki með AUX-tengi sem gerir kleift að njóta tónlistar eftir vali með ýmsu móti,“ segir Rúnar.

Að lokum er rétt að benda á að beinskiptur Micra 1.2 l fær frítt í bílastæði í miðborginni.



Rúnar H. Bridde, sölustjóri Nissan. MYND/STEFÁN



Nissan Micra.

www.volkswagen.is




## Láttu sparnaðinn koma í ljós

Nýr og flottur Volkswagen Polo hjálpar þér að spara og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Við 100 km akstur losar Polo 1.2 TDI aðeins frá 99 grömmum af $CO_2$ og eyðir aðeins 3,8 lítrum af eldsneyti.

**Polo* kostar aðeins frá**

**2.390.000 kr.**

* Miðað við Volkswagen Polo 1.2 bensín. Aukabúnaður á mynd: 18" álfelgur, þokuljós og litaðar rúður.

Das Auto.

HEKLA **Reynslan er góð!**
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

# Kaupendur eru í sjöunda himni

**Áhugi á umhverfisvænum ferðamáta hefur aukist jafnt og þétt. Peugeot kemur til móts við viðskiptavini sína með framleiðslu á mengunarlitlum og eyðslugrönnum bílum.**

Peugeot hefur til margra ára verið meðvitað um þá ógn sem umhverfi okkar stafar af mengandi útbæstri bifreiða," segir Gestur Benediktsson, sölustjóri Peugeot hjá Bernard ehf. „Í dag býður Peugeot uppá framúrskarandi tækni sem dregur mikið úr útblæstri og um leið hefur eldsneytiseyðsla bifreiðanna minnkað til muna."

Frá árinu 2001 hefur Peugeot, annar stærsti bílframleiðandi Evrópu, selt yfir 1,1 milljón bifreiða með minni $CO_2$-útblástur en 120 g/km og meira en helmingur allra seldra Peugeot-bifreiða í dag er undir 140 g/km e-HDi – Micro Hybrid. „Þetta eru bifreiðar með útblásturstölur frá 98 g/km og eyðslutölur frá 3,8 l/100 km í blönduðum akstri þrátt fyrir að vera 1,6 dísilvél, 112 hestöfl og 285 Nm í tog," útskýrir Gestur. Hann nefnir einnig nýja kynslóð af svokölluðu Stop&Start-kerfi sem Peugeot er komið með í stóran hluta bifreiða í fólksbílalínu fyrirtækisins, en kerfið er innbyggt í e-HDi dísilvélar Peugeot.

„Kerfið vinnur þannig að í hvert sinn sem bifreið er í kyrrstöðu, til dæmis við rautt ljós eða stöðvunarskilti, drepur kerfið sjálfkrafa á vél bílsins Með endurbættri tækni kveikir vélin sjálfkrafa mjúklega á sér þegar ökumaður óskar eftir að halda ferð sinni áfram," útskýrir Gestur. Sem dæmi um bíl útbúinn þessum eiginleikum er Peugeot 508, sem er í flokki stærri fólksbíla. Hann eyðir 4,4 l/100 km í blönduðum akstri og er með aðeins 109 g/km útblástur af $CO_2$. Drægni bílsins á einum eldsneytistanki er allt að 1.800 km og þar sem hann er knúinn af einum umhverfisvænum orkugjafa er hægt að taka á hann eldsneyti á öllum bensínstöðvum, um allt land.

Öllum nýjum Peugeot-bifreiðum fylgir viðbótaábyrgð á vél umfram hefðbundinnar ábyrgðar. Sú ábyrgð nær til Peugeot-bíla upp að 200.000 km akstri, óháð aldri bifreiðar. „Til að viðhalda ábyrgð þarf að mæta í reglubundnar þjónustuskoðanir, samkvæmt ábyrgðarbók bílsins, á viðurkennt Peugeot-þjónustuverkstæði," segir Gestur og bendir fólki á söludeild Bernhard til að fá nánari upplýsingar. Hann segir viðskiptavini Peugeot ánægða með nýja tækni.



Gestur Benediktsson, sölustjóri hjá Bernhard ehf., segir fólk jafnvel geta nota það sem sparist við eldsneytiskaup til að fjármagna nýjan bíl. MYND/VALLI

„Kaupendur eru í sjöunda himni. Þeir spara eldsneytisútgjöld um allt að fimmtíu prósent, ef miðað er við bíl í svipuðum stærðarflokki eða jafnvel minni og sparnaðurinn er mun meiri hjá þeim sem koma af eyðslufrekum bílum. Fólk sem er að endurnýja gamla bílinn fjármagnar jafnvel þann nýja með því sem það sparar á eldsneyti. Þar að auki er bifreiðaskattur reiknaður út frá $CO_2$ á nýjum bílum í dag. Því lægri sem útblásturstölurnar eru, þeim mun lægri eru bifreiðagjöldin," segir Gestur.

Fjármögnunarfyrirtækin bjóða nú lán í allt að 7 ár og lánshlutfall upp á allt að 70% af kaupverði bifreiðar og nú eru til dæmis í boði svokölluð græn bílalán, en þau standa til boða við kaup á bílum sem eru með minni útblástur $CO_2$ en 120 g/km. Þau lán eru eins og hefðbundin bílalán eða bílasamningar að því undanskildu að ekki er rukkað lántökugjald vegna þeirra út árið 2011. Hjá okkur bjóðum við eins og er upp á 21 tegundir bifreiða sem uppfylla kröfur um slík græn lán, og þeim fer fjölgandi.

„Í flestum fólksbílum frá Peugeot er hægt að fá bifreið sem er með minni útblástur en 120 g/km og með eyðslutölur í blönduðum akstri á bilinu 3,8 til 5,0 l/100 km. En auðvitað hefur Peugeot breiða línu innan hverrar gerðar, þannig að hver og einn getur fundið bíl við sitt hæfi."




Hankook vetrardekk
tryggja gott grip allan veturinn við síbreytilegar íslenskar aðstæður.

Afgreiðslutímar í Sólningu, Smiðjuvegi og Barðanum, Skútuvogi
Virka daga 8.00–18.00

SÓLNING
Kópavogur, Smiðjuvegi 68–70 | Sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12 | Sími 421 1399
Selfoss, Eyrarvegur 33 | Sími 482 2722
www.solning.is

BARÐINN
Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080
www.bardinn.is


## HVERNIG SPARA MÁ ELDSNEYTI



**Keyrið í hæsta** mögulega gír. Því minna sem vélin þarf að reyna á sig, þeim mun minna eldsneyti eyðir hún. Því er mikilvægt að komast í háan gír eins fljótt og mögulegt er, sérstaklega á langferðum. Margir bílar hafa hraðastillingu (cruise control), sem er orkusparandi í lengri ferðum enda tryggir hún jafnan hraða og mjúkt aksturlag. Sjálfskipting kallar yfirleitt á meiri eyðslu en beinskipting. Hægt er að fá fram mýkri skiptingar á sjálfskiptum bíl með því að gefa örlítið eftir á eldsneytisgjöfinni þegar óskað er eftir skiptum í lægri gír.

Skrúfið rúðurnar upp. Opnir bílgluggar auka vindmótstöðu töluvert og þar með eldsneytiseyðslu, Á langferðum er frekar mælt með að hafa kveikt á loftkælingu eða kaldri miðstöð.

www.orkusetur.is


Betra Púst
- Almennar pústviðgerðir og sérsmíði
- Þjónusta f. stóra bíla
- Bílrúðuísetningar
- Bílrúðuviðgerðir
- Góð og örugg þjónusta



SKÓGARHLÍÐ 10, REYKJAVÍK
Sími: 555 7070
www.betrapust.is
betrapust@betrapust.is
Betra púst ehf
Skógarhlíð 10
105 Reykjavík

Frábært tæki í bílinn!
Pioneer



DEH-4300UB
4X50 W MOSFET magnari
Útvarp með 24 stöðva minni FM/MW/LW
USB og Aux í tengi á framhlið,
Mismunandi litir á skjá og hnöppum
Spilar MP3, WMA, CD-R, CD-RW
iPod og iPhone Ready
**Verð kr. 35.900,-**

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

www.peugeot.is

Peugeot 5008

# Sjö manna

sjálfskiptur, dísil.



EURO NCAP
FOR SAFER CARS
www.euroncap.com

**Peugeot 5008**, micro-Hybrid, sjálfskiptur, dísil.

| | | |
|---|---|---|
| Innanbæjar akstur | **5,4L/100km - 1.110km** | á einum eldsneytistanki |
| Utanbæjar akstur | **4,8L/100km - 1.302km** | á einum eldsneytistanki |
| Blandaður akstur | **4,9L/100km - 1.224km** | á einum eldsneytistanki |

$CO_2$ útblástur **127g/km.**

Peugeot 5008 sjálfskiptur, dísil kr.

**4.495.000**

beinskiptur, dísil kr. **4.290.000**

Aukabúnaður á mynd: Glerþak, þakbogar og álfelgur.

Sjáðu heiminn í nýju ljósi á nýjum sjö manna Peugeot 5008. Verðlaunaðri, fimm stjörnu fjölskyldubifreið þar sem allir í fjölskyldunni eiga sitt uppáhaldssæti. Hver og einn með nægjanlegt rými til að njóta akstursins, hvort sem er í lengri eða styttri ferðum.
Með nýrri micro-Hybrid tækni tryggir Peugeot síðan lægri eldsneytiseyðslu sem dregur enn frekar úr lágum rekstrarkostnaði 5008.

**Peugeot 5008, þar sem allir eru í sjöunda himni, í öllum sjö sætunum.**

PEUGEOT 5008

PEUGEOT
MOTION & EMOTION

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535




# Ávinningur í röðum

Orkulykillinn færir þér svo miklu meira en bara afslátt af ódýrasta* eldsneytinu.

Hafðu orkulykilinn á kippunni og tryggðu þér líka:

- 2 kr. afslátt hjá Orkunni
- 4 kr. afslátt hjá Shell
- 5 kr. afslátt á Ofurdögum
- 10 kr. afslátt í fyrstu 2 skiptin
- 10 kr. afslátt á afmælisdaginn
- Afslátt af bílavörum
- Afslátt af smurþjónustu
- Afslátt af bílaþvotti
- Greiðslumöguleika á Stöðinni
- Orkuvernd (verðstefna Orkunnar)
- Reglulega endurgreiðsluleiki
- Sérmerkingar lykla

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**

*Samkvæmt www.bensinverd.is

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

ENNEMM / SÍA / NM48323



**Stíflað nef** stafar af því að blóðflæði eykst til slímhúðar nefsins. Við það bólgnar hún og varnar því að loft komist eftir öndunarveginum.



# Dáleiðslunemar bjóða meðferð

**Nemar á dáleiðslunámskeiði hjá breska dáleiðslukennaranum John Sellars bjóða ókeypis meðferð í æfingaskyni.**

Dáleiðslunámskeið stendur nú yfir í Reykjavík, en það er annað námskeiðið sinnar tegundar hér á landi á skömmum tíma. Kennari er dáleiðarinn og dáleiðslukennarinn John Sellars frá Bretlandi, en hann hefur þrjátíu ára reynslu af dáleiðslu og hefur meðal annars þróað sérstaka dáleiðslumeðferð gegn þunglyndi. Sellars til aðstoðar er Sarah Bartlett.

Fyrri hluta námskeiðsins er að ljúka og þurfa nemendur að fá til sín fólk í dáleiðslumeðferð til æfingar fram að seinni hluta námskeiðsins, sem hefst í byrjun nóvember. Nemendurnir eru þegar þjálfaðir í að veita slökun, fjarlægja kvíða, aðstoða við endurupplifun minninga, auka sjálfstraust, bæta sjálfsmynd og ýmislegt fleira. Eftir seinni hluta námskeiðsins er þess vænst að þeir geti aðstoðað fólk við að hætta að reykja og við að léttast, svo dæmi séu nefnd. Nemendurnir óska nú eftir sjálfboðaliðum til að prófa dáleiðslumeðferð án endurgjalds. Áhugasömum er bent á heimasíðuna http:/4.is/null þar sem hægt er að komast í samband við þá og fá tíma.



John Sellars segir mikinn áhuga á dáleiðslu hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Exem er langvinnur húðsjúkdómur sem veldur kláða, roða, þurrki og sprungum á húð. Helstu orsakir eru erfðir, umhverfisþættir eins og rykmaurar og frjókorn, ofnæmisvakar í fæðu, hormónabreytingar, streita og árstíðir.



**Heimild: www.doktor.is**





Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

STOTT PILATES er krefjandi æfingakerfi og frábær leið til að:

- Móta líkamann, bæta líkamsvitund og líkamsstöðu.
- Lengja vöðva og styrkja djúpvöðva í kvið og baki.
- Losa spennu, auka liðleika og bæta jafnvægi milli vöðvahópa.

6 vikna námskeið - Mánudaga og miðvikudaga kl. 10:30 / Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 16:30. Kennari: Agnes Amalía Kristjónsdóttir.

**Verð kr. 19.900.**

**Barnagæsla - Leikland JSB**

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun






NÁMSKEIÐUM FYLGIR FRJÁLS MÆTING Í TÆKJASAL

*TT-námskeið hefjast 9. október*

| TT tímar í boði: | | | |
|---|---|---|---|
| 6:15 | A | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 7:20 | C | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 10:15 | D | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 12:05 | F | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 14:20 | G | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 16:40 | H | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 17:40 | I | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 18:40 | J | mánudagar kl. 18:40, miðviku- og fimmtudagar kl. 18:25 | |
| 18:25 | TT3 | Mánudagar kl 18:25 og miðvikudagar kl. 19:25 - (16-25 ára) | |

Við töpum samtals um 1 TONNI af fitu á hverju TT- námskeiði og bætum þann missi með frábæru formi og hreysti

**Fundur fyrir alla TT flokka sunnudaginn 9. október kl. 16:30**

15% afsláttur fyrir þær konur sem halda áfram!

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun






Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

**Komdu þér í gang!**

- 2ja vikna námskeið 5x í viku í tækjasal með persónulegri leiðsögn og aðhaldi
- Tilvalið að mæta með vinkonunum – hámark 6 í hóp
- Leiðbeiningar um mataræði
- Mæling og vigtun í byrjun og enda námskeiðs

**Verð aðeins kr. 12.000.**

**Barnagæsla - Leikland JSB**

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun






Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Sérstök áhersla lögð á miðjuna – kvið og bak. Hentar öllum aldurshópum og líkamsgerðum. Þú finnur strax árangur eftir fyrstu æfinguna án þess að reyna of mikið á þig.

Lokuð 6 vikna námskeið 2x í viku í 60 mínútur:
Þriðjudaga og fimmtudaga kl 6:15, 10:30 og 12:00 / Mánudaga og miðvikudaga kl 16:30

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal. **Verð kr. 14.900.**

**Barnagæsla - Leikland JSB**

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Þjónustuauglýsingar

**Sími 512 5407**

## NÝ SKARTGRIPASENDING
Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið.
Mikið úrval af skartgripaefni, gott verð.
Allt til glervinnslu og leirvinnslu.
Erum á Facebook.com/glitehf
**GLIT**
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

---

**Frábæru minimizer haldararnir sem Oprah mælir með komnir.**
Verð 7.990 kr. 4 litir .
St. 36C-42DD
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

---

**Kíktu við ný hádegisverðatilboð**
Italiano Pizzeria
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan smáralind • Sími 55 12345

---

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**
*Viðgerðir og viðhald fasteigna!*
info@husavidgerdir.is - www.husavidgerdir.is
info@hagaedi.is - www.hagaedi.is
**Sími: 565-7070**

---

**Contour HD 1080p** er heimsins fyrsta "full HD" hjálmamyndavélin sem tekur upp í 1080p video myndagæðum. Fullkomin vél fyrir útivistarfólk sem vill einungis það besta sem völ er á.
Skoðið www.hobbystore.is • Sími 867 7866

---

**www.tomstundahusid.is**
**Lampar með stækkunargleri í úrvali.**
Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587-0600
Tómstundahúsið

---

**Sólbaðsstofa.**
Gullfalleg sólbaðsstofa með 6 fullkomnum bekkjum með TV og fl. Fæst á fínu verði.
**Brúðarkjólaleiga.**
Glæsileg verslun með fatnað og fylgihluti , allt eigin innflutningur. Ótrúl. gott verð.
**Upplýsingar í síma 773-4700, Óskar.**
**Fyrirtækjasala Ísl. Ánanaustum www.atv.is**

---

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Hjólbarða Grafarvogs Verkstæði
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

---

**Hraði + Action = Sönn skemmtun**
*Sjóveiki **nei.** Bara stuð. Vinnuhópar. Vinahópar.*
SeaSafari.is ☎ 861 3840 Reykjavík

---

**Gabriel demparar í 40 ár**
Gabriel
GS varahlutir
Bíldshöfða 14 • Rvk • S. 567 6744 • gsvarahlutir.is

---

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

---

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

---

**Allt á einum stað**
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

---

**Startarar og alternatorar**
*Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar.*
*Varahluta og viðgerðaþjónusta, gerum föst verðtilboð í viðgerðir*
**55ár í þjónustu við bíleigendur!**
Ljósboginn ehf Bíldshöfða 14 sími 553-1244
ljosboginnehf@simnet.is

---

Eigum á lager aðalljós, afturljós og hliðarljós fyrir flestar gerðir vörubíla, höfum einnig úrval af boddý hlutum í vörubíla.
Minnum einnig á varahlutaþjónustu í vörubíla og vinnuvélar.
OK VARAHLUTIR Sími: 696-1050 okspares@simnet.is

---

**2K VERKTAKAR**
- Hellulagnir
- Drenlagnir
- Jarðvegsskipti
- Lóðalögun
- Ráðgjöf

*Tilboð þér að kostnaðarlausu !*
Pétur S. 699 3090 • tvok@internet.is

---

**Rafvirkjar - Smiðir**
**Flísalagnir - Múrarar**
**Málarar - Píparar**
LP VERK ehf. BYGGINGAFÉLAG
Allar almennar húsaviðgerðir!
**698 6738**
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

---

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

---

CMT ORANGE TOOLS
**CMT sagarblöð og fræsitennur**
Ásborg vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

---

**Lok á heita potta**
*Áklæði úr sterkum pvc segldúk til í 3 litum.*
*Upplýsingar gefur Kristinn í síma 899-7663 eða tjalda@simnet.is*

---

**XPRENT** -merkir allt!
Umhverfismerkingar.
Bíla- og gluggamerkingar.
Hentar t.d. fyrirtækjum, stofnunum og heimilum.
Xprent - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

---

**www.gottverk.is • GOTT VERK EHF**
Alhliða garðaþjónusta og lóðafrágangur.
*Gerum föst verðtilboð!*
Hellulagnir • Hleðsluveggir • Þökulagnir
Sláttur • Klipping • Hreinsun • Jarðvegsskipti
Frekari upplýsingar í s. 897 3057 og á www.gottverk.is

---

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

---

**BRA**
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

---

**Alla fimmtudaga**
gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is




FORD Expedition limited 4X4. Árgerð 2007, ekinn 67 Þ.KM, sjálfskiptur, Einn með öllu, Litur út sem nýr, Ásett verð 6.490þús.kr Rnr.115198, er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**




### Heimilisþjófavörn

Þjófavörn fyrir heimahús, hringir í 3 símanúmer.3 skynjarar. Örfá stk eftir. Tilboð núna meðan birgðir endast. 14.900 krónur. Áður 25.900. City Runner S: 567 1040 Laugarvegur 168.



Vorum að fá nýja sendingu af okkar vinsælu Ál-römpum, fyrir flestar tegundir bíla. Taka allt að 150kg. Verð 37,500 kr. Tilboð núna 14.900 kr. Örfá stk eftir!

**City Runner ehf**
**Laugarvegur 168, 105 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Opið frá 14 til 17 mánudaga til föstudaga.**

## Bílar til sölu



Til sölu Peugeot Boxer extra langur og extra hár, diesel. Árg. '07 lítið ekinn. Skipti koma til greina. Uppl. s. 849 4481 eða 892 0904.



### Tilboð 380.000

Suzuki Grand Vitara. Árg. '99, ek. 163 þ. Smurbók, dráttarkrókur. Tilboð 380 þ. stgr. S. 861 8822



### Gerðu felgurnar eins og nýjar!

Niðsterk duftlökkun. Héðinsgata 2 105 Reykjavík. WWW.duft.is Sími 512 4460.



### Útsala!

VW Passat árg.'01. 1,6. Bsk. Sk.'12. Bíll í góðu standi. Mikið endurnýjaður. Vetrardekk og Sumardekk á álfelgum. Verð 470þús. Uppl. í S. 666 6550.



### Til sölu

Toyota Land Cruiser 200vx Diesel nýskráður 31/1/2008. Ek 45000km, sk. 2013. Ný dekk 20"felgur, vindhlífar á húddi og hurðum. húddmerki, krómlistar á hurðum, sóllúga og leiðsögukerfi, dráttarbeisli, filmur í gluggum, ljóshlífar á framljósum. Aukadekk og felgur. Verð 11,3 millj. Fæst á 10,5 millj. Skipti möguleg á mun ódýrari bíl. Viðbótar ábyrð til 31.01.13 Uppl. í s. 893 0411



Land Cruiser 100, Árg. 2005, Dísel, ek. 140þ.km Hlaðinn aukahlutum, verð 5.990.000 Nánari uppl. í síma 825-8034.



BMW 318 sjáfssk. árg. '01 ek. 200þús. Ný yfirfarin. Verð 800þús. Uppl. s. 662 0510.



Ford transit árg.'97 Verd 400þ.kr. simi 662 0510.



Toyota Corolla 1,6. Árg. '96 ek. 150 þ. Sjálfsk. lítur ágætlega út, Verð 99 þ. Uppl. í s: 777 9200.



### Útsala!!

Toyota Avencis árg.'98 ssk, mikið yfirf. góður bíll, V. 350 þ. Subaru Impressa árg. '97. góður bíll. V. 195 þ. Báðir sk. 12. S. 844 6609.

Subaru forester árg.06. Yfirtaka á láni uppá 1,3m. óskast og jafnvel ódýrari bíll uppí. Miða við upp 2m fyrir hann. Ný dekk. Ekinn um 71þ.km. María s.8497826

Til sölu Nissan Almera '99 1400CC, 4. dyra, bsk, Ek 158þ. Nýtt í bremsum, ný kúpling, Sk '12, Verð 370þús. S: 868 8565.

## 0-250 þús.



### Ódýr sjálfskiptur

Hyundai Accent 1.5 árg 2001, ekinn 162þús, sjálfskiptur, ný skoðaður 2012, bíll í mjög góðu ástandi, mjög eyðslugrannur, verð : 480þús Tilboðsverð 340þús, uppl í s: 659-9696

## 250-499 þús.



### Sparigrís

Renault Clio árg '99, ekinn 147þús, 3dyra, beinskiptur, ný skoðaður 2012, einn eigandi nánast frá upphafi, mjög heill og góður bíll, verð 450þús, Tilboðsverð 320þús, uppl í s: 659-9696

## Bílar óskast

### !!! 0-250þús staðgreitt !!!

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

## Pallbílar

Stórlækkað verð! Til sölu er Ford F150 2002, verð aðeins 690 þús. Uppl. í 892 0807 eða 897 4585.

## Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar




### Vörubíla og vinnuvéladekk

Eigum á lager 315/80R22,5 vörubíladekk á góðu verði Höfum einnig gott úrval af vinnuvéladekkjum O.K. Varahlutir ehf sími 696-1050- okspares@simnet.is

## Reiðhjól




## Kerrur



### Notaðar vinnulyftur

Notaðar vinnulyftur til sölu, verð frá kr. 700.000+VSK Upplýsingar á www.lyfta.is og í síma 421 4037.

## Vinnuvélar






LIPRIR OG VEL BÚNIR BÍLKRANAR OG VÖRUBÍLAR Í HVERS KYNS HÍFINGARVINNU. DS-LAUSNIR ehf 561-8373 www.dslausnir.is

## Bátar

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

## Hjólbarðar




### Dekkjavélar

Affelgunar og Ballancevélar, einnig tveggja pósta bílalyftur, ATH aðeins örfá eintök eftir á lager Minnum einnig á varahlutaþjónustu fyrir vörubíla og vinnuvélar S: 696-1050 okspares@simnet.is

### Þarftu að láta hjólastilla bílinn?

Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




### Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

### Varahlutavaktin
### Sími 555 6666

Erum að byrja rífa H1 (starex), Peugeot '02, Golf '98-'05, WV Passat '98-'00, Pajero '92-00 Accent '98. Grand vitara XL7 '03. Benz '88-'05, Landrover Discovery '98. Fiat Stilo '04 Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á staðnum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Vectra '98, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

### VW - Skoda - Varahlutir

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

## Viðgerðir

### Bílaviðgerðir

Tek að mér að lagfæra bíla og fara með í skoðun. Uppl. í s 893 3475.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

### Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

### Vy-þrif ehf.

öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Garðyrkja










Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.




### Trjáfellingar

Klippi, felli snyrti tré og runna. . Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

### Er öspin til ama ?

Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald










Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

### Topp Verktakar ehf

Flísar - parket - mála - múrarar - steinslípun - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 774 4449 topp.verktakar.ehf@gmail.com

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.



†

*Elskuleg móðursystir, systir okkar, mágkona og frænka,*

**Esther J. Hafliðadóttir**
frá Ísafirði, Álftamýri 32, Reykjavík,

er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Kristbjörg D. Þorbjarnardóttir Elvar Sigurðsson**
**systur hinnar látnu, mágkona og fjölskyldur þeirra.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem heiðruðu minningu*

**Ruthar Guðmundsson**

og sýndu okkur samúð og hlýju við andlát hennar. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Seljahlíðar fyrir alúð og stuðning.

**Guðmundur J. Axelsson Arndís Axelsson**
**Dóra Axelsdóttir Guðmundur R. Jónsson**
**barnabörn og langömmubörn**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Margrét Sveinsdóttir**
Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést sunnudaginn 18. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sveinn Þórarinsson**
**Ólöf Steinunn Þórarinsdóttir**
**Jón Mar Þórarinsson**
**og fjölskyldur.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þuríður Ólafsdóttir**

lést á heimili sínu, Strikinu 4, Garðabæ, 25. september. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Magnús Guðjónsson**
**Guðjón Magnússon**
**Ólafur Magnússon Tamara Suturina**
**Jóhann Magnússon Kristín Björg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorvarður Magnússon**
byggingameistari,
Álfaskeiði 71, Hafnarfirði,

lést mánudaginn 26. september á Líknardeild Landspítalans, Landakoti.

**Áslaug Einarsdóttir**
**Sigurður Þorvarðarson Vigdís Victorsdóttir**
**Guðríður Þorvarðardóttir**
**Þóra Þorvarðardóttir**
**Þorvarður Árni Þorvarðarson Anna Dagbjört Hermannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

# Fúsi froskagleypir snýr aftur

Fúsi froskagleypir snýr aftur í Gaflaraleikhúsið hinn 1. október, en þá tekur Leikfélag Hafnarfjarðar aftur upp sýningar á barnaleikritinu Fúsa froskagleypi eftir Ole Lund Kirkegaard í Gaflaraleikhúsinu. Sýningin sló í gegn síðasta vetur og þurfti að hætta fyrir fullu húsi í vor.

Verkið er bráðfjörugt barna- og fjölskylduleikrit með skemmtilegri tónlist Jóhanns Moravek undir leikstjórn Bjarkar Jakobsdóttur. Söguþráðurinn fjallar á gamansaman hátt um samskipti Fúsa froskagleypis við krakkana og bæjarbúana í Hafnarfirði og hvernig heimsókn Benító Sirkussins til bæjarins breytir miklu í lífi allra.



## Halli Reynis á Rosenberg

Trúbadorinn vinsæli Halli Reynis verður með tónleika á Café Rosenberg í kvöld klukkan 21. Halli verður einn með gítarinn og á efnisskránni verða mörg ný lög auk gömlu laganna sem aflað hafa honum vinsælda í gegnum árin.

Nokkuð er um liðið síðan Halli sendi frá sér nýtt efni, ef frá er talið lagið Ef ég hefði vængi, sem keppti í Söngvakeppni Sjónvarpsins í fyrravetur, og því eflaust mörgum orðið mál að heyra nýtt efni frá þessum vinsæla trúbadúr. **- fsb**



**HALLI REYNIS** flytur nýtt efni á Café Rosenberg í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




**HRINGANÁ** Ein af peysunum í Lopa og bandi.

# Fersk mynstur og fínar uppskriftir

Lopi og band heitir nýútkomið prjónablað sem hefur verið endurvakið eftir þrettán ára svefn. Það er fullt af ferskum mynstrum og fínum uppskriftum. Meðal nýjunga eru útprjónaðar tölvutuðrur, sem eiga eflaust eftir að slá í gegn.

Þær Margrét Linda Gunnlaugsdóttir og Ásdís Birgisdóttir eiga heiðurinn að því og tilganginn segja þær þann að auka fjölbreytni í íslensku uppskriftaflórunni. „Stefnan er að kynna þjóðlega hönnun sem tekur mið af tískustraumum, bæði hér innanlands og í hátískuheiminum," segir í formála blaðsins.

Margrét Linda og Ásdís eru báðar textílmenntaðar úr Myndlista-og handíðaskólanum og hafa starfað við hönnun á handprjóni í mörg ár. Aðrir sem eiga uppskriftir í þessu fyrsta hefti Lopa og bands, eftir hlé, eru Katrín Óskarsdóttir, Sif Hauksdóttir og Þórdís Björnsdóttir.

Lopi og band mun koma út reglulega. Næsta blað verður með ungbarnafötum og teppum.



†

*Hjartkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sverrir Sigurðsson Svavarsson**
Suðurgötu 18b, Sauðárkróki,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 27. september 2011. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 8. október n.k. kl. 11.00.

**Sigrún G. Halldórsdóttir**
**Magnús Sverrisson Ásta P. Ragnarsdóttir**
**Jóhann M. Sverrisson Leidy Karen Steinsdóttir**
**Halldóra Ragna Einarsdóttir Gunnlaugur Eiðsson**
**Gísli Arnar Elínarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórir Hafnfjörð Óskarsson**
bifreiðarstjóri,
Merkurgötu 12, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á Sólvangi í Hafnarfirði þann 18. september sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeir sem vilja minnast hins látna láti Minningarsjóð Guðjóns Magnússonar og Guðrúnar Einarsdóttur njóta þess. Minningarkortin eru seld í Blómabúð Burkna, Hafnarfirði.

**Ingibjörg Kristín Þorgeirsdóttir**
**Óskar H. Þórisson**
**Magdalena Sirrý H. Þórisdóttir Jón Björn Sigtryggsson**
**Hrafnhildur H. Þórisdóttir Jens K. Þorsteinsson**
**Marinó H. Þórisson Steinunn Arnljótsdóttir**
**Sverrir H. Þórisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Þökkum af alhug þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við fráfall og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Kristjönu Halldórsdóttur**
frá Ísafirði.

Við þökkum sérstaklega starfsfólki á hjúkrunardeild A 3 á Hrafnistu sem annaðist hana af umhyggju og alúð.

**Aðstandendur**



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður míns, tengdaföður og afa,*

**Jóns Guðmundssonar**
netagerðarmanns,
Kjarrmóum 16, Garðabæ.

**Guðbjörg Sigríður Jónsdóttir Loftur Bjarni Gíslason**
**Helga Björg Loftsdóttir**
**Jón Bjarni Loftsson**
**Ísak Máni Loftsson**
**Óli Arelíus Einarsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**




# ELDFJALL

## FRUMSÝND 30. SEPTEMBER

ZIK ZAK FILMWORKS OG FINE & MELLOW KYNNA KVIKMYND EFTIR RÚNAR RÚNARSSON „ELDFJALL“
THEODÓR JÚLÍUSSON MARGRÉT HELGA JÓHANNSDÓTTIR ÞORSTEINN BACHMANN ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR
HÁR OG FÖRÐUN GUÐBJÖRG HULDÍS KRISTINSDÓTTIR BÚNINGAHÖNNUN HELGA RÓS V. HANNAM LEIKMYND HAUKUR KARLSSON
TÓNLIST KJARTAN SVEINSSON HLJÓÐ INGVAR LUNDBERG KLIPPING JACOB SECHER SCHULSINGER KVIKMYNDATAKA SOPHIA OLSSON DFF
FRAMKVÆMDASTJÓRI RANNVEIG JÓNSDÓTTIR SAMFRAMLEIÐANDI HLÍN JÓHANNESDÓTTIR EXECUTIVE FRAMLEIÐANDI THOMAS GAMMELTOFT
FRAMLEIÐENDUR ÞÓRIR SIGURJÓNSSON SKÚLI FR. MALMQUIST EGIL DENNERLINE HANDRIT OG LEIKSTJÓRN RÚNAR RÚNARSSON
STYRKT AF NEW DANISH SCREEN KVIKMYNDASJÓÐI ÍSLANDS NORRÆNA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSSJÓÐNUM
LISTRÆN STJÓRN, NEW DANISH SCREEN JACOB HØGEL RÁÐGJÖF, NEW DANISH SCREEN KIM LEONA FORSTÖÐUMAÐUR NORRÆNA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSSJÓÐSINS HANNE PALMQUIST FORSTÖÐUMAÐUR KVIKMYNDASJÓÐS ÍSLANDS LAUFEY GUÐJÓNSDÓTTIR

FINE & MELLOW ZIK ZAK DR ICELANDIC Film Centre NEW DANISH SCREEN

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** gáski, **6.** frá, **8.** skjön, **9.** ot, **11.** klaki, **12.** titill, **14.** skaf, **16.** í röð, **17.** titill, **18.** fugl, **20.** óhreinindi, **21.** skrambi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** atorka, **3.** í röð, **4.** baptisti, **5.** loka, **7.** fyrirhyggja, **10.** kvenkyns hundur, **13.** hluti verkfæris, **15.** kattardýr, **16.** vætla, **19.** fyrirtæki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ærsl, **6.** af, **8.** ská, **9.** pot, **11.** ís, **12.** príor, **14.** skrap, **16.** íj, **17.** frú, **18.** löm, **20.** im, **21.** ansi.
**LÓÐRÉTT: 1.** kapp, **3.** rs, **4.** skírari, **5.** lás, **7.** forsjón, **10.** tík, **13.** orf, **15.** púma, **16.** íla, **19.** ms.


# Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild

## Næturstarfsmaður Hjálparsíma Rauða krossins 1717

**Reykjavíkurdeild RKÍ auglýsir eftir næturstarfsmanni hjá Hjálparsíma Rauða krossins 1717.**

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í félagsvísindum eða sambærileg menntun æskileg. Lágmarkskrafa er stúdentspróf.
- Leikni í mannlegum samskiptum nauðsynleg.
- Reynsla af virkri hlustun og ráðgjöf kostur.

**Helstu verkefni**
- Veita hlustun og upplýsingar um úrræði
- Tölvuskráning og almenn skrifstofustörf
- Annað tilfallandi

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Nánari upplýsingar gefur Karen H. Theodórsdóttir verkefnastjóri Hjálparsímans 1717 í gegnum tölvupóst karen@redcross.is.
Umsóknum skal skila á skrifstofu Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands, Laugavegi 120, 4. Hæð, 105 Reykjavík eða á ofangreint netfang fyrir mánudaginn 3. október n.k.


**Í yfirrétti (High Court of Justice, Chancery Division, Companies Court)**
**Nr. 7715 árið 2011**
**varðandi**
**EULER HERMES UK PLC (fyrri heiti: TRADE INDEMNITY COMPANY, LIMITED, TRADE INDEMNITY COMPANY LIMITED, TRADE INDEMNITY PLC OG EULER TRADE INDEMNITY PLC)**
**og**
**EULER HERMES CREDIT INSURANCE BELGIUM SA (NV)**
**og varðandi bresk lög frá árinu 2000 um fjármálaþjónustu- og markaði**
**(Financial Services and Markets Act 2000)**
**Yfirfærsla vátryggingastarfsemi**

Hér með tilkynnist að með umsókn dags. 2. september 2011 sótti Euler Hermes UK Plc („**framseljandi**") m.a. um dómsúrskurð hjá yfirrétti Englands og Wales (High Court of Justice), skv. 1. mgr. 111. gr. breskra laga frá árinu 2000 um fjármálaþjónustu og -markaði („**lögin**"), sem heimilar áætlun um framsal vátryggingastarfsemi („**áætlunin**") með yfirfærslu allrar starfsemi fyrirtækisins með greiðsluvátryggingar og ábyrgðaryfirlýsingar til Euler Hermes Credit Insurance Belgium SA (NV) („**framsalshafa**") og um úrskurð með ákvæðum skv. 112. gr. laganna.

Í starfseminni sem til stendur að yfirfæra („**yfirfærða starfsemin**") felast allar greiðsluvátryggingar sem framseljandi hefur ábyrgst frá 1. janúar 1975 og öll starfsemi með ábyrgðaryfirlýsingar sem voru framseldar framseljanda frá Euler Hermes Guarantee Plc árið 2010 ásamt nýrri starfsemi með ábyrgðir sem framseljandi hefur ábyrgst frá 1. júlí 2010. Yfirfærða starfsemin samanstendur fyrst og fremst af:

(a) greiðsluvátryggingum sem bresk og nokkur erlend fyrirtæki keyptu gegn vanskilum óvefengjanlegra viðskiptaskulda vegna veitts varnings og þjónustu með skammtímaláni, yfirleitt allt að 90 daga, og frá 1. apríl 2011 með langtímalánum til allt að 7 ára (sem kunna að fela í sér einhverja tryggingu gegn pólitískri áhættu);
(b) skilyrtum ábyrgðum og bankaábyrgðum sem tryggja framkvæmd verksamninga um byggingarframkvæmdir fyrir hönd verktaka;
(c) skuldabréfum sem eru útgefin til handa sveitarfélögum sem veðtryggingar fyrir framkvæmdum skv. skipulagslögum („Planning Acts") í Bretlandi og Írlandi;
(d) ýmsum öðrum skuldabréfum sem tryggja framkvæmd ýmissa samninga; og
(e) umfangslítilli starfsemi með greiðsluvátryggingar þar sem framseljandi endurtryggir aðilann sem ber aðaláhættuna (e. „fronting") í ýmsum lögsögum.

Sért þú í vafa um hvort tryggingar þínar eru á meðal þeirrar starfsemi sem fyrirhugað er að yfirfæra, hafðu þá vinsamlegast samband við þjónustuverið vegna yfirfærslunnar, sem nánari upplýsingar er að finna um hér að neðan.

Eintök af skýrslu um skilmála áætlunarinnar, sem var samin af óháðum sérfræðingi í samræmi við 109. gr. laganna, („**skýrslan um áætlunina**") og eintök af yfirlýsingu sem greinir frá skilmálum áætlunarinnar og hefur að geyma samantekt á skýrslunni um áætlunina eru fáanleg endurgjaldslaust frá ritara félagsins (Company Secretary) hjá Euler Hermes UK Plc, 1 Canada Square, London, E14 5DX, Bretlandi (tilv.: EHUK Transfer); fax: +44 (0)20 7860 2482, netfang: richard.barnett@eulerhermes.com, eða með því að hlaða niður skjalinu af vefsíðunni http://www.eulerhermes.co.uk/business-transfer-scheme

Vátryggingatakar sem hafa spurningar um fyrirhugaða yfirfærslu eða þurfa nánari upplýsingar geta einnig haft samband við þjónustuverið í síma +44 (0)20 7860 2811 á skrifstofutíma eða með því að senda okkur tölvupóst á ofangreint netfang.

Umsóknin verður tekin fyrir hinn 8. desember 2011 hjá dómara Chancery-sviðs yfirréttarins (High Court) í Royal Courts of Justice, Strand, London WC2A 2LL, Bretlandi. Hverjum þeim (þ.m.t. starfsmönnum framseljanda eða framsalshafa) sem telur að framkvæmd áætlunarinnar myndi hafa neikvæð áhrif á hann er heimilt að:

(i) vera viðstaddur fyrirtökuna og flytja mál sitt í eigin persónu;
(ii) ráða málaflutningsmann (e. barrister) eða lögfræðing (e. solicitor) til að vera viðstaddur fyrirtökuna og flytja mál hans fyrir hans hönd; eða
(iii) flytja mál sitt skriflega án þess að vera viðstaddur fyrirtökuna.

Ef þú hyggst mæta í fyrirtökuna í eigin persónu eða fá einhvern annan til þess fyrir þína hönd þarft þú að tilkynna slíka fyrirætlan skriflega og gera grein fyrir ástæðunum fyrir því að þú telur þig geta orðið fyrir neikvæðum áhrifum.

Slíka tilkynningu eða skriflegan málflutning skal senda ritara félagsins (Company Secretary) hjá Euler Hermes UK Plc, 1 Canada Square, London, E14 5DX, Bretlandi (tilv.: EHUK Transfer); netfang: richard.barnett@eulerhermes.com eða til Clyde & Co LLP, The St Botolph Building, 138 Houndsditch, London, EC3A 7AR, Bretlandi (tilv.: GEQ/CZD/1104904).Vinsamlegast afhentu slíka tilkynningu eða skriflegan málflutning fyrir lok dags hinn 24. nóvember 2011.

**Clyde & Co LLP,** The St Botolph Building, 138 Houndsditch, London EC3A 7AR, Bretlandi.
*Lögfræðingar Euler Hermes UK Plc* (tilv.: GEQ/CZD/1104904)

# Spennið beltin kæru farþegar

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**

Eitt hataðasta fyrirtæki landsins hefur fengið nýjan forstjóra. Það var viðtal við hann hér í blaðinu um síðustu helgi, Birgi Jónsson, forstjóra Iceland Express. Hann hafði reyndar áður verið forstjóri fyrirtækisins um tíma fyrir nokkrum árum og í viðtalinu viðurkenndi hann að skammast sín fyrir forstjóratitilinn í ferilskránni.



**ÉG FAGNAÐI** mikið þegar Iceland Express kom á markaðinn fyrst með sín lágu fargjöld. Loksins hafði opnast möguleiki fyrir meðaljón eins og mig á að komast út fyrir landsteinana. Ég flaug með félaginu til London og þaðan eitthvert lengra út í heim, flaug til Köben fram og til baka margar ferðir og eitt sinn til Frankfurt. Nýtti mér líka að geta flogið milli Köben og Akureyrar. Ég held að ég geti nánast talið á fingrum annarrar handar þær ferðir sem ég fór með hinu félaginu eftir að Iceland Express kom til. Enda kostaði það mig hönd og löpp og höfuðið með. Jafnvel eftir að það fór að bjóða tilboð og keppa við hið nýja félag valdi ég frekar Iceland Express. Það hafði jú leyst mig úr fjötrum.

**ÉG LENTI** heldur ekki í teljandi vandræðum framan af. Heyrði bara einhverjar hryllingssögur af seinkunum, skyndilegum breytingum á lendingarstað í miðri ferð, óvæntum millilendingum, þrengslum, biluðum sætum, matarskorti og upplýsingaskorti! En svo kom á endanum að því.

**ÉG REYNDI** að láta það ekki á mig fá til að byrja með en klukkutímahangs á flugvöllum er ergjandi. Biluð sæti í fimm tíma flugi til Ameríku verða líka til að ergja mann svolítið og tilkynning frá flugstjóra, þegar allir eru sestir, um að flogið verði fyrst til Kanada eftir eldsneyti áður en flogið verði til New York er líka ergjandi. Fyrir flughrædda er ekkert grín þegar bætast við auka flugtak og lending, og talandi um flughræðslu. Hana þekkti ég ekki fyrr en eftir heimferð með Iceland Express í vél sem virtist hanga saman á lyginni einni saman. Áður gat ég ekki sofnað kvöldið fyrir ferðalag af spenningi, nú get ég ekki sofnað vegna hræðslu.

**NÝI FORSTJÓRINN** lofaði bótum, sagðist ætla að bæta þjónustuna og seinkanir heyrðu sögunni til. „Þetta hætti í gær," sagði hann kokhraustur og það hnussaði í mér. Innst inni vona ég þó að honum takist það, því þrátt fyrir að hafa rænt mig ánægjunni við að fljúga var það nú einu sinni Iceland Express sem gerði mér það mögulegt.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# LEIKUM OG LESUM



## Lestur er lífsstíll

Fimmtán mínútna lestur á dag styrkir barnið þitt í námi og treystir fjölskylduböndin. Hjá Eymundsson fæst úrval góðra og skemmtilegra bóka fyrir notalegar stundir.




TILBOÐ 3.299 kr. Fullt verð 3.999 kr.

Barnabóka-verðlaun 2011




TILBOÐ 3.299 kr. Fullt verð 3.999 kr.

TILBOÐ 2.499 kr. Fullt verð 2.999 kr.

TILBOÐ 3.299 kr. Fullt verð 3.999 kr.

TILBOÐ 2.799 kr. Fullt verð 3.299 kr.

TILBOÐ 1.199 kr. Fullt verð 1.499 kr.

TILBOÐ 2.999 kr. Fullt verð 3.499 kr. CD fylgir

TILBOÐ 3.299 kr. Fullt verð 3.999 kr.

TILBOÐ 2.499 kr. Fullt verð 2.999 kr.

Tilboðin gilda til og með 19. okt.

ENNEMM / SIA / NM48332

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Eymundsson.is

! **ILAN VOLKOV** stjórnar sínum fyrstu tónleikum sem aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld. Með tónleikunum tekur hann formlega við stöðu listræns stjórnanda og aðalstjórnanda hljómsveitarinnar. Einleikari á tónleikunum er flautuleikarinn Melkorka Ólafsdóttir, sem mun túlka seiðandi línur japanska meistarans Takemitsus. Þá verður sjöunda sinfónía Mahlers flutt.

# Keppt í teikningu

Listasafn Reykjavíkur efnir til teiknisamkeppni, þar sem grunnskólanemum í 7. bekk og á unglingastigi og almenningi, 16 ára og eldri, er boðið að taka þátt. Efnt er til samkeppninnar í tilefni af því að safnið hefur að undanförnu staðið fyrir sýningum þar sem teikningin er í forgrunni. Annars vegar er um að ræða sýningarnar Erró–Teikningar og Hraðari og hægari línur – Úr einkasafni Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur, sem nú standa yfir í sölum Hafnarhússins.

Samkeppnin felst í því að skila inn teikningu á pappír, samkvæmt verkefnalýsingu sem er að finna á vef Listasafnsins, www.listasafnreykjavikur.is. Skilafrestur fyrir innsend verk rennur út 1. nóvember. Sextíu verk verða valin úr innsendum teikningum til sýningar í F-sal Hafnarhússins. **- hhs**


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**21.09.11 - 27.09.11**



**1** Frönsk svíta
Iréne Némirovsky



**2** Ríkisfang: Ekkert
Sigríður Víðis Jónsdóttir




**3** Einn dagur - kilja
David Nicholls




**4** Lýtalaus - kilja
Tobba Marinós




**5** Frelsarinn - kilja
Jo Nesbø




**6** Einar Áskell og allsnægtapokinn: Gunnilla Bergström




**7** Hollt nesti heiman að
Margrét, Sigurrós og Sigurveig




**8** Stóra Disney köku- og brauðbókin: Walt Disney



**9** Sultur allt árið
Sigurveig Káradóttir




**10** Aðgát skal höfð í nærveru sálar: Sólveig Lára Guðmundsd.

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



SKEIÐARÁRSANDUR

## ÓVÆNTIR VINKLAR ÚR FLUGVÉLUM

**Sigurgeir Sigurjónsson** tók myndirnar í bókinni úr flugvélum og þyrlum. Hann segist hafa náð óvæntari vinklum á myndirnar úr flugvélunum.



SKIPAGERÐISÓS Á Landeyjarsandi



VIÐ HÓLMSÁ

# SJÓNARHORN FUGLSINS

**Sigurgeir Sigurjónsson ljósmyndari opnar sýningu í Hafnarborg í dag í tilefni af útgáfu nýrrar ljósmyndabókar sinnar, Yfirsýn.**

„Ég ákvað að reyna ekki að dekka allt landið heldur bara Suðurland. Ég var á höttunum eftir áhugaverðum formum og þurfti ekki að fara langt til að finna þau. Ég hefði getað gert heila bók bara um Landeyjasand," segir Sigurgeir Sigurjónsson ljósmyndari. Yfirsýn, sýning í tilefni útgáfu samnefndrar ljósmyndabókar Sigurgeirs verður opnuð í Hafnarborg klukkan 17 í dag.

Sigurgeir hefur lengi verið einn helsti ljósmyndari landsins og telst honum til að Yfirsýn, þar sem lesendur sjá landslag með sjónarhorni fuglsins, sé sú fjórtánda eða fimmtánda í röðinni af ljósmyndabókum hans. Hugmyndin kviknaði út frá auglýsingaverkefni sem ljósmyndarinn vann fyrir Bandaríkjamarkað fyrir nokkrum árum.

„Ég hef unnið nokkuð stíft að þessari bók í heil fimm ár. Í upphafi hélt ég að ég þyrfti að taka allar myndirnar úr þyrlu, en komst svo að því að það er ekkert verra að mynda úr flugvél. Þannig náði ég óvæntari vinklum," segir Sigurgeir og bætir við að bókin hafi tekið miklum breytingum í þessu langa vinnuferli. „Ég hef farið sífellt nær og afraksturinn er orðinn dálítið malerískur. Ég gæti trúað að þetta sé stærsta bók sem gefin hefur verið út á Íslandi. Hún er eiginlega eins og mubla. Með kassanum er hún eins og fasteign," segir Sigurgeir og hlær.

**kjartan@frettabladid.is**

# Flott og fyndin sýning

Leiklist ★★★★

**Alvöru menn**

Eftir Glynn Nicholas og Scott Rankin

**Þýðing:** Björk Jakobsdóttir. **Þýðing söngtexta:** Sævar Sigurgeirsson. **Leikarar:** Egill Ólafsson, Kjartan Guðjónsson, Jóhann G. Jóhannsson og Jóhannes Haukur Jóhannesson. **Tónlistarstjórn og píanóleikur:** Pálmi Sigurhjartarson. **Ljósahönnun:** Guðmundur Orri Rósenkranz. **Leikstjóri:** Gunnar Helgason

Alvörumenn í Austurbæ, þar sem áður tróðu upp Kinks-karlar og Baldur og Konni, syngja, dansa og segja sögur í stressuðu tempói enda standa þrír þeirra í þeirri trú að þeir séu að missa vinnunna. Yfirmaður þeirra, Guðmundur, fyrirskipar nefnilega fyrirvaralaust Spánarferð þar sem meiningin er að fara yfir reksturinn. Kapparnir fjórir eru hver um sig karakterar sem við þekkjum, þó ýktir séu.

Egill Ólafsson leikur forstjórann Guðmund sem fær mennina til þess að horfast í augu við eigið líf og ágæti. Hann er mildur og stóískur og stendur fyrir sorginni og umhugsuninni í verkinu, meðan hinir þrír sem Jóhann G. Jóhannsson, Kjartan Guðjónsson og Jóhannes Haukur Jóhannesson túlka eru meiri galgopar nútímans, einhleypir, marggiftir eða undir hælnum á eiginkonunni.

Þó að þetta séu leikararnir má nú segja að eitt aðalhlutverkið hafi verið í höndum Pálma Sigurhjartarsonar píanóleikara sem leiddi ekki aðeins atburðarásina áfram heldur málaði leikmyndir og gjörninga með hljóðfærinu á ævintýralegan máta. Auk þess sem hann tók þátt í söng þeirra.

Leikararnir standa sig með mikilli prýði.

Kjartan átti til að mynda marga spretti þar sem hinn fimi og hæfileikaríki trúður sem í honum býr braust fram af slíkum eldmóð að salurinn lá úr hlátri. Jóhann G. uppskar ekki færri hláturgusur úr salnum þegar hann er orðinn létt hífaður í sólinni yfirbugaður af áhyggjum og stöðugt með gagg eiginkonunnar í undirmeðvitundinni. Jóhannes Haukur mýktist í sínu hlutverki og var orðinn yfir sig ástfanginn í lokin.

Hér var valinn maður í hverju rúmi og greinilegt að Gunnar Helgason sem leikstýrir verkinu náði svo sannarlega að kreista það besta úr hverjum og einum. Notkun lýsingar í sýningunni var einkar skemmtileg. Sviðsgólfið er því miður aðeins of lágt til þess að allir í salnum geti notið fótafimi og allra þeirra herlegheita sem boðið er upp á fyrir neðan mitti. Engu að síður er Austurbær skemmtilegt leikhús og Alvörumenn skemmtilegir menn.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Ljómandi skemmtileg sýning þó að verkið sjálft sé ansi hreint klisjukennt. Leikurinn er upp á fimm stjörnur.




BÓKA LAGERSALA

# ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

**Síðustu dagar RISALAGERSÖLUNNAR á Fiskislóð 39 – næg bílastæði.**

**Opið til 21 í kvöld**

Allir sem kaupa fyrir **6.000 kr.** eða meira fá bókagjöf. Þeir sem kaupa fyrir **12.000 kr.** eða meira fá tvær bækur að gjöf.

Allt að **97%** afsláttur

FORLAGIÐ
www.forlagid.is




95% afsláttur

TVEIR HÚSVAGNAR – KILJA
**Nú: 99 kr.**
Verð áður: 1.980 kr.




90% afsláttur

BEÐMÁL Í BORGINNI – KILJA
**Nú: 99 kr.**
Verð áður: 990 kr.




90% afsláttur

ÞÚSUND ÁSTÆÐUR ÁSTAR MINNAR
**Nú: 99 kr.**
Verð áður: 990 kr.




92% afsláttur

ÁSTARGALDRAR
**Nú: 99 kr.**
Verð áður: 1.211 kr.




97% afsláttur

BERT OG HEMAN HUNTERS
**Nú: 99 kr.**
Verð áður: 3.290 kr.




93% afsláttur

RÁÐGÁTAN UM MÚSALÍSU
**Nú: 99 kr.**
Verð áður: 1.490 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Forlagið · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla daga kl. 10–19 – fimmtudaga kl. 10–21**

# Nytjamarkaður

á Eyjarslóð 7 út á Granda.

HJÁLPRÆÐISHERINN

Opið alla virka daga
kl. 13-18.

Sækjum húsgögnum
Sími 8585908

**Komið og gerið góð kaup.**
**Styrkið gott málefni!**

# Hvað er gralsboðskapurinn?

Kynning (á ensku) á þessu einstaka riti
**„In the Light of Truth – The Gralsmessage“**,
bók sem gerir okkur kleift að svara óleystum
spurningum lífsins.

29. september 2011 kl. 17:30
Radisson Blu Saga Hotel
v/Hagatorg, 107 Reykjavík

Aðgangur ókeypis, framlög vegna útlagðs kostnaðar
vel þegin.

**Skipuleggjandi: Christof Leuze, sími 821 1607**

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA SKÚBB
Meiri Vísir.
vísir


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 29. september**

### Tónleikar



**19.30 Sinfóníuhljómsveit Íslands** leikur undir stjórn Ilan Volkov í Eldborg í Hörpu. Fyrstu tónleikar hans sem aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einleikari er flautuleikarinn Melkorka Ólafsdóttir. Miðaverð er frá kr. 2.000 til kr. 6.500.

**20.00** Samtök listrænt ágengra tónsmiða umhverfis Reykjavík standa fyrir hátíðinni Sláturtíð. Tónleikar þar sem sjálfspilandi hljóðfæri leika nýja ágenga tónlist eftir Áka Ásgeirsson, Erlu Axelsdóttur og Guðmund Stein Gunnarsson fara fram í Hafnarhúsinu. Aðgangur ókeypis.



**20.00 Þuríður Sigurðardóttir** heldur tónleika í Salnum í Kópavogi, í tilefni af 45 ára söngafmæli sínu. Sérstakur gestur er Jóhann Vilhjálmsson. Uppselt varð á síðustu tónleika og þessum sérstöku aukatónleikum bætt við. Miðaverð er kr. 3.500.

**20.30** Bubbi Morthens heldur tónleika á Græna hattinum á Akureyri. Miðaverð er kr. 2.500.

**22.30** Hljómsveitin Saktmóðigur með útgáfutónleika á Gauki á Stöng. Otto Katz Orchestra, Dys og Jakob Veigar koma einnig fram.



**23.00** Tónleikar með **FM Belfast** á Faktorý. Hljómsveitin Nolo sér um upphitun. Miðaverð er kr. 1.500.

### Leiklist

**19.00** Sýningin Hárið í leikstjórn Jóns Gunnars Þórðarsonar er sýnd í salnum Norðurljós í Hörpu. Miðaverð er kr. 3.950.

**20.00** Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands sýnir Á botninum eftir Maxim Gorkí í Smiðjunni, Sölvhólsgötu 13. Leikstjóri er Rúnar Guðbrandsson. Miðaverð er kr. 1.500.

### Opnanir

**17.00** Sýningin Yfirsýn með ljósmyndaverkum Sigurgeirs Sigurjónssonar opnar í Hafnarborg. Á sama tíma er útgáfu samnefndrar bókar fagnað. Allir velkomnir.

### Umræður

**17.30** Umræðufundur með Christopher Vasey og Christof Leuze um gralsboðskapinn fer fram á Hótel Sögu.

### Heimildamyndir

**17.00** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir National Geographic heimildamyndina Grafhýsi stríðsdrottningarinnar frá árinu 2010 í Odda 101 í Háskóla Íslands. Aðgangur ókeypis.

### Bókmenntir



**12.15 Friðrik Rafnsson** spjallar við gesti um fransk-úkraínsku skáldkonuna Irène Némirovsky og verk hennar í Borgarbókasafninu á Tryggvagötu 15.

### Kynningar

**18.30** Árna Heimis Ingólfssonar og Halldórs Haukssonar með tónleikakynningu í Eldborg í Hörpu fyrir tónleika kvöldsins með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### Málþing

**13.00** Stúdentaráð stendur fyrir málþingi í hátíðarsal Háskólans í tilefni af aldarafmæli hans. Málþingið ber yfirskriftina Framtíð Háskóla Íslands séð frá ólíkum hliðum samfélagsins. Sjö fulltrúar nemenda, kennara og atvinnulífsins flytja stutt erindi um skoðun sína og sýn á framtíð Háskóla Íslands. Allir velkomnir.

### Kvikmyndahátíð

**16.00** Bíó í iðrum jarðar, óvissubíóferðir á vegum RIFF. Lagt af stað frá Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 16 og aftur í seinni ferð kl. 20. Veitingar og drykkir í boði ásamt kvikmyndasýningu. Hlýr klæðnaður er æskilegur. Miðaverð er kr. 5.900.

**20.30** Mörkin á milli kvikmynda og annarra listforma í forgrunni í Undralandi RIFF í Iðnó. Tónlist, gjörningar, ævintýraleg kvikmyndalist og lýkur kvöldinu á brasilískum dansleik þar sem Jussanam Dejah leikur fyrir dansi. Miðaverð er kr. 1.500 en kr. 1.000 fyrir handhafa hátíðarpassa RIFF.

**22.00** Í fyrsta sinn ætlar RIFF að bjóða upp á óvissusýningu, svokallað Leynibíó. Um heimsfrumsýningu verður að ræða á nýrri spennumynd, sem framleidd er erlendis fyrir alþjóðlegan markað. Sýningin fer fram í Bíó Paradís og myndin skartar íslenskum stórleikara í aðalhlutverki.

### Tónlist

**21.00** DJ Randomystic stjórnar tónlistinni á Hvítu perlunni.



**22.00 Andrea Jóns** þeytir skífum á Boston.

**22.00** Magni heldur uppi stuðinu á Den Danske Kro.

**22.00** DJ Haukur Johnson spilar tónlist á Barböru.

**22.00** DJ Einar Sonic þeytir skífum á Bakkusi.

**22.00** Trúbadorarnir Böddi og Davíð halda uppi stuðinu á Hressó.

**22.00** Plötusnúðarnir HúsDJús og DJ Kári þeyta skífum á Kaffibarnum.

**22.00** DJ Jónas þeytir skífum á Vegamótum.

**22.00** Skemmtistaðurinn Esja býður öllum hljóðfæraleikurum og söngvurum að koma með hljóðfærin sín og syngja eða spila með húsbandinu. Aðgangur er ókeypis.

### Fjölskyldumorgun

**10.30** Fjölskyldumorgun á aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur. Fjölskyldum með börn á aldrinum 0-6 ára er boðið að koma og eiga saman góða stund á bókasafninu. Boðið er upp á óformlega dagskrá um ýmis málefni. Þátttaka er ókeypis.

### Fyrirlestrar

**16.00** Michael Corgan, dósent í alþjóðasamskiptum við Boston University, heldur fyrirlestur í Lögbergi 101 í Háskóla Íslands. Allir velkomnir.

**16.00** Alice Crary, prófessor í heimspeki við New School for Social Research í New York, heldur fyrirlestur á vegum Heimspekistofnunar sem nefnist Hundar og hugtök. Fyrirlesturinn er haldinn í stofu 101 Odda í Háskóla Íslands. Allir velkomnir.

### Eldri borgarar

**10.00** Korpúlfarnir, samtök eldri borgara í Grafarvogi, standa fyrir keilu í Keiluhöllinni við Öskjuhlíð kl. 10 og listasmiðju á Korpúlfsstöðum kl. 13.30.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

**Gott í leikhúsi:** Stefán Svan innkaupastjóri í Sævari Karli

## Hrifinn af Fólkinu í kjallaranum



„Ég er nýbúinn að sjá leikritið Fólkið í kjallaranum í Borgarleikhúsinu og var yfir mig hrifinn. Alveg frábært leikrit í alla staði. Svo er ég mjög spenntur að sjá myndina Eldfjall í kvöld, fyrsta myndin í fullri lengd eftir þennan frábæra leikstjóra.“





SENA KYNNIR Í SAMSTARFI VIÐ ROYAL ALBERT HALL Í LONDON
GARÐAR THOR CORTES ÁSAMT FLEIRUM
25
ÁRA AFMÆLISUPPFÆRSLA
ÓPERU-
DRAUGURINN
PHANTOM OF THE OPERA EFTIR ANDREW LLOYD WEBBER
25 ÁRA AFMÆLISUPPFÆRSLA
ROYAL ALBERT HALL
Í BEINNI ÚTSENDINGU Í HÁSKÓLABÍÓI
Á SUNNUDAGINN KL. 17.30
PASSARINO: GARÐAR THOR CORTES
RAOUL: HADLEY FRASER
CARLOTTA: KEIRA DUFFY
SLAVE MASTER: SERGEI POLUNIN
MEG GIRY: DAISY MAYWOOD
ROYAL ALBERT HALL
HÁSKÓLABÍÓ
AÐEINS 300 MIÐAR Í BOÐI · MIÐASALA HAFIN Á WWW.MIÐI.IS
sena


ÞÓRIR GEORG


FEIST

> Í SPILARANUM

**Þórir Georg** - Afsakið
Zola Jesus - Conatus
Roots Manuva - 4everevolution
Wilco - The Whole Love
**Feist** - Metals

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Sviti frá Jónsa í kaupbæti

Bútar úr fötum sem meðlimir Sigur Rósar klæddust á tónleikum í London fylgja með viðhafnarútgáfu af væntanlegri tónleikaplötu þeirra, Inni.

Að því er segir í tilkynningu frá sveitinni voru fötin straujuð en ekki þvegin. „Þannig að ef þú ert heppin(n) geturðu fengið smá svita frá Jónsa með í kaupbæti.“ Jónsi og félagar klæddust fötunum á tónleikum í Alexandra Palace í London 20. og 21. nóvember 2008 sem voru teknir upp og eru núna að koma út á tvöföldum geisladiski og mynddiski. Fatabútarnir verða settir í númeruð umslög sem fylgja með viðhafnarútgáfunni, auk sjö tommu vínylplötu með hinu óútgefna lagi Lúppulagið og fleira góðgæti. Inni kemur úr 7. nóvember í Evrópu og viku síðar í Bandaríkjunum.


**SIGUR RÓS** Hljómsveitin gefur í nóvember út tónleikaplötuna Inni.



> PLATA VIKUNNAR

Edgar Smári - Blær

★★★

„Edgar Smári syngur eins og engill á fínni plötu.“ -tj



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

## *Rapparar með húmorinn í lagi*

Það er margt að gerast á jaðrinum í hip-hop tónlistinni vestanhafs og miklu meiri gróska hjá ungum og óháðum útgáfum heldur en hjá gömlu plöturisunum. Ein af heitustu sveitunum þessa dagana er Brooklyn-tríóið Das Racist. Það er skipað þeim Himnashu Suri (Heems), Victor Vazquez (Kool A.D.) og Ashok Kondabolu (Dap), sem allir búa til takta og rappa, en sá síðastnefndi er þó aðallega í því að bakradda og æsa upp stemninguna á tónleikum.


**GRÍN EÐA ALVARA?** Brooklyn-rappsveitin Das Racist var að senda frá sér plötuna Relax.

Eins og fleiri upprennandi rapparar (t.d. Odd Future) sló Das Racist í gegn með mixteipum sem þeir dreifðu ókeypis á netinu. Bæði Sit Down Man og Shut Up Dude komu út í fyrra og þóttu fersk og frábær blanda af ólíkum tónlistarstílum með óvæntum tilvísunum og skemmtilegum húmor. Ágætt dæmi um húmorinn er fyrsta lagið sem þeir sendu frá sér, Combination Pizza Hut and Taco Bell, sem þeir gerðu í nóvember 2008.

Fyrir tveimur vikum kom svo fyrsta eiginlega plata Das Racist út. Hún heitir Relax og er í svipuðum dúr og mixteipin. Hún hefur fengið mjög góða dóma víðast hvar þó að gagnrýnandi Pitchfork sé eitthvað ósáttur og gefi bara 6,3/10, en Pitchfork átti stóran þátt í að vekja athygli á sveitinni og hrósaði henni í hástert fyrir Sit Down Man og Shut Up Dude. Relax er full af klikkuðum textum og tilvísunum og það eru góðir gestir á henni, m.a. Diplo, El-P (úr Company Flow), Anand Wilder (Yeasayer) og Rostam Batmanglij (Vampire Weekend). Platan er þrælskemmtileg, en þeir sem eru forvitnir um sveitina geta tékkað á myndbandinu við lagið Michael Jackson á Youtube…

Nafnið á sveitinni hefur vakið athygli. Samkvæmt viðtali við Himanshu er Das Racist komið frá upphrópuninni That's racist!, en Das-ið í nafninu er áhrif frá rappdúóinu Das EFX.




# Óútreiknanleg St. Vincent

**Þriðja sólóplata bandarísku tónlistarkonunnar St. Vincent kom út fyrir skemmstu. Gagnrýnendur eru flestir sammála um að þar sé á ferðinni mikið meistarastykki.**

St. Vincent gaf fyrr í mánuðinum út sína þriðju sólóplötu, Strange Mercy. Gagnrýnendur hafa hlaðið hana lofi og telja mikið spunnið í þessa bandarísku tónlistarkonu. St. Vincent heitir réttu nafni Annie Clark og er 29 ára. Hún fæddist í Oklahoma en ólst upp í Dallas. Fljótlega fékk hún mikinn áhuga á tónlist og byrjaði að læra á gítar. Hún stundaði nám við hinn fræga tónlistarskóla Berklee í borginni Boston þangað til hún hætti þremur árum síðar. Þegar heim til Dallas var komið gekk Clark til liðs við hljómsveitina The Polyphonic Spree skömmu fyrir tónleikaferð hennar um Evrópu. Árið 2006 hætti hún í þeirri sveit og fór að spila með Sufjan Stevens. Hún kom einmitt fram með honum á tónleikum í Fríkirkjunni á þessum tíma og hitaði sömuleiðis upp fyrir hann. Sama ár hóf Clark upptökur á sinni fyrstu sólóplötu undir nafninu St. Vincent. Það er tilvísun í kaþólska læknasetrið Saint Vincent þar sem ljóðskáldið Dylan Thomas frá Wales lést árið 1953.

Frumburðurinn Marry Me kom út 2007 hjá útgáfunni Beggars Banquet. Gripurinn fékk góða dóma hjá gagnrýnendum og var St. Vincent líkt við Kate Bush og David Bowie. Útsetningarnar þóttu hressilegar og lögin aðgengileg þrátt fyrir ýmis skringileg hljóð og óvenjulega hljóðfæraskipanina en St. Vincent notar fiðlur, selló, flautur, trompet og klarinett iðulega í lögum sínum. Sjálf spilar hún á gítar, bassa, orgel og píanó.

Eftir að hafa verið á löngu tónleikaferðalagi hóf St. Vincent upptökur á nýrri plötu 2008. Ári síðar kom Actor út á vegum 4AD Records og fékk platan enn meiri athygli en sú fyrsta.


**ÁHUGAVERÐ** Nýjasta plata St. Vincent hefur fengið mjög góða dóma hjá gagnrýnendum. NORDICPHOTOS/GETTY

Með nýju plötunni, Strange Mercy, hefur St. Vincent svo stimplað sig rækilega inn því víðast hvar hefur platan fengið frábæra dóma, þar á meðal fullt hús hjá The Observer og The Telegraph, fjórar stjörnur af fimm í Mojo, Q, Clash og The Guardian og 90 af 100 mögulegum hjá Pitchfork. Tónlistin þykir óútreiknanleg og útsetningarnar margbrotnar þar sem ýmsum tónlistarstefnum, svo sem rokki, raftónlist, djassi og fönki, er hrært saman í áhugavert an tónlistargraut. freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN
Vikuna 22. - 28. september 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Of Monsters and Men | *Little Talks* |
| ▶ | 2 | Mugison | *Stingum af* |
| ▶ | 3 | Adam Levine / Christ. Aguilera | *Moves Like Jagger* |
| ▶ | 4 | Jón Jónsson | *Wanna Get It* |
| ▶ | 5 | Elín Ey / Pétur Ben | *Þjóðvegurinn* |
| ▲ | 6 | Foster The People | *Pumped Up Kicks* |
| ▼ | 7 | Adele | *Set Fire to the Rain* |
| ▲ | 8 | Lady Gaga | *You And I* |
| ▼ | 9 | Red Hot Chili Peppers | *Adventures of Rain Dance* |
| ▲ | 10 | Coldplay | *Every Teardrop Is a Waterfall* |

## TÓNLISTINN
Vikuna 22. - 28. september 2011

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Of Monsters and Men | *My Head Is an Animal* |
| ▶ | 2 | Helgi Björns & reiðm. vindanna | *Ég vil fara upp í sveit* |
| ▶ | 3 | Jón Jónsson | *Wait For Fate* |
| ▼ | 4 | HAM | *Svik, harmur og dauði* |
| ▼ | 5 | Gus Gus | *Arabian Horse* |
| ▶ | 6 | Valdimar | *Undraland* |
| ▲ | 7 | Björk | *Gling gló* |
| ✱ | 8 | Úr söngleik Borgarleikhússins | *Galdrakarlinn í Oz* |
| ▲ | 9 | Helgi Björns & reiðm. vindanna | *Þú komst í hlaðið* |
| ▼ | 10 | Adele | *21* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Visir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is



MUGISON
haglél
Helgartilboð
1.999
Fullt verð 2.599,-
MUGISON haglél
Áritun í dag
Mugison verður í Skífunni Laugavegi kl. 16,
fimmtudaginn 29. September og í Skífunni Kringlunni kl. 17.
Þar mun hann árita plötur, sprella með gítarinn og selja miða
á auka útgáfutónleika sína. Tónleikarnir verða í Fríkirkjunni þann
1. október kl. 22:30. Miðar fást einnig á www.mugison.is!
HAGLÉL Í SKÍFUNNI
ÍTREKUN
Mugison
1.499
Áður 2.599,-
1.499
Áður 2.599,-
Mugiboogie
1.499
Áður 2.599,-
Tilboð
Eldri plötur
Mugison
á frábæru
tilboði
FIFA 12
Helsta breytingin í Fifa þetta árið er "Impact engine",
en þessi nýja leikjavél gerir alla árekstra og samstuð
leikmann mun raunverulegri en áður. Einnig er
varnarleikurinn orðinn raunverulegri og krefst meira af
spilurum. Ofan á þetta allt leggst stóraukin gervigreind
og grafík sem ekkert jafnast á við.
PS3
FIFA 12
11.499
KOMINN
ÚT
S·K·Í·F·A·N
KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

> ÁFRAM Á HVÍTA TJALDINU

Justin Timberlake virðist kunna vel við sig á hvíta tjaldinu og hefur nú landað hlutverki tónlistarmógúlsins Neil Bogart sem er sagður hafa borið ábyrgð á KISS, Donnu Summer og The Village People en lést af völdum krabbameins aðeins 39 ára.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Línur farnar að skýrast í Óskarnum

Nú þegar stærstu kvikmyndahátíðir heims eru yfirstaðnar (Cannes, Toronto, Feneyjar) fara kvikmyndaspekúlantar á stjá og reyna spá fyrir um hvaða kvikmyndir, leikarar og leikkonur verði tilnefndar til Óskarsverðlauna. Hin svokölluðu „gúrú“ kvikmyndavefsíðunnar moviecitynews.com hafa þótt nokkuð getspök þegar kemur að þessum leik og voru fyrstu niðurstöðurnar birtar í gær.

Ef marka má þessa ágætu menn og konur þá gæti svo farið að stórvinirnir George Clooney og Brad Pitt myndu berjast um styttuna fyrir bestan leik í aðalhlutverki. Pitt fyrir leik sinn í Moneyball en þar leikur hann hafnaboltasnillinginn Billy Beane og Clooney fyrir kvikmyndina The Descendants. Hún fjallar um mann sem kemst að því að alvarlega slösuð eiginkona sín hefur haldið framhjá honum. Meðal annarra sem þykja nokkuð sterkir kandídatar má nefna Michael Fassbender en „gúrúin“ nefna þrjár myndir sem hann gæti verið tilnefndur fyrir: Jane Eyre, Shame og A Dangerous Method.

Þær kvikmyndir sem þykja líklegastar til að hreppa tilnefningu eru meðal annars Midnight in Paris sem er nýjasta kvikmynd Woody Allen og skartar Owen Wilson í aðalhlutverki og The Tree of Life eftir Terence Malick en hún var að hluta til tekin upp hér á landi. - fgg



**HÖRÐ SAMKEPPNI** Kvikmyndaspekúlantar spá því að stórvinirnir George Clooney og Brad Pitt muni berjast um Óskarinn sem besti karlleikari ársins.

# Bloom ekki bannaður

Framleiðendur kvikmyndarinnar The Good Doctor opnuðu kampavínsflösku á dögunum og slettu rækilega úr klaufunum eftir að ljóst varð að kvikmyndin yrði einungis bönnuð innan 13 ára í Bandaríkjunum.

Málið hefur vakið töluverða athygli í bandarískum kvikmyndaiðnaði en The Good Doctor skartar sjálfum Orlando Bloom í aðalhlutverki. Myndin segir frá lækninum Martin Blake sem verður ástfanginn af hinni 18 ára gömlu Diane en hún þjáist af nýrnaveiki. En þegar henni fer að batna óttast læknirinn að missa hana og ákveður að taka málin í sínar hendur.

Upphaflega stóð til að myndin fengi R-stimpilinn sem myndi þýða að unglingar undir sautján ára aldri gætu ekki farið að sjá hana einir og óstuddir. En framleiðandi myndarinnar, Jonathan King, og handritshöfundur, Julia Lebedev, börðust gegn þessari ákvörðun og fengu úrskurði kvikmyndaeftirlitsins hnekkt.



**UMDEILD MYND** Nýjasta kvikmynd Orlando Bloom, The Good Doctor, verður „einungis“ bönnuð innan 13 ára.

# GOTT AÐ VERA Á HEIMAVELLI

**Þrátt fyrir að aðeins sé rúm vika síðan Eyrún Ósk Jónsdóttir fagnaði þrítugsafmælinu hefur hún nú þegar öðlast mikla reynslu af leiklist og leikstjórn. Í kvöld frumsýnir hún sína fyrstu kvikmynd en hún byggir á samnefndri bók eftir Eyrúnu og Helga Sverrisson sem kom út fyrir tæpu ári.**

Kvikmyndin Hrafnar, sóleyjar og myrra, sem frumsýnd verður í Sambíóunum um helgina, segir frá Láru Sjöfn, ungri stúlku sem þarf að takast á við ástvinamissi í byrjun sumars. Hún ætlar að láta lítið fyrir sér fara í sumarleyfinu en fyrir tilviljun eignast hún nýja vini og við tekur æsispennandi atburðarás. Með hlutverk Láru Sjafnar fer Victoria Ferrell en meðal annarra leikara má nefna Ladda, Eddu Björgvinsdóttur, Hannes Óla Ágústsson og Sigríði Björk Baldursdóttur.

Eyrún Ósk og Helgi Sverrisson kvikmyndagerðarmaður eru bæði titluð leikstjórar myndarinnar. „Sem var mjög fínt því Helgi hefur náttúrulega verið að gera bíómyndir í hundrað ár,“ segir Eyrún Ósk og glottir. Eyrún, sem varð þrítug í síðustu viku, útskrifaðist með BA-próf í leiklist og leikstjórn frá Rose Bruford-háskólanum fyrir sex árum og kláraði svo meistarapróf í fjölmiðlun og leiklist frá Winchester-háskólanum 2007.

Þrátt fyrir ungan aldur á Eyrún töluvert feitan reikning í reynslubankanum því hún hefur unnið mikið með ungu fólki í framhaldsskólum og áhugaleikfélögum. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á

> Sem var mjög fínt því Helgi hefur náttúrulega verið að gera bíómyndir í hundrað ár.
>
> EYRÚN ÓSK JÓNSDÓTTIR
> LEIKSTJÓRI

leiklist og leikstjórn og tók þátt í eiginlega öllu slíku starfi í bæði grunn- og framhaldsskóla,“ segir Eyrún en hún rak meðal annars Jaðarleikhúsið á tímabili og tók svo að sér leikstjórn fyrir leikhóp í Madrid á Spáni.

Þrjú ár eru síðan undirbúningur fyrir myndina hófst og leikstjórinn viðurkennir að hún sé eilítið stressuð fyrir frumsýninguna þó ekkert meira en góðu hófi gegni. Hún er búsett í Hafnarfirði og segir leikstjórinn það hafa verið mikinn kost að vera á heimavelli en myndin er öll tekin upp þar.

freyrgigja@frettabladid.is



**MEÐ MIKLA REYNSLU** Eyrún Ósk hefur ekki áður gert leikna kvikmynd en hefur unnið töluvert með áhugaleikfélögum og ungum krökkum. Hrafnar, sóleyjar og myrra er byggð á samnefndri bók eftir Eyrúnu og Helga Sverrisson kvikmyndagerðarmann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Reykjavík International Film Festival
22 SEPT – 2 OKT

FIMMTUDAGURINN 29. SEPTEMBER

| | | |
|---|---|---|
| 14:00 | Osló, 31. ágúst | Bíó Paradís 1 |
| 14:00 | Elskan | Bíó Paradís 2 |
| 14:00 | Þjóðgarðaverkefnið | Bíó Paradís 3 |
| 14:00 | Gullna Eggið: Hópur C | Bíó Paradís 4 |
| 14:00 | Les Petites Formes **Ókeypis barnasýning** | Norræna Húsið |
| 16:00 | Fylgdu mér | Bíó Paradís 1 |
| 16:00 | Til heljar og heim | Bíó Paradís 2 |
| 16:00 | Bitið á | Bíó Paradís 3 |
| 16:15 | Á annan veg | Bíó Paradís 4 |
| 16:00 | Borgarrætur | Norræna Húsið |
| 18:00 | Á víðavangi | Háskólabíó 2 |
| 18:00 | Kötturinn hverfur | Háskólabíó 3 |
| 18:15 | **Allt, allsstaðar, alltaf Q&A** | Bíó Paradís 1 |
| 18:00 | Óttumst ei meir / Babylon | Bíó Paradís 2 |
| 18:00 | Rímur, taktar og líf | Bíó Paradís 3 |
| 18:00 | Apynjurnar | Bíó Paradís 4 |
| 18:00 | **Í garði hljóðanna Q&A** | Norræna Húsið |
| 20:30 | Undraland RIFF | Iðnó |
| 20:00 | Eldfjall | Háskólabíó |
| 20:00 | Pina 3D | Háskólabíó 2 |
| 20:00 | Le Havre | Háskólabíó 3 |
| 20:15 | **Vendipunktur Q&A** | Bíó Paradís 1 |
| 20:00 | Buck | Bíó Paradís 2 |
| 20:00 | Auðsveipni | Bíó Paradís 3 |
| 20:00 | Ástarpungur | Bíó Paradís 4 |
| 20:00 | Gullna Eggið: Hópur B | Norræna Húsið |
| 22:00 | **Draumur Aðalberts Q&A** | Háskólabíó 2 |
| 22:00 | Harmóníur Werckmeisters | Háskólabíó 3 |
| 22:15 | Leikur | Bíó Paradís 1 |
| 22:00 | **Óvissusýning Q&A** | Bíó Paradís 2 |
| 22:00 | Sálmar úr kolanámunum / Þættir úr úthver... | Bíó Paradís 3 |
| 22:00 | Saga Thors | Bíó Paradís 4 |
| 22:30 | Megi England skjálfa | Norræna Húsið |





14:00 MASTERKLASSI MEÐ BÉLA TARR / MASTERCLASS

Hinn ungverski Béla Tarr er einn heiðursgesta Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar. Hann er einn framsæknasti leikstjóri sinnar kynslóðar í Evrópu og hafa myndir hans verið í miklum metum hjá kvikmyndaáhugafólki um árabil. Leikstjórinn Ragnar Bragason talar við Béla Tarr um nýjustu kvikmynd hans, Hestinn í Tórínó, framlag Béla til kvikmyndagerðar, sýn hans á kvikmyndaiðnaðinn og ferilinn, en nýlega lýsti Béla Tarr því yfir að hann væri hættur leikstjórn.

Masterklassinn fer fram í Hátíðarsal Háskóla Íslands

20:30 UNDRALAND RIFF / RIFF WUNDERLAND

Böndin milli kvikmynda og annarra listforma eru í forgrunni í þessum súrrealíska og tilraunakennda kabarett. Í tvo og hálfan tíma kynnast gestir nokkrum af framúrstefnulegustu listamönnum Íslands. Sýningarstaður er Iðnó.

RIFF.IS

DHL Iceland Express Síminn CENTER HOTELS

# Góð helgi fram undan í kvikmyndahúsum

Bíónörd ættu að eiga góða helgi fram undan því nýjasta kvikmynd Stevens Soderbergh, Contagion, verður frumsýnd í Sambíóunum um helgina. Soderbergh hafa verið mislagðar hendur að undanförnu en miðað við leikhóp myndarinnar ætti fátt að geta klikkað; Jude Law, Matt Damon, Kate Winslet, Laurence Fishburne og Marion Cotillard svo fáeinir séu nefndir. Myndin tekst reyndar á við kunnuglegt stef í kvikmyndasögunni, segir frá því þegar lífshættulegur vírus herjar á jarðarbúa og lamar allt samfélagið. Myndin fær 7,3 á imdb.com og 84 prósent gagnrýnenda eru ánægðir með hana samkvæmt rottentomatoes.com.

Eins og kemur fram hér annars staðar á síðunni er íslenska kvikmyndin Hrafnar, sóleyjar og myrra frumsýnd um helgina og hið sama má segja um Eldfjall, kvikmynd Rúnars Rúnarssonar. Myndin er framlag Íslands í forval Óskarsverðlaunanna og hefur hlotið nánast einróma lof gagnrýnenda og áhorfenda á kvikmyndahátíðum um allan heim. Með aðalhlutverkin í myndinni fara þau Margrét Helga Jóhannesdóttir og Theódór Júlíusson. Ítarlega verður rætt við Rúnar í helgarblaði Fréttablaðsins.

Loks fá börnin eitthvað fyrir sinn snúð því kvikmyndin Rauðhetta 2: Rauða gegn hinu illa er komin í sýningar. Rauðhetta heldur áfram að rannsaka dularfulla glæpi í ævintýraskóginum og að þessu sinni reynir hún að finna út úr dularfullu hvarfi Hans og Grétu. Myndin er sýnd með íslensku og ensku tali. Birgitta Haukdal talar fyrir Rauðhettu í íslensku útgáfunni. - fgg



**STÓRSKOTALIÐ** Marion Cotillard og Matt Damon leika aðalhlutverkin í kvikmynd Stevens Soderbergh, Contagion, sem frumsýnd verður um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY



RAFVÖRU MARKAÐURINN
ÚTILÝSING
Við Fellsmúla - Reykjavík
INNFELLD LED LJÓS Í PALLA, VEGGI OG LOFT
9.995
5W - garðsett 3 stk. m/spenni
8.995
1W - garðsett 3 stk. m/spenni
NIÐURGRAFIN LJÓS, LED OG 12V
12V 6.995
LED 7.795
ÚTIKASTARAR, LED OG 12V
LED 5.995
12V 3.590
12V 2.995
INNFELLD LED LJÓS Í VEGGI OG PALLA
8.995
7.995
7.995
ÚTILJÓS, LÝSA UPP OG NIÐUR
5.995
5.995
ÚTILJÓS, LÝSA UPP OG NIÐUR
5.995
5.995
ÚTILJÓS LÝSA UPP OG NIÐUR
4.795
4.995
4.995
5.995
G9 25W
INNFELLD LJÓS Í VEGGI OG LOFT
2.995
ÚTI OG INNILJÓS Litir: króm og hvítt
4.495
með sparperu 28W
3.795
með sparperu 16W
4.295
með sparperu 28W
3.395
með sparperu 16W
ÚTILJÓS
995
ÚTILJÓS
3.295
3.295
ÚTILJÓS
995
995
995
ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt
1.995
1.995
1.995
1.995
ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt
3.995
3.995
ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt
3.995
3.995
3.595
3.595
ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt
3.995
3.995
3.595
3.595
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ:
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16



**117 MILLJÓNIR ÍSLENSKRA KRÓNA** fékk faðir poppprinsessunnar Britney Spears, Jamie Spears, í vasann eftir tónleikaferðalag dóttur sinnar. Jamie er umsjónarmaður tónleikaferðalagsins, sem gengur undir heitinu Femme Fatale.





TILBOÐ TIL N1 KORTHAFA

N1 korthöfum býðst nú frábært tilboð - 20% afsláttur af miðaverði á gamanleikinn Hjónabandssælu í Gamla bíói, laugardaginn 8. október nk. kl. 20 - meðan húsrúm leyfir.

Bókaðu skemmtilegt leikhúskvöld á sérstöku korthafatilboði á n1.is

WWW.N1.IS
N1




**EINSTÖK GRÆJA** Emulator er dýrasta DJ-græja Íslands og verður frumsýnd á Oliver um helgina. Hún er algjörlega einstök og orð eiga raunar erfitt með að lýsa því hvað gerist þegar hún fer í gang. Áhugasömum er bent á að skrifa orðið „Emulator“ á myndbandavefnum You Tube. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# BRYNJAR MÁR FRUMSÝNIR ROSALEGA GRÆJU Á OLIVER

**Brynjar Már, útvarpsmaður, tónlistarmaður og plötusnúður lætur ársgamlan draum sinn rætast á föstudaginn á skemmtistaðnum Oliver þegar hann frumsýnir glænýja DJ-græju sem er eins og klippt út úr framtíðarmynd.**

„Ég sá þetta á YouTube fyrir ári þegar hönnuður forritsins var að kynna þetta og varð alveg heillaður,“ segir Brynjar Már Valdimarsson, tónlistarmaður, útvarpsmaður og plötusnúður.

Á föstudagskvöld verður frumsýnd ein dýrasta og jafnframt flottasta plötusnúðagræja landsins þegar svokallaður Emulator kemur fyrir augu dansþyrstra gesta veitingastaðarins Oliver í fyrsta sinn. Græjan kostar 1,5 milljónir og er Brynjar því með tæki og tól fyrir DJ-mennskuna upp á tvær milljónir ef tölva, hljóðkort og forrit eru tekin með í reikninginn. Ísland er eitt af fyrstu löndunum til að taka þátt í þessari „byltingu“. Brynjar á heiðurinn af innflutningi græjunnar sem er, satt að segja, einstök og eiga orð erfitt með að lýsa því sem fyrir augu ber. Hún á því vafalítið eftir að stela senunni um helgina í miðbæ Reykjavíkur.

> Ofan á allt get ég verið á Facebook, skrifað á skjáinn og fólkið sem er að dansa getur séð hvaða lög þú ert að fara að spila.
>
> **BRYNJAR MÁR VALDIMARSSON**
> PLÖTUSNÚÐUR

Brynjar gerir engu að síður heiðarlega tilraun til að útskýra hvað áðurnefndur Emulator er. „Ég nota DJ-forrit sem heitir Traktor og er eitt það öflugasta í þessum bransa. Emulator-inn breytir skjánum í þessa græju og þannig verður allt sem ég þarf að nota sýnilegt öðrum á þessum skjá,“ útskýrir Brynjar Már. „Ofan á allt get ég verið á Facebook, skrifað á skjáinn og fólkið sem er að dansa getur séð hvaða lög þú ert að fara að spila,“ bætir Brynjar við og telur að þetta tæki eigi eftir að breyta allri DJ-mennsku. „Hún verður sýnilegri og færir hana nær fólkinu. Hlutverk plötusnúðarins verður miklu meira en bara að ýta á „spila“.“

Brynjar segist sjálfur ekki geta beðið eftir því að sjá hvernig þetta eigi eftir að koma út. „Fyrir utan alla kostina þá er tækið náttúrlega gríðarlega töff, skjárinn er 47 tommu og þegar fólk sá mynd af því þá varð allt tryllt.“ Það má því búast við mikilli stemningu á föstudagskvöldið þegar Brynjar tryllir lýðinn með nýja tækinu … eins og honum einum er lagið.

freyrgigja@frettabladid.is





ígló

Ígló búðin
Laugavegi 39
á 1 árs afmæli.
Ígló föt á afmælisverði dagana
28.sept - 1. okt.

www.iglo.is

## *Húsgagnabæklingurinn okkar er kominn út!*

Í tilefni þess veitum við **10%** kynningarafslátt af öllum vörum í bæklingnum. Húsgögn, rúm, dýnur, sængur og koddar. Ekki missa af þessu einstaka tilboði! Athugið! Gildir aðeins fimmtudag til sunnudags.

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**www.rumfatalagerinn.is**

**Afgreiðslutími verslana**

| | Korputorg 510-7070 | Smáratorg 510-7000 | Skeifan 568-7499 | Akureyri 463-3333 |
|---|---|---|---|---|
| Mán. - fim. | 11-19 | 11-19 | 11-18.30 | 10-18.30 |
| Föstudaga | 11-19 | 11-19 | 10-19 | 10-18.30 |
| Laugardaga | 10-18 | 10-18 | 10-18 | 10-17 |
| Sunnudaga | 12-18 | 12-18 | 12-18 | 13-17 |




Allar vörur í þessum bæklingi eru einnig fáanlegar í póstverslun.
Sími **750-7000**

**10 % AFSLÁTTUR**
af ÖLLUM vörum í bæklingnum fimmtudag - sunnudags
Aðeins þessa 4 daga



# Eurovision-fólk hittist

Félag áhugafólks um söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva heldur sérstakan kynningarfund á skemmtistaðnum Barböru í kvöld klukkan átta. „Við höfum fengið mjög góð viðbrögð og það er fullt af hlutum sem við stefnum á að gera í vetur,“ segir Eyrún Ellý Valsdóttir, einn af stofnmeðlimum félagsins.

Markmið FÁSES er að vera sameiginlegur vettvangur þeirra sem hafa áhuga á Eurovision-söngvakeppninni. „Hvort sem fólk vill hittast til að ræða komandi keppni, horfa saman á keppnina eða fara erlendis til að fylgjast með.“

- fgg



**FÁSES** Þau Haukur Johnson, Alma Tryggvadóttir, Flosi Jón Ófeigsson og Eyrún Ellý Valsdóttir hafa unnið að stofnun FÁSES á Íslandi. Hér eru þau með Eurovision-spekingnum Reyni Þór Tryggvasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Bloc Party leitar að nýjum söngvara

Meðlimir hljómsveitarinnar Bloc Party hafa staðfest að næsta plata verðin tekin upp án söngvarans Kele Okereke.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku sá Okereke meðlimi hljómsveitarinnar laumast inn í hljóðver í New York á dögunum. Hann hafði ekki verið látinn vita og sagðist vona að hann hefði ekki verið rekinn úr hljómsveitinni. Nú virðist martröð hans hafa ræst.

„Þetta er ekkert leyndarmál. Kele hefur verið upptekinn við að semja eigið efni og það lítur út fyrir að hann verði að því aðeins lengur,“ sagði gítarleikarinn Russell Lissack í samtali við breska tónlistartímaritið NME. „Okkur hina langaði að hittast og semja tónlist. Við töluðum fyrst um að semja lög án söngs en núna erum við að spá í að fá söngvara til liðs við okkur til að koma almennilegri tónlist út og spila á tónleikum.“

Lissack þvertók fyrir að einhver leiðindi væru á milli hljómsveitarinnar og Okereke en staðfesti að þeir hefðu ekki talað saman í nokkra mánuði.




**REKINN** Kele Okereke (lengst til hægri á myndinni), sem taldi sig vera söngvara Bloc Party, virðist ekki eiga afturkvæmt í hljómsveitina.








**JONATHAN DAVIS** Davis og félagar í Korn mæta með nýja plötu 5. desember. NORDICPHOTOS/GETTY

# Númer tíu frá Korn

**Tíunda hljóðversplata Korn, The Path of Totality, kemur út 5. desember. „Titillinn The Path of Totality vísar í þá staðreynd að til að sjá sólmyrkva þarf að vera á hárréttum stað á hárréttum tíma. Þannig varð platan til. Ég held að upptökustjórarnir séu á sama máli. Ég er viss um að þessi plata gæti aldrei verið endurtekin,“ sagði söngvarinn Jonathan Davis. Korn spilaði í Laugardalshöll árið 2004 við góðar undirtektir. Á meðal vinsælustu laga sveitarinnar eru Got the Life, Freak on a Leash og Falling Away from Me.**



**HEIÐRA MERCURY** Matthías Matthíasson og félagar heiðra Freddie Mercury með tónleikaröð í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mercury til Akureyrar

**Vegna mikillar eftirspurnar verða haldnir tónleikar til heiðurs Freddie Mercury, fyrrum söngvara Queen, í menningarhúsinu Hofi á Akureyri 18. nóvember. Nú þegar er uppselt á þrenna Mercury-tónleika sem verða í Hörpu 23. og 24. nóvember. Stórskotalið hljóðfæraleikara og söngvara mun á tónleikunum minnast Mercury, sem lést 24. nóvember 1991. Tónlistina í Hofi flytja þau Matthías Matthíasson, Friðrik Ómar, Magni og Hulda Björk Garðarsdóttir, auk sérstakra norðlenskra gesta, Vals Hvanndalsbróður og Svenna Þórs. Miðasala á tónleikana hefst á morgun.**

# Leitað að nýjum Eurovision-kóngi

„Þetta er náttúrlega mjög leiðinlegt og við grátum brotthvarf Páls Óskars enda var hann sjálfkjörinn í þetta hlutverk. En allt rennur sitt skeið og við ætlum okkur að halda áfram í einhverju formi án Páls," segir Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri RÚV.

Páll Óskar Hjálmtýsson lýsti því yfir í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hygðist ekki stýra Eurovision-þættinum Alla leið sem hefur um árabil verið einn vinsælasti sjónvarpsþáttur Ríkissjónvarpsins en þar eru framlög til Eurovision-keppninnar krufin til mergjar. Páll sagðist einfaldlega ekki hafa tíma né metnað til að vera dagskrárgerðarmaður í sjónvarpi.

Sigrún segir þau ekki ætla að leggja árar í bát heldur einfaldlega leita að nýjum Eurovision-kóngi á Íslandi. Og hún auglýsti formlega eftir honum. „Auðvitað verður erfitt að feta í fótspor Páls. Við munum auðvitað endurskoða þáttinn og koma til móts við nýja manneskju og hennar þarfir," segir Sigrún. - fgg



**GEFST EKKI UPP** Sigrún Stefánsdóttir ætlar að finna arftaka Páls Óskars fyrir Eurovision-þátt Sjónvarpsins þótt hún viti vel að erfitt verði að feta í þau fótspor.



**OF LÉTTKLÆDD** Söngkonan Rihanna var of léttklædd fyrir írskan bónda. NORDICPHOTOS/GETTY

# Særði blygðunarkennd bónda

**Poppstjarnan Rihanna lenti í vandræðum við tökur á myndbandi á Írlandi á dögunum. Rihanna var búin að fá leyfi hjá bónda til að taka upp myndband á akrinum hans en þegar bóndinn sá hversu léttklædd Rihanna var við tökur var hann ekki lengi að stöðva þær.**

**„Mér fannst þetta bara ekki vera viðeigandi," sagði bóndinn við sjónvarpsstöðina BBC, en Rihanna var klædd í bikiní og með sjal. Tökuliðið þurfti því að pakka saman og finna nýjan tökustað í kjölfarið.**

**Myndbandið er við lagið We Found Love af nýrri plötu söngkonunnar sem kemur út í nóvember.**



**FERÐAST MEÐ FULLAR HENDUR** Rachel Zoe ferðast með 11 töskur fullar af fötum á tískuvikuna í París. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ferðast með 11 töskur

**Stjörnustílistinn Rachel Zoe mætti með stæl á tískuvikuna í París en hún dró með sér hvorki meira né minna en ellefu stórar ferðatöskur fullar af fötum. Zoe setti mynd af öllum farangrinum á samskiptasíðuna Twitter og þar sást í sveittan eiginmann Zoe flytja herlegheitin á vagni.**

**Stílistinn er fastagestur á fremstu röð helstu tískuviðburða víðs vegar um heiminn og þarf því að skarta sínu fegursta fyrir ljósmyndara og önnur tískuljós. Eitt er víst og það er að hún á eftir að hafa úr nógu að velja næstu daga.**



# Mýkri og mildari Mugison

Tónlist ★★★★

**Haglél**
Mugison



**SYNGUR Á ÍSLENSKU** Mugison er í meiri poppgír á Hagléli en á síðustu breiðskífu.
FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Haglél er fyrsta plata Mugisons síðan Mugiboogie kom út fyrir fjórum árum, ef frá er talin stúdíótónleikaplatan Ítrekun sem hafði að geyma nýjar útgáfur af gömlum lögum. Síðustu tvær plötur Mugisons með nýju efni, Mugimama is this Monkey Music? og Mugiboogie, voru meistaraverk og eru báðar á meðal bestu íslensku platnanna síðustu ár. Það var þess vegna kannski ekki auðvelt verk að fylgja þeim eftir. En Mugison kemst prýðilega frá því á nýju plötunni.

Það eru ellefu lög á Hagléli og ólíkt fyrri plötunum þá eru þau öll sungin á íslensku. Þrjú hafa komið út áður. Gúanó stelpan var samið af Mugison og Rúnu ásamt Ragnari Kjartanssyni fyrir Aldrei fór ég suður, Ljósvíkingur var samvinnuverkefni Mugisons og Hjálma og Stolin í Stef söng Mugison með Ragnheiði Gröndal á plötu Tómasar R. Einarssonar, Trúnó. Þessi lög eru samt öll í nýjum búningi hér og flutt án aðkomu annarra söngvara.



Það er auðheyrt á Hagléli að Mugison hefur ekki ætlað að gera aðra Mugiboogie. Áferðin á nýju plötunni er mýkri og mildari. Lögin eru mörg á hægara tempói og hljómurinn er poppaðri. Það þekkja allir landsmenn Stingum af sem er eitt af lögum ársins og nær að vera í senn ferskt og hljóma eins og gamalt sígilt dægurlag. Það eru mörg önnur fín lög á plötunni. Titillagið er t.d. kassagítar og banjólag með grípandi gítarstefjum og viðlagi og upphafslagið Klettur er popplag skreytt með flottum hljóðfæraleik, m.a. gítarleik Björgvins Gíslasonar. Stolin Stef kemur líka sérstaklega vel út í þessari nýju útsetningu. Lögin eru samt ekki öll poppuð. Eitt besta lagið á plötunni, Þjóðarsálin, er t.d. hrjúfur blús sem minnir á Tom Waits og Áfall er rokkari þó að poppaðar bakraddir setji svip á það.

Það er margt mjög vel gert á Hagléli. Útsetningarnar eru lifandi og koma oft á óvart og flutningurinn er fyrsta flokks. Auk hljómsveitar Mugisons, sem Davíð Þór Jónsson, Guðni Finnsson og Arnar Þór Gíslason skipa, koma ýmsir aðrir við sögu, t.d. Ómar Guðjónsson gítarleikari og Kjartan Hákonarson sem spilar á trompetinn í Stingum af. Þá raddar Mugitengdadóttirin Rúna víða á plötunni, en bakraddirnar eru eitt af því sem setur svip á hana.

Haglél er ekki jafn sterk heild og síðustu tvær plötur, en þetta er samt fjandi góð plata. Mugison staðfestir að hann er einstakur flytjandi og hörku lagasmiður. Það er líka gaman að hann skuli vera farinn að syngja á íslensku. Textarnir gera mikið fyrir plötuna. Það þarf líka að minnast á umslagið sem er óvenjulegt og flott eins og fyrri daginn hjá Mugison.

Á heildina litið er Haglél fín plata sem ætti að gleðja gömlu aðdáendurna og afla þessum afburðamanni í íslensku tónlistarlífi nýrra.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Það eru minni læti á Hagléli en oft áður hjá Mugison, en frábær flutningur og fullt af góðum lagasmíðum.


SAMBÍÓIN
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 5:30 - 8 - 10:10 | 2D | L |
| JOHNNY ENGLISH REBORN Luxus VIP | kl. 8 - 10:10 | 2D | VIP |
| SHARK NIGHT 3D | kl. 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| KONUNGUR LJÓNANNA ísl. Tali sýnd á morgun | kl. 4 og 6 | 3D | L |
| DRIVE | kl. (5:30 vip) - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 5:30 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE LION KING m/ísl tali | kl. 5:30 | 3D | L |
| SHARK NIGHT | kl. 8 - 10:40 | 3D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI m/ísl tali | kl. 5:30 | 2D | L |
| DRIVE | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 7 |
| THE LION KING m/ensk tali | kl. 5:30 - 8 | 3D | L |
| FRIGHT NIGHT | kl. 10:30 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| KONUNGUR LJÓNANNA 3D | kl. 6 | 3D | L |
| DRIVE | kl. 8 | 2D | 16 |
| SHARK NIGHT 3D | kl. 10:10 | 3D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 - 8 | 2D | L |
| FRIGHT NIGHT | kl. 10:10 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHARK NIGHT 3D | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| THE LION KING - 3D ótextuð M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 3D | L |
| DRIVE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 | 2D | L |

Kvikmyndahátíð Auka sýningar vegna mikla eftirspurnar

| | | |
|---|---|---|
| THE TREE OF LIFE Kvikmyndahátíð Ótextuð | kl. 10 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHARK NIGHT | kl. 10:10 | 3D | 16 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 8 | 2D | L |
| ALGJÖR SVEPPI m/íslensku tali | kl. 8 | 2D | L |
| 30 MINUTES OR LESS | kl. 10:10 | 2D | 14 |

SAMbio.is



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!







SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| WARRIOR | KL. 8 | 14 |
| OUR IDIOT BROTHER | KL. 10.10 | 12 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 8 | 14 |
| SPY KIDS 4 IN 4D | KL. 3.30 - 5.50 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL | KL.3.30 - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| Á ANNAN VEG | KL. 6 | L |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT | KL. 8 - 10.10 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 6 - 8 - 10 | 7 |
| I DON'T KNOW HOW SHE DOS IT | KL. 6 - 8 - 10 | L |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio



midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| JOHNNY ENGLISH | 6, 8 og 10.15 |
| COLOMBIANA | 8 og 10.15 |
| WARRIOR | 10.15 |
| CHANGE UP | 8 |
| SPY KIDS - 4D | 6 |
| STRUMPARNIR - 3D | 6 - ISL TAL |








BÍÓ ★ PARADÍS
HEIMILI RIFF 2011
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS / CAFÉ OG BAR OPIÐ 11:30-23:00 / www.bioparadis.is / midi.is

Reykjavík International Film Festival Sept. 22 - Oct. 2 2011

VELKOMIN Á HEIMILI RIFF: ■ OPIÐ FRÁ 11:30 ■ LÉTTIR RÉTTIR Í HÁDEGINU ■ EÐALKAFFI OG MEÐLÆTI ■ LÉTTVÍN OG BJÓR ■ HANDHAFAR RIFF KORTA FÁ GÓÐAN AFSLÁTT ■ "HAPPY HOUR" 17-19 ■ ÓKEYPIS Á RIFF FYRIR ATVINNULAUSA KL. 14 ALLA DAGANA. ■ EKKI ÞARF AÐ KAUPA MIÐA (NEMA ÞÚ ÆTLIR Í BÍÓ)



**BÚIÐ SPIL** Hjónabandi Ashtons Kutcher og Demi Moore er lokið vegna þess að leikarinn hélt ítrekað framhjá eiginkonu sinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ashton hélt framhjá Demi

Hjónakornin Ashton Kutcher og Demi Moore eru að skilja ef marka má fréttaflutning Star Magazine. Leikarinn er greinilega ekki mikið að syrgja, en til hans sást á föstudagskvöldið á skemmtistað í San Diego þar sem hann var umkringdur fögrum fljóðum og fékk ein stúlkan að fylgja leikaranum upp á hótel.

Kutcher og Demi Moore giftu sig 24. september 2005 og fögnuðu því sex ára brúðkaupsafmæli á laugardaginn. Samkvæmt heimildum blaðsins sótti parið um skilnað fyrir stuttu og ástæðan ku vera ítrekað framhjáhald Kutchers. Leikkonan Demi Moore er í mikilli ástarsorg samkvæmt heimildarmanni blaðsins en á sínum tíma vakti parið mikla athygli þegar þau byrjuðu saman, ekki síst vegna aldursmunarins sem er sextán ár.

# Færri komast að en vilja

„Ég hvet alla sem vilja tryggja sér miða til að mæta snemma, koma með heitt kakó í brúsa og iPodinn og bíða bara spennt,“ segir Kamilla Ingibergsdóttir hjá tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves.

Þeir sem vilja tryggja sér miða á tónleika Sinéad O´Connor í Fríkirkjunni 14. október þurfa að mæta klukkan 11 um morguninn í plötubúðina Smekkleysu því ekki er nóg að hafa keypt armband á hátíðina. Aðeins fjögur hundruð miðar eru í boði á tónleikana og því komast færri að en vilja enda O´Connor einn þekktasti flytjandinn í ár. Sömu sögu er að segja af tónleikum Bjarkar í Silfurbergi í Hörpunni 12. og 16. október. Þar duga armböndin ekki og þurfa aðdáendur hennar því að mæta í Smekkleysu á tónleikadag og ná sér í miða. Aðeins 200 miðar eru í boði á hvora tónleika.

„Við höfum yfirleitt gert þetta þegar við höfum verið með stærri nöfn í Fríkirkjunni. Við gerðum þetta síðast með Kings of Convenience. Kirkjan tekur bara rúmlega 400 manns og til að koma í veg fyrir brjálaða röð beinum við fólki í Smekkleysubúðina að ná sér í miða,“ segir Kamilla.

Sinéad O´Connor hefur verið töluvert í fjölmiðlum að undanförnu vegna undarlegra ummæla á vefsíðu hennar. „Það voru nokkrar Twitter-sendingar sem fólk hafði áhyggjur af. En við höfum verið sannfærð um að hún sé í góðu stuði og verði með „über“ tónleika í Fríkirkjunni.“ - fb



**ENGIN ARMBÖND** Ekki er nóg að eiga armband á Airwaves-hátíðina ætli menn að sjá Sinéad O´Connor í Fríkirkjunni.

# Hollenskur furðufugl til landsins

„Ég hvet engan til að sjá þessa mynd, í fullri alvöru. Hostel-myndirnar eru bara léttvæg upphitun við hliðina á þessari,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson hjá Græna ljósinu.

Hryllingsmyndin The Human Centipede 2 verður frumsýnd hér á landi 11. nóvember. Hinn 10. nóvember gefst áhorfendum hins vegar kostur á að hitta hollenskan leikstjóra myndarinnar, Tom Six, og systur hans, Illonu Six, og spyrja þau spjörunum úr. Þau systkini eiga að vera afar viðkunnanleg þótt kvikmyndagerð þeirra orki að margra mati tvímælis. „Við erum búnir að kaupa farseðilinn og panta gistingu,“ segir Ísleifur, sem bætir því við að myndin verði að öllum líkindum bönnuð innan tvítugs og sérstakur vörður verði við kvikmyndasalinn til passa upp á að enginn undir aldri komist inn. „Hún verður sýnd í mjög takmarkaðan tíma.“

Myndin fékk sínar fimmtán mínútur af frægð þegar breska kvikmyndaeftirlitið ákvað að banna hana fyrir skemmstu. Eftirlitið taldi að myndin gerði enga tilraun til að sýna fórnarlömbin á annan hátt en hluta sem aðalpersónan misnotar miskunnarlaust og aflimar sér til skemmtunar. Þær meiðingar eiga síðan að vera hugsaðar sem einhvers konar skemmtiefni fyrir áhorfendur. Að mati eftirlitsins sé því hætta á að kvikmyndin geti valdið raunverulegum skaða.

Ákvörðunin vakti mikla athygli en breska blaðið Guardian telur þó að eftirlitið hafi sparað mörgum ómakið og nokkur pund; The Human Centipede 2 sé nefnilega óttalegt rusl þrátt fyrir allt umtalið. - fgg



**ÓGEÐFELLD** Kvikmyndin The Human Centipede 2 var bönnuð í Bretlandi og þar með fékk leikstjórinn Tom Six sínar fimmtán mínútur af frægð.



# sport

sport@frettabladid.is



**ENSKA U-21 LANDSLIÐIÐ** mætir á Laugardalsvöll hinn 6. október næstkomandi og etur kappi gegn jafnöldrum sínum frá Íslandi í undankeppni EM 2013. Margir þekktir kappar verða í enska liðinu, svo sem þeir Phil Jones og Danny Welbeck frá Manchester United, Liverpool-mennirnir Jordan Henderson og Martin Kelly og loks Alex Oxlade-Chamberlain sem skoraði fyrir Arsenal í gær.



**GEIR ÞORSTEINSSON** Er þögull sem gröfin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KSÍ þögult um þjálfaramálin:

## Það hvílir leynd yfir þessu

**FÓTBOLTI** Það hefur lítið heyrst frá KSÍ vegna yfirvofandi ráðningar á nýjum landsliðsþjálfara en Ólafur Jóhannesson stýrir brátt sínum síðasta leik.

Fjölmörg nöfn hafa verið í loftinu síðustu daga en Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, fæst ekki til þess að gefa nokkurn skapaðan hlut upp um gang mála.

„Það er ekkert að frétta. Ekkert sem ég get sagt frá. Það hvílir leynd yfir þessu," sagði Geir við Fréttablaðið í gær.

„Ég get ekkert staðfest viðræður eða annað. Við erum að virða trúnað og munum því ekkert tjá okkur um gang mála. Við höfum ekki sett okkur neinn sérstakan tímaramma í þessu máli en tíminn er núna."

Ekki liggur enn fyrir hvort KSÍ er alvara með því að ráða erlendan þjálfara eins og meðal annars aðildarfélögin hafa kallað eftir.

Þar hafa verið nefnd nöfn manna eins Lars Lagerbäck, Steve Coppell, Stuart Baxter og George Burley.

Lagerbäck og Coppell hafa báðir lýst yfir áhuga sínum á landsliðsþjálfarastarfinu. Hinn sænski Lagerbäck var svo í viðræðum við Austurríkismenn en í gær varð ljóst að austurríska sambandið ætlar ekki að ráða hann sem landsliðsþjálfara.

- hbg

IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

# LAMPARD MINNTI Á SIG

**Frank Lampard hefur verið afskrifaður af mörgum í ensku pressunni síðustu vikurnar en hann svaraði fyrir sig með því að skora mark Chelsea í 1-1 jafntefli gegn Valencia á Spáni. Arsenal vann nauman sigur á Olympiakos á heimavelli.**

**FÓTBOLTI** Chelsea gerði í gær 1-1 jafntefli við Valencia í Meistaradeild Evrópu í gær í jöfnum og spennandi leik. Annað Lundúnalið, Arsenal, vann hins vegar nauman en kærkominn 2-1 sigur á gríska liðinu Olympiakos. Barcelona og AC Milan unnu örugga sigra á meðan Þýskalandsmeistarar Dortmund steinlágu í Frakklandi fyrir Marseille, 3-0.

Enskir fjölmiðlar hafa fjallað mikið um Frank Lampard síðustu vikurnar og margir gengið svo langt að afskrifa hann, bæði með enska landsliðinu og Chelsea. Hann var til að mynda tekinn af velli í leikhléi í 3-1 tapleik Chelsea gegn Manchester United og kom síðan ekkert við sögu í 4-1 sigri á Swansea um helgina.

Andre Villas-Boas varði þó sinn mann með kjafti og klóm á blaðamannafundi í fyrradag og setti hann svo í byrjunarliðið gegn Valencia í gær. Lampard þakkaði traustið með því að tryggja sínum mönnum annað stigið en hann kom Chelsea yfir með marki snemma í síðari hálfleik.

Þeir ensku höfðu þá sótt nokkuð stíft en Diego Alves, markvörður Valencia og maður leiksins, varði stórglæsilega frá þeim Fernando Torres og Ramires. Valencia sótti í sig veðrið eftir mark Lampard og uppskar jöfnunarmark úr vítaspyrnu sem var dæmd á Salomon Kalou – sem var þá nýkominn inn á sem varamaður fyrir téðan Lampard.



**SKORAÐI** Frank Lampard skorar hér mark Chelsea gegn Valencia. NORDICPHOTOS/GETTY

Hinn 33 ára gamli Lampard var vitanlega ánægður eftir leikinn. „Ég vil alltaf spila, það er sjálfgefið. Ég elska að spila fyrir þetta félag en þetta er ekki í fyrsta sinn sem ég lendi í mótlæti á mínum ferli. Ég verð þá þeim mun ákveðnari í að koma enn sterkari til baka," sagði hann.

Það stóð oft á tæpu hjá Arsenal gegn Olympiakos á Emirates-leikvanginum í gær. Heimamenn voru komnir í 2-0 eftir 20 mínútur en voru einnig búnir að verja á eigin marklínu. Grikkirnir náðu að nýta sér slakan varnarleik Arsenal á 27. mínútu með marki eftir hornspyrnu en nær komust þeir þó ekki. Bæði lið fengu færi eftir þetta en Arsene Wenger, sem tók út leikbann í gær, gat leyft sér að brosa í leikslok.

Wenger hvíldi nokkra lykilmenn í gær fyrir leik Arsenal gegn Tottenham í ensku úrvalsdeildinni um helgina.

eirikur@frettabladid.is

## ÚRSLIT

*Meistaradeild Evrópu*

**E-RIÐILL**

**Valencia - Chelsea** 1-1
0-1 Frank Lampard (56.), 1-1 Roberto Soldado, víti (87.).
**Bayer Leverkusen - Genk** 2-0
1-0 Lars Bender (30.), 2-0 Michael Ballack (91.).
Staðan: Chelsea 4 stig, Genk 2, Valencia 2, Bayer Leverkusen 1.

**F-RIÐILL**

**Arsenal - Olympiakos** 2-1
1-0 Alex Oxlade-Chamberlain (8.), 2-0 André Santos (20.), 2-1 David Fuster (27.).
**Marseille - Dortmund** 3-0
1-0 André Ayew (20.), 2-0 Loïc Rémy (62.), 3-0 André Ayew, víti (69.).
Staðan: Arsenal 4, Marseille 4, Dortmund 2, Olympiakos 0.

**G-RIÐILL**

Zenit - Porto 3-1
Shakhtar Donetsk - Apoel Nicosia 1-1
Staðan: Apoel 4, Zenit 3, Porto 3, Shakhtar 1.

**H-RIÐILL**

**Bate Borisov - Barcelona** 0-2
0-1 Aleksandr Volodko, sjálfsmark (19.), 0-2 Pedro (22.), 0-3 Lionel Messi (38.), 0-4 Lionel Messi (55.), 0-5 David Villa (90.).
**AC Milan - Viktoria Plzen** 2-0
1-0 Zlatan Ibrahimovic, víti (53.), 2-0 Antonio Cassano (66.).
Staðan: Barca 4, AC Milan 2, Plzen 2, BATE 1.

*Þýska úrvalsdeildin*

**Göppingen - Füchse Berlin** 26-24
Alexander Petersson skoraði tvö mörk fyrir FB.
**Kiel - Hannover-Burgdorf** 34-19
Aron Pálmarsson 2 – Hannes Jón Jónsson 2, Ásgeir Örn Hallgrímsson 1, Vignir Svavarsson 1.

*Danska úrvalsdeildin*

**AG - Skanderborg** 28-20
Guðjón Valur Sigurðsson skoraði sex mörk fyrir AG, Arnór Atlason fimm og Snorri Steinn Guðjónsson eitt.

Hinn ungi Dofri Snorrason hefur farið á kostum með KR í síðustu leikjum og er leikmaður 21. umferðar:

# Mér leiðist ekkert mikið að hlaupa upp kantinn

**FÓTBOLTI** Vaskleg framganga hins 21 árs gamla Dofra Snorrasonar í undanförnum leikjum KR hefur vakið verðskuldaða athygli. Hann hefur verið hreint magnaður í bakverðinum hjá KR og skoraði svo sigurmarkið gegn Fylki um síðustu helgi sem tryggði KR titilinn.

„Ég er mjög ánægður með þessa leiki hjá mér. Það er loksins kominn meiri stöðugleiki í mínum leik. Ég er kominn með það betur á hreint hvað ég á að gera og sjálfstraustið er meira," sagði Dofri sem lagði einnig upp hið afar mikilvæga jöfnunarmark fyrir KR í Eyjum. Þá átti hann eina af sínum mörgu rispum upp kantinn og gaf magnaða sendingu í teiginn sem Kjartan Henry skilaði í mark.

„Mér leiðist ekkert mikið að hlaupa upp kantinn. Það getur samt komið í bakið á manni. Ég þarf stundum að hemja mig. Rúnar þjálfari vill að ég geri þetta í hófi enda vill Mummi hinum megin einnig líka hlaupa upp. Það þarf því að velja réttu augnablikin."

Dofri var miðjumaður upp yngri flokkana en í 2. flokki var honum hent í bakvörðinn og þar líður honum ágætlega en hann getur einnig leikið út á kanti. Dofri lék 13 leiki með Víkingi í 1. deildinni í fyrra en hann var þar á láni. Hann kom svo til baka og kom við sögu í 9 leikjum hjá KR í fyrra.

„Ég kann vel við mig í bakverðinum og sérstaklega ef ég er í liði sem sækir og heldur boltanum mikið. Ég hef ekkert verið að stúdera neina bakverði enn þá. Var meira að skoða miðjumenn áður en ég þarf að bæta úr því og skoða fleiri bakverði eins og Dani Alves," sagði Dofri en hann segir dvölina hjá Víkinga hafa styrkt sig. Þó svo að hann sé sífellt að verða reynslumeiri losnar hann seint við fiðringinn fyrir leiki.

„Ég verð alltaf smá stressaður fyrir alla leiki. Það fylgir þessu. Ég er samt aðeins meira stressaður fyrir leiki hjá KR en ég var hjá Víkingi."

- hbg

**Lið umferðarinnar**

| | |
|---|---|
| Ögmundur Kristinsson | Fram |
| Dofri Snorrason | KR |
| Tommy Nielsen | FH |
| Tryggvi Sveinn Bjarnason | Stjarnan |
| Hlynur Atli Magnússon | Fram |
| Egill Jónsson | KR |
| Aron Elís Þrándarson | Víkingur |
| Jóhann Laxdal | Stjarnan |
| Kristinn Steindórsson | Breiðablik |
| Atli Guðnason | FH |
| Garðar Jóhannsson | Stjarnan |



**SIGURMARKI FAGNAÐ** Dofri skoraði markið sem gulltryggði KR Íslandsmeistaratitilinn. Hann fagnar því hér. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FRÁBÆR BYRJUN!




Fim. 29 sept. | N1-deild karla
Akureyri - FH
Höllin, Ak. | Kl. 19.00

Fim. 29 sept. | N1-deild karla
Valur - Afturelding
Vodafonehöllin | Kl. 19.30

Fim. 29 sept. | N1-deild karla
HK - Grótta
Digranes | Kl. 19.30

Sun. 2 okt. | N1-deild karla
Haukar - Fram
Ásvellir | Kl. 16.00

# Bratwurstpylsur

Kjúklinga-Bratwurstpylsur eru óreyktar og unnar úr sérvöldu gæðahráefni. Þær eru kryddaðar til með jurtum og kryddkornum þannig að úr verður bragð sem fær sælkera til að kikna í hnjáliðunum og brosa framan í heiminn.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## Ekki séð ógeðfelldari meiðsli



Grétar Rafn Steinsson segir að hnémeiðslin sem Stuart Holden, liðsfélagi hans hjá Bolton, varð fyrir í leik gegn Manchester United í mars síðastliðnum hafi litið afar illa út. „Þetta er það ógeðfelldasta sem ég hef nokkru sinni séð,“ segir Grétar Rafn.

Holden fór í tæklingu á móti Jonny Evans, leikmanni United, en takki undan skóm þess síðarnefnda festist í hné Holdens með þeim afleiðingum að sauma þurfti 26 spor til að loka sárinu. Holden sleit þar að auki krossband og hefur verið frá í hálft ár.

Hann spilaði allan leikinn gegn Aston Villa í deildarbikarnum í síðustu viku. „Það voru afar góðar fréttir enda er hann frábær leikmaður. Hann hefur staðið sig ótrúlega vel í endurhæfingunni eftir flókna aðgerð,“ segir Grétar Rafn.

Í gær bárust reyndar þær fréttir frá Bolton að Holden yrði frá næstu sex vikurnar þar sem hann hefði verið kallaður í aðra aðgerð á hnénu. Holden þarf því að bíða enn eftir að snúa aftur í ensku úrvalsdeildina, en hann var lykilmaður í liði Bolton á síðasta tímabili og kjörinn leikmaður ársins af stuðningsmönnum liðsins, þó svo að hann hefði meiðst í mars.







FÖSTUDAGUR
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN


# Vitum að við erum með betra lið en mörg önnur

**Grétar Rafn Steinsson er aftur kominn í lið Bolton eftir að hafa verið í fríi frá boltanum í fáeinar vikur. Grétar segir að hann hafi verið kallaður til baka úr fríinu vegna lélegs gengis Bolton, sem vann síðast deildarleik í síðasta mánuði.**

**FÓTBOLTI** „Það er aldrei gaman að þurfa að taka sér frí frá fótbolta. En ef andlegi þátturinn er ekki 100 prósent þá ertu bara hálfur maður,“ sagði Grétar Rafn Steinsson í viðtali við Fréttablaðið um ástæður þess að hann missti af tveimur leikjum liðsins í ensku úrvalsdeildinni fyrr í mánuðinum.

Grétar Rafn missti af leikjum Bolton gegn Manchester United og Norwich, en báðir töpuðust og var því ákveðið að kalla á Grétar á nýjan leik.

„Ég spilaði svo gegn Aston Villa í deildarbikarnum og unnum við þann leik,“ segir Grétar, sem var líka með Bolton gegn Arsenal um síðustu helgi. Arsenal vann þann leik, 3-0, og er Bolton í neðsta sæti deildarinnar með aðeins þrjú stig eftir sex umferðir.

Grétar Rafn dró sig út úr íslenska landsliðinu fyrr á þessu ári og skýrði frá því í samtali við Fréttablaðið í byrjun ágúst að það væri vegna persónulegra erfiðleika.

„Undanfarið ár hef ég verið í baráttu utan fótboltavallarins og því miður hef ég af þeim sökum ekki getað gefið hundrað prósent af mér til landsliðsins,“ sagði hann þá og bætir við nú: „Það er mikil pressa sem fylgir því að spila í ensku úrvalsdeildinni og það hefur verið mikið að gerast hjá mér. Það var því ákveðið að gefa mér smá frí. Þetta var fagleg ákvörðun og ekkert annað sem býr þar að baki. Það átti að nýta aðra leikmenn en svo voru úrslitin bara ekki nógu góð.“

Grétar Rafn hefur einnig verið að glíma við hnémeiðsli undanfarin ár en segir að þau hái sér ekki nú. „Þetta hefur verið ákveðið basl en er þó ekki að plaga mig nú. Ég get æft á fullu og verð klár í slaginn fyrir leikinn gegn Chelsea um helgina. Ég mun spila þann leik nema eitthvað stórvægilegt gerist.“

### Slæmt að tapa fyrir Norwich

Staða Bolton í deildinni er slæm en hafa þarf í huga að síðan liðið vann nýliða QPR, 4-0, í fyrstu umferðinni hefur Bolton mætt Manchester City, Liverpool, Manchester United, Norwich og Arsenal. Grétar segir að 2-1 tap fyrir Norwich hafi staðið upp úr sem stærstu vonbrigðin.

„Hefðum við unnið þann leik væri staða okkar í deildinni önnur. Það er vissulega erfitt að byrja tímabilið svona illa og vera í þessari stöðu. En þetta er ekki í fyrsta sinn sem við lendum í vandræðum og það skiptir mestu að halda í trúna. Við vitum að við erum með betra lið en mörg önnur félög í deildinni,“ segir Grétar Rafn.



**TEKIST Á** Grétar Rafn Steinsson ræðir málin við Robin van Persie í viðureign Arsenal og Bolton um síðustu helgi. NORDIC PHOTOS/GETTY

> Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við lendum í vandræðum og það skiptir mestu að halda í trúna.
>
> **GRÉTAR RAFN STEINSSON**
> LEIKMAÐUR BOLTON WANDERERS

### Nýir leikmenn þurfa tíma

Owen Coyle, stjóri Bolton, fékk nokkra nýja leikmenn til félagsins í haust og segir Grétar að þeir þurfi tíma. „Við fengum Gaël Kakuta að láni frá Chelsea og keyptum David N‘Gog frá Liverpool. Það er góð viðbót og þetta eru virkilega góðir leikmenn. Það hafa ekki verið gerðar miklar breytingar á liði Bolton á undanförnum árum en nú eru 4-5 nýir leikmenn komnir inn og þeir þurfa tíma til að aðlagast liðinu.“

Grétar segir ljóst að liðið þurfi að skerpa á sínum leik ætli það sér að ná betri úrslitum. „Við spilum ávallt til sigurs og erum ekki alltaf með alla menn fyrir aftan boltann þegar við verjumst. Það gekk ágætlega í fyrra þó svo að það hafi sína kosti og galla að hafa þessa áherslu í okkar leik. Staða okkar í deildinni er okkur vissulega vonbrigði og við þurfum að fara að ná í stig.“

eirikur@frettabladid.is

Þór/KA tapaði 0-6 fyrir Turbine Potsdam, einu besta félagsliði heims, í gær:

# Heimsmeistari í ham á Akureyri

**FÓTBOLTI** „Ég bjóst við þeim sterkari,“ sagði þjálfarinn Hlynur Svan Eiríksson um eitt besta félagslið heims sem vann lið hans Þór/KA 0-6 í Meistaradeild kvenna í knattspyrnu í gær. Potsdam frá Þýskalandi hefur unnið meistaratitil þrjú ár í röð og komist tvö ár í röð í úrslitaleik Meistaradeildarinnar, og vann hann í fyrra skiptið.

Leikmenn Þórs/KA lögðu sig alla fram og létu vel finna fyrir sér. Það var þó við ramman reip að draga. Lið Potsdam er skipuð mörgum landsliðsmönnum, meðal annars Yuki Nagasato sem varð heimsmeistari með Japan í sumar.

Hún skoraði einmitt þrennu og átti frábæran leik. Lið Potsdam hreyfði sig vel án bolta, spilaði léttleikandi á milli sín í rigningunni á Akureyri og hefði hæglega getað skorað fleiri mörk.

Sjálfsmark frá Örnu Sif Ásgrímsdóttur kom gestunum á bragðið áður en Yuki skoraði næstu þrjú mörk. Staðan var 0-2 í hálfleik.

Helena Jónsdóttir var frábær í marki Þórs/KA og stóð upp úr. Hún er aðeins 18 ára en varði oft vel.

Arna Sif segir að það hafi verið erfitt en gaman að mæta einu besta liði heims, sem átti 22 skot á mark Akureyringanna.

„Þetta eru allt frábærir leikmenn. Þetta var samt gaman og við gátum notið þess að spila gegn þeim. Við mættum einum heimsmeistara, það lá við að maður væri stjörnustjarfur við að sjá hana og hún var frábær,“ sagði Arna um Nagasato.

„Við byrjuðum leikinn vel og reyndum að láta finna vel fyrir okkur. Við gerum það sama í seinni leiknum, höfum gaman af og söfnum í reynslubankann,“ sagði Arna.

- hþh



**HEIMSMEISTARI** Yuki Nagasato skoraði þrennu fyrir Turbine Potsdam í gær.


SPORT
besta sætið
SPORT 2
enski boltinn
LIVERPOOL GEGN MANCHESTER UNITED
15. OKTÓBER Á STÖÐ 2 SPORT 2
Leikir erkifjendanna í Liverpool og Manchester snúast um svo miklu meira en þrjú stig.
Heiðurinn er að veði – og rúmlega það.
7. OKTÓBER
PORTÚGAL – ÍSLAND
A-landslið karla mætir Ronaldo, Nani og félögum í undankeppni EM.
8-9. OKTÓBER
ASIA ONE MÓTARÖÐIN
Heil helgi af fyrsta flokks golfi.
13. OKTÓBER
EAS ÞREKMÓTARÖÐIN
Átök, tækni og mögnuð spenna.
15. OKTÓBER
HOPKINS vs DAWSON
Risaslagur í Staples Center í Los Angeles
15. OKTÓBER
FORMÚLA 1 - Suður-Kórea
55 hringir af æsispennandi hraðakstri og átökum.
18-19. OKTÓBER
MEISTARADEILD EVRÓPU
Keppni þeirra bestu heldur áfram.
20. OKTÓBER
EVRÓPUDEILDIN
Spennan magnast í Evrópudeildinni.
22. OKTÓBER
BARCELONA – SEVILLA
Toppleikur í spænsku deildinni.
23. OKTÓBER
MAN.UTD – MAN.CITY
Topp- og nágrannaslagur erkifjendanna í Manchester.
25-26. OKTÓBER
ENSKI DEILDABIKARINN
Vinna stóru liðin eða verða óvænt úrslit að hætti Deildabikarsins?
26. OKTÓBER
REAL MADRID - VILLAREAL
Hvað gera snillingarnir í spænska boltanum?
29. OKTÓBER
CHELSEA – ARSENAL
Lundúnaslagur fyrir lengra komna.
29. OKTÓBER
FORMÚLA 1 - Indland
Hver verður fyrstur í Nýju Delí?
30. OKTÓBER
FÜCHSE BERLIN – KIEL
Dagur og félagar fá lærisveina Alfreðs í heimsókn.
SUNNUDAGA
SUNNUDAGSMESSAN
Gummi og Hjörvar fara yfir leiki helgarinnar í Enska boltanum.
Þú færð meira fyrir peningana
MUTV, Liverpool TV og Chelsea TV fylgja frítt með áskrift að Stöð 2 Sport 2
Golf Channel fylgir frítt með áskrift að Stöð 2 Sport
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
Boðgreiðslutilboð VISA
· Ef þú gerist áskrifandi og greiðir með VISA kreditkorti færðu allt að 30% afslátt.
· 10% aukaafsláttur í þrjá mánuði.
· 12 vinsælustu fjölvarpsstöðvarnar fylgja frítt með fyrsta mánuðinn.
Gildir til 3. október.
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

golf

golfogveidi@frettabladid.is

**27 ER SÆTIÐ** sem Ólafur Björn Loftsson úr Nesklúbbnum lenti í á VCU Shootout-háskólamótinu sem lauk í fyrradag í Virginíuríki. Ólafur lék samtals á einu höggi yfir pari á mótinu. Charlotte-háskólinn, sem Ólafur spilar með, varð í 7. sæti í mótinu af fimmtán skólum.

# Vetrargolfið skilar betri kylfingum

**Nú er heldur lítið eftir af golfsumrinu enda október að ganga í garð. Þó er ekki öll von úti fyrir kylfinga því þó nokkrir golfvellir verða opnir langt fram á vetur eða eins og veður leyfir, þar á meðal á Hellu og Suðurnesjum.**

„Við höfum opið allan ársins hring en skálinn er ekki opinn á veturna. Þá er hluti hússins opinn og þar ganga menn frá greiðslu,“ segir Svavar Hauksson, starfsmaður Strandavallar á Hellu.

Strandavöllur er sá golfvöllur á Íslandi sem er opinn hvað lengst inn í veturinn og þar er hægt að spila á sumarflötum, átján holur allan ársins hring. Teigunum er hins vegar hlíft yfir vetrartímann. „Vallarstarfsmennirnir gengu mjög vel frá þessu fyrir síðasta vetur. Þá voru settar tvær holur á hverja flöt, önnur í nærkantinn en hin í fjærkantinn. Þannig er komið í veg fyrir að það sé verið að ganga yfir það og svo er hægt að skipta um holur til að gera völlinn fjölbreyttari og til að dreifa álaginu,“ segir Svavar.

Svavar segir töluvert um að fólk komi og spili á Strandavelli yfir vetrartímann en hann vill þó ekki nefna neinar tölur. „Ég þori ekki að nefna neinar tölur en ef það er þokkalegt veður þá er völlurinn þannig frá náttúrunnar hendi að það er þolanlegt að spila hann, svo lengi sem það er ekki snjór. Þannig hefur það líka verið undanfarin ár, menn voru að spila fram undir jól í fyrra.“

Að sögn Svavars telja vallarstarfsmennirnir á Hellu að völlurinn þoli álagið ágætlega og hafi yfirleitt komið vel undan vetri. „Í byrjun vorum við svolítið hræddir um flatirnar en þær hafa bara komið vel undan vetri. Það var að vísu eitt árið þar sem það hlánaði og frysti aftur. Flötin var því svolítið mislit fyrripart sumars.“

Svavar segir í nógu að snúast hjá vallarstarfsmönnum á Strandavelli því verið sé að undirbúa Landsmótið sem fer þar fram á næsta ári auk þess sem klúbburinn fagni 60 ára afmæli sínu.

„Við erum alltaf með völlinn opinn en notum þá vetrarflatir. Við verðum væntanlega með opið út október í ár,“ segir Gunnar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Golfklúbbs Suðurnesja.

„Við vorum með opið á sumargrínum fyrir tveimur árum en ætlum ekki að gera meira af því. Það er of áhættusamt.“

Á Suðurnesjum er vellinum breytt í níu holu völl þar sem fyrstu níu holurnar eru spilaðar. Þá er stefnt að því að halda einhver mót í sumar, allar helgar í október og jafnvel eitthvað fram eftir ef veður leyfir.

Að sögn Gunnars voru um 22 þúsund spilaðir hringir skráðir hjá Golfklúbbi Suðurnesja í sumar. Það er svipaður fjöldi og síðustu ár. Á veturna eru hringirnir yfirleitt ekki skráðir en Gunnar skýtur á að þeir séu um 1.500 til 2.000. Hann segir vetrargolfið ekki fara illa með völlinn enda sé álagið ekki það mikið. Að sögn Gunnars er það yfirleitt vaktavinnufólk sem spilar yfir vetrartímann og þá oftast fjörutíu ára eða eldri. „Það er yfirleitt eldra fólkið sem spilar á veturna,“ segir Gunnar. En hjálpar það ekki til að spila líka golf yfir vetrartímann þótt kalt sé í veðri? „Jú, þeir sem spila líka á veturna eru yfirleitt betri kylfingar,“ segir Gunnar.

kristjan@frettabladid.is



**FRÁ HELLU** Golfvöllurinn á Hellu er opinn allan ársins hring og hægt er að spila allar holurnar átján. MYND/EDWIN

> Menn voru að spila fram undir jól í fyrra.
>
> **SVAVAR HAUKSSON**
> STARFSMAÐUR
> STRANDAVALLAR Á HELLU



**HÓLMSVÖLLUR** Fyrstu níu holurnar hjá Golfklúbbi Suðurnesja eru opnar á veturna.



**FAGNAÐ VEL** Evrópa hafði tapað síðustu þremur Solheim-keppnum fyrir Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP

Æsispenna á Solheim:

## Loks Evrópusigur eftir átta ár

Stúlkurnar í Solheim-liði Evrópu ráku svo sannarlega af sér slyðruorðið síðastliðinn mánudag þegar þær lögðu Bandaríkin að velli í æsispennandi keppni.

Bandaríkin höfðu unnið síðustu þrjú mót en þær evrópsku, undir styrkri stjórn Alison Nicholas, áttu frábæran lokasprett í Dublin þar sem Suzann Petterson og Caroline Hedwall fóru fremstar í flokki.

Þær sneru leikjum sínum annars vegar upp í sigur og hins vegar jafntefli á síðustu holum lokahringsins og lokastaðan varð því 15-13, Evrópu í vil. - þj

Treystir á Tiger í Forsetabikar:

## Couples valdi Woods í liðið

Ógöngur Tigers Woods á golfvöllum heimsins síðustu misseri virðast ekki vera ofarlega í huga þeirra Fred Couples og Davis Love III. Þeir eru fyrirliðar Bandaríkjanna í Forsetabikarnum og Ryder-bikarnum og hefur Couples þegar valið Woods í sitt lið og Love látið hafa eftir sér að hann myndi sennilega fara eins að.

Hann vonaðist þó til þess að Tiger myndi frekar ná sér á strik á næsta ári þannig að hann ynni sér sjálfur þátttökurétt.

Tiger hefur ekki unnið mót í tæp tvö ár og er sem stendur í 50. sæti heimslistans. - þj




Tíu Bandaríkjamenn og fimm Bretar á topp tuttugu:

## Haas rýkur upp heimslistann

Bandaríski kylfingurinn Bill Haas rauk upp heimslistann eftir sigurinn í Tour Championship-mótinu um síðustu helgi. Fyrir mótið var hann í 45. sæti listans en nú er hann í því tuttugasta.

Haas fékk ríflega 1,3 milljarða króna í vasann eftir sigurinn. Hann fékk tæpar 170 milljónir króna fyrir sigurinn í mótinu sjálfu en 1.150 milljónir króna fyrir að vera efstur á FedEx-stigalistanum, sem er opinber stigalisti bandarísku mótaraðarinnar.

Haas sigraði á mótinu eftir bráðabana við Hunter Mahan. Í bráðabananum átti Haas líklega högg ársins þegar sló boltann upp úr vatni og inn á flöt.

Englendingurinn Luke Donald situr í efsta sæti listans og landi hans Lee Westwood er í öðru sæti. Tiger Woods má muna sinn fífil fegri, en hann er nú kominn í 50. sæti listans.

Af þeim tuttugu efstu eru tíu frá Bandaríkjunum og fimm frá Bretlandseyjum. - th

**Heimslistinn í golfi**

| | Kylfingur | Land | Stig |
|---|---|---|---|
| 1 | **Luke Donald** | ENG | 10.71 |
| 2 | Lee Westwood | ENG | 7.90 |
| 3 | Rory McIlroy | N-ÍRL | 6.85 |
| 4 | Steve Stricker | BNA | 6.66 |
| 5 | Dustin Johnson | BNA | 6.57 |
| 6 | Martin Kaymer | ÞÝS | 6.54 |
| 7 | Jason Day | ÁST | 6.01 |
| 8 | Phil Mickelson | BNA | 5.69 |
| 9 | Adam Scott | ÁST | 5.64 |
| 10 | Matt Kuchar | BNA | 5.59 |
| 11 | Nick Watney | BNA | 5.27 |
| 12 | Webb Simpson | BNA | 4.94 |
| 13 | Charl Schwartzel | S-AFR | 4.90 |
| 14 | K.J. Choi | KÓR | 4.69 |
| 15 | Graeme McDowell | N-ÍRL | 4.48 |
| 16 | Bubba Watson | BNA | 4.45 |
| 17 | Justin Rose | ENG | 4.28 |
| 18 | Hunter Mahan | BNA | 4.20 |
| 19 | David Toms | BNA | 4.20 |
| 20 | **Bill Haas** | BNA | 3.93 |
| 50 | **Tiger Woods** | BNA | 2,80 |



# Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.






*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.*

**Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.**

**AFGREIÐSLUTÍMI**
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 I Sími: 511-3340 I Fax: 511-3341 I www.reyap.is I reyap@reyap.is

## > Kyra Sedgwick

„Mér finnst að starf mitt sem leikari sé fólgið í því að kanna allar hliðar mannlegs eðlis.“

*Kyra Sedgwick leikur í þáttaröðinni The Closer, sem segir frá yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnson sem stöðugt þarf að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni. Þátturinn er á dagskrá Stöðvar 2 kl. 20.50.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÁ KOLBEIN SIGÞÓRSSON Á BERNABÉU

# Með fiðring á fornfrægum heimavelli

Það var gaman að sjá nýjustu fótboltahetju okkar Íslendinga, Kolbein Sigþórsson, mæta til leiks með hollenska liðinu Ajax á heimavöll spænsku risanna í Real Madrid á þriðjudagskvöld. Stemningin á Santiago Bernabéu var frábær eins og svo oft áður og vafalítið hefur mikill fiðringur verið í Kolbeini að hlaupa um á þessum fornfræga velli innan um stjörnur á borð við Ronaldo og Kaká.

Því miður fyrir Kolbein og Ajax voru Madrídarmenn í hörkuformi og spiluðu vörn Hollendinganna grátt á köflum. Kolbeinn mátti sín lítils í framlínunni enda erfitt að láta að sér kveða með varnarjaxla á borð við Carvalho á bakinu. Ekki bætti það úr skák að áhersla Ajax-manna var á varnarleiknum og voru marktækifærin því af skornum skammti.

Miðað við úrslitin í riðlinum fram að þessu eru meiri líkur á því að Lyon fylgi Real upp úr riðlinum en Ajax. Engu að síður vona ég innilega að Kolbeinn láti að sér kveða í þeim leikjum sem eftir eru og skori að minnsta kosti eitt mark í keppninni. Það myndi gefa honum aukið sjálfstraust, auka hróður hans í heimsfótboltanum og um leið gera okkur Íslendinga enn stoltari af Kolbeini en áður yfir því að eiga markaskorara í sterkustu og skemmtilegustu deild í heimi.



**LÉK Á BERNABÉU** Kolbeinn Sigþórsson náði ekki að skora á heimavelli Real Madrid, Santiago Bernabéu.

## RÚV

**15.45 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Gurra grís** (12:26)
**17.25 Sögustund með Mömmu Marsibil** (14:52)
**17.40 Einmitt þannig sögur** (10:10)
**17.55 Geymslan**
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** (5:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Nigella í eldhúsinu** (4:13) (Nigella: Kitchen) Í þessari bresku matreiðsluþáttaröð eldar Nigella Lawson dýrindis krásir.
**20.40 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** (5:8) (Aníta Briem leikkona) Þáttaröð um ungt og áhugavert fólk. Í þessum þætti er skyggnst inn í líf Anítu Briem leikkonu.
**21.10 Kingdom lögmaður** (6:6) (Kingdom III) Breskur gamanmyndaflokkur um Peters Kingdom, sem býr og starfar í sveitasælunni í Norfolk.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Glæpahneigð** (96:114) (Criminal Minds V) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna.
**23.10 Lífverðirnir** (Livvagterne) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir**
**00.45 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous**
**10.00 As Good as It Gets**
**12.15 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**
**14.00 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous**
**16.00 As Good as It Gets**
**18.15 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**
**20.00 Sleepless in Seattle**
**22.00 The Ugly Truth**
**00.00 Love and Other Disasters**
**02.00 Next**
**04.00 The Ugly Truth**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (43:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 The Mentalist** (15:23)
**11.45 Gilmore Girls** (14:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Friends** (16:24)
**13.25 The Memory Keeper's Daughter**
**14.55 Ameríski draumurinn** (5:6)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (11:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Næturvaktin**
**19.50 Ástríður** (4:12)
**20.20 Heimsréttir Rikku** (6:8) Nýr og glæsilegur þáttur með Rikku þar sem hún fetar nýjar slóðir í íslenskri matreiðsluþáttagerð með því að taka fyrir í hverjum þætti þjóð sem á sér ríkulega matarhefð.
**20.50 The Closer** (10:15) Sjötta serían af þessum hörkuspennandi þætti sem er einn af allra vinsælustu þáttunum á kapalstöðvunum í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick hefur verið tilnefnd til Golden Globe verðlauna 6 ár í röð fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnsons.
**21.35 The Good Guys** (10:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um löggu af gamla skólanum, Jack, og nútímalega lögreglumanninn, Dan. Jack fer alltaf eftir bókinni og er af þeim sökum fastur í vonlausri stöðu hjá lögreglunni. Dan er drykkfelldur en heldur starfi sínu vegna hetjudáðar.
**22.20 Sons of Anarchy** (10:13)
**23.05 Spaugstofan**
**23.35 Harry's Law** (4:12)
**00.20 The Killing** (1:13)
**01.05 Game of Thrones** (6:10)
**02.00 Chaos**
**03.45 Drop Dead Sexy**
**05.05 Fuera del cielo**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.40 Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.20 Meistaradeildin - meistaramörk**
**09.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**14.30 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (E)** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**16.15 Meistaradeildin - meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**16.55 AEK - Sturm** Bein útsending frá leik AEK Aþena og Sturm Graz í Evrópudeildinni.
**19.00 Tottenham - Shamrock Rovers** Bein útsending frá leik Tottenham og Shamrock Rovers í Evrópudeildinni.
**21.10 EAS þrekmótaröðin** EAS þrekmótaröðin er stigakeppni fjögurra móta þar sem reynir á þrek, styrk og þol keppenda.
**21.40 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**22.55 AEK - Sturm Graz**
**00.40 Tottenham - Shamrock Rovers**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Norwich - Sunderland** Útsending frá leik Norwich City og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.
**18.10 Arsenal - Bolton** Útsending frá leik Arsenal og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.30 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.25 Goals of the Season 1999/2000** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**22.20 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.50 Newcastle - Blackburn** Útsending frá leik Newcastle United og Blackburn Rovers í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Nýtt útlit** (3:12) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (3:12) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Life Unexpected** (4:13) (e)
**16.40 Friday Night Lights** (6:13) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 Real Housewives of Orange County** (13:17)
**19.00 Game Tíví - OPIÐ** (3:14)
**19.30 Being Erica - OPIÐ** (6:12)
**20.10 Rules of Engagement** (22:26) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp. Jeff og Audrey fá fréttir þess efnis að fjölskylda þeirra muni brátt tvöfaldast.
**20.35 30 Rock** (5:23) Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda. Gamanleikarinn Kelsey Grammer leikur sjálfan sig í þættinum þegar Jenna og Kenneth fá hann í spennandi verkefni.
**21.00 Hæ Gosi** (1:8) Sprenghlægilegir en um leið óþægilegir gamanþættir um bræðurna Börk og Víði og fólkið í lífið þeirra. Þetta er önnur þáttaröðin um þá bræður en við skildum við þá á leið til Færeyja.
**21.30 House** (4:23) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Sjúklingur er lagður inn á Princeton sjúkrahúsið vegna þess að hann getur ekki hætt að kasta upp. House og félagar horfa til fortíðar við lausn á málinu.
**22.20 Leverage** (14:16)
**23.05 Jimmy Kimmel**
**23.50 In Plain Sight** (13:13) (e)
**00.35 Whose Line Is It Anyway?** (41:42)
**01.00 Smash Cuts** (34:52) (e)
**01.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.20 The Tour Championship** (3:4)
**12.00 Golfing World**
**13.40 The Tour Championship** (4:4)
**19.35 Inside the PGA Tour** (39:45)
**20.00 Justin Timberlake Open** (1:4)
**23.00 Ryder Cup Official Film 2010**
**00.15 ESPN America**

## EXTRA

**19.45 The Doctors**
**20.30 In Treatment** (49:78) Athyglisverð þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem sálgreinir skjólstæðinga sína og hlustar þolinmóður þar sem þeir lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum. Gabriel Byrne hlaut á dögunum Golden Globe verðlaun sem besti leikari í sjónvarpsþáttaröð.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Borgarilmur** (6:8) Ilmur borðar ostrur, klæðist skotapilsi, fer í djarfa myndatöku, heimsækir söfn, spilar á sekkjapípu og endar óvart uppi á sviði í einum vinsælasta grínklúbbi borgarinnar.
**22.25 Cougar Town** (11:22) Önnur þáttaröðin af þessum skemmtilega gamanþætti með Courteney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs. Hana langar að hitta draumaprinsinn en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess.
**22.50 Hawthorne** (4:10)
**23.35 True Blood** (10:12)
**00.30 Satisfaction** (3:10)
**01.20 Næturvaktin**
**01.50 Ástríður** (4:12)
**02.20 Týnda kynslóðin** (6:40)
**02.50 In Treatment** (49:78)
**03.15 The Doctors** (123:175)
**04.00 Fréttir Stöðvar 2**
**04.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Bjarni Ben.
**21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur** Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís með nýjar hugmyndir vegna veiðigjalds.
**21.30 Kolgeitin** Sigtryggur Bogomil font Baldursson og gestagangur.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


LYFJA
– Lifið heil

Klár fyrir veturinn?

+15% afsláttur
Hóstamixtúrur og Paratabs




Gildir til 20. október

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 56364 09/11

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.20**
**Heimsréttir Rikku**

Rikka heldur áfram að galdra fram gómsæta rétti og að þessu sinni er bresk matargerð í aðalhlutverki. Á matseðlinum er fiskur og franskar með tartarsósu, klassísk smalabaka og karamellubúðingur borinn fram með vanilluís.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir**12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Inn og út um gluggann **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Kvennagullið í grútarbræðslunni **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsperla: Drengurinn og dularöflin **23.15** Hnapparatið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**11.30** ,Allo ,Allo! **12.15** ,Allo ,Allo! **12.50** The Inspector Lynley Mysteries **13.35** The Inspector Lynley Mysteries **14.20** Keeping Up Appearances **14.50** Keeping Up Appearances **15.20** ,Allo ,Allo! **16.05** ,Allo ,Allo! **16.40** Fawlty Towers **17.10** Fawlty Towers **17.40** The Inspector Lynley Mysteries **18.25** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** How Not to Live Your Life **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** Live at the Apollo **23.50** QI **00.20** How Not to Live Your Life

## DR 1

**11.05** Vores Liv: Hos Lægen **11.35** Aftenshowet **12.30** Bonderøven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Hercule Poirot **14.00** Benjamin Bjørn **14.30** Fandango **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Kongerigets Kager **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Gintberg på kanten **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt 2011 - WHATS ON **20.00** Kæft, trit og knus **20.30** Familien Hughes **21.20** Elskerinder **22.10** Lisa goes to Hollywood **04.00** Molly Monster

## NRK 1

**12.05** Norge rundt **12.30** Valpekullet **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Matador **15.00** Nyheter **15.10** Snakkis **15.25** Ardna - Samisk kulturmagasin **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Solgt! **18.45** Agnete i Vesterålen **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.30** Sigrid søker selskap **21.00** Kveldsnytt **21.15** Trygdekontoret **21.50** Siffer **22.20** Brennpunkt

## svt1

**11.35** Starke man **12.05** Niklas Mat **12.35** Minnenas television **13.30** Skattjägarna **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Landet Brunsås **15.00** Hübinette **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Niklas Mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** En andra chans **19.30** Hundra procent bonde **20.00** Debatt **20.45** Livet som hund **21.30** På väg till Malung **22.00** Uppdrag Granskning







## MORGUNMATURINN



*„Það er grænn djús sem samanstendur af sellerí, spínati, engifer, sítrónu, kóríander og gúrku. Þetta er sett í blandara og svo kreist saman í gegnum sérstaka síu. Þetta tekur bara þrjár og hálfa mínútu.“*

Arnar Gauti Sverrisson, listrænn stjórnandi Elite-fyrirsætuskrifstofunnar.

# KR-ingar leita að opinni rútu

„Menn hafa verið að kasta á milli sín hugmyndum um sigurhátíðina í vikunni,“ segir Kristinn Kjærnested, formaður knattspyrnudeildar KR.

KR tryggði sér á dögunum Íslandsmeistaratitilinn í fótbolta, en fyrir er liðið ríkjandi bikarmeistari. Lokaumferðin í Pepsi-deild karla fer fram á laugardaginn, en þá munu Valur og KR eigast við á Hlíðarenda. Eftir leikinn verður mikið um dýrðir í Vesturbænum, en þar gengur sú saga að opin rúta verði leigð undir liðið líkt og tíðkast víða í íþróttaheiminum.

Kristinn segir að sú hugmynd sé góð og viðurkennir að hún hafi verið rædd. „Þetta er ekki útilokað. Það á eftir að koma á óvart, hvernig þetta verður,“ segir hann og bætir við að íslenska veðráttan mætti vera eins og sú í Katalóníu þar sem þúsundir heimamanna hafa fagnað titlum Börsunga á þennan hátt. „Það verða þarna sætar konur og vel snyrtir karlar, þannig að það gæti orðið spes ef við keyrum með þau alla leið út á nes. Það er hins vegar þannig, að við gerum ekki ráð fyrir því að það verði mikið af öðrum Reykvíkingum sem vilja hylla okkur. Þó að ég viti að mörgum þykir miklu vænna um okkur en þeir vilja viðurkenna.“

KR-ingar fagna titlunum á Rauða ljóninu á Eiðistorgi. Liðið mætir þangað klukkan 21 og Kristinn segir það sé verið að sjóða saman dagskrána. „Það verður einhver hljómsveit og húllumhæ,“ segir hann. „Það hefur verið afar skemmtilegt, þegar sigrarnir hafa komið. Þá mæta strákarnir á svalirnar og stuðningsmennirnir eru á torginu og þeir eru kynntir og hylltir.“

- afb



**EINS OG Í KATALÓNÍU** Svona gæti verið umhorfs í Vesturbæ Reykjavíkur ef KR-ingar finna réttan fararskjóta. Kristinn Kjærnested segir ýmsar hugmyndir vera á borðinu um sigurhátíð liðsins.






ANITA BRIEM: ÁBYRGÐ AÐ LEIKA LOUISU MATTHÍASDÓTTUR

# Landar stóru hlutverki í sjónvarpsþætti vestanhafs

Anita Briem hefur tekið að sér aðalhlutverkið í bandaríska sjónvarpsþættinum Radical. Leikstjóri þáttanna er Cynthia Mort, sem er stórt nafn í bransanum vestanhafs. Um er að ræða prufuþátt (pilot) en vonir standa til að þættirnir komist á dagskrá næsta vetur.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Anitu var hún ekki reiðubúin til að segja nákvæmlega frá því um hvað Radical væri en samkvæmt fjölmiðlum þar vestra, sem fylgst hafa með gangi mála, er um að ræða spennu- og hasarþáttaröð. „Ég var einstaklega heilluð af þessu verkefni því mér finnst heimurinn vera í þannig ástandi að það er í loftinu að fólk sé að leita að sannleika og nýrri sýn á lífið. Persónan mín getur ekki fundið frið nema hún finni að hún geti látið eitthvað gott af sér leiða,“ segir Anita og bætir því við að hún hafi fátt nema gott um Mort að segja. „Hún er einstakur rithöfundur og leikstjóri og okkur kom strax ákaflega vel saman. Við fundum fyrir sterkri tengingu og erum að plana frekara samstarf.“

Mort er þekkt nafn innan bandaríska sjónvarps- og kvikmyndabransans og er meðal annars ábyrg fyrir þáttum á borð við Will & Grace og Roseanne og skrifaði handritið að kvikmyndinni The Brave One. Mort komst á forsíður helstu glanstímarita heims þegar hún var sögð vera ástkona bandarísku óskarsverðlaunaleikkonunnar Jodie Foster en þær unnu einmitt saman að kvikmyndinni The Brave One.

Meðal annarra leikkvenna í þættinum Radical eru þær Lori Petty, sem margir ættu að kannast við úr Point Break og sjónvarpsþáttunum House, og svo Frances Fisher, sem hún lék stóra rullu í Óskarsverðlaunamyndunum The Unforgiven og Titanic. „Fisher leikur mömmu mína og við höfðum einmitt verið að leita að verkefni til að gera saman,“ segir Anita.

Nýlega var síðan tilkynnt að Anita myndi leika listakonuna Louisu Matthíasdóttur í kvikmynd Jóns Óttars Ragnarssonar, Kill the Poet. Hollywood-stjarnan Nick Stahl mun leika ljóðskáldið Stein Steinarr. „Kvikmyndin fjallar um stórbrotið, ástríðufullt og flókið samband Steins og Louisu. Ég er mikill aðdáandi þeirra beggja og lít á þetta sem gífurlega ábyrgð og jafnmikinn heiður.“

freyrgigja@frettabladid.is



**KVENNASTÓÐ** Aníta Briem leikur aðalhlutverkið í pilot-þætti sem er skrifaður og leikstýrt af **Cynthiu Mort** en hún er ábyrg fyrir sjónvarpsþáttum á borð við Will & Grace og Roseanne.

NordicPhotos/Getty

# Myndar lausagöngu ferðamanna

Umboðsmaðurinn og tónleikahaldarinn Kári Sturluson heldur sína fyrstu ljósmyndasýningu á gistiheimilinu Kex Hostel í október. Sýningin heitir Lausaganga ferðamanna í borgarlandinu.

„Ég er búinn að vera að taka myndir á Blackberry-símann minn við og við og hef verið að pósta þeim á Facebook. Í sumar vorum við félagi minn að tala um að það væri svo rosalega mikið af túristum í miðbænum og vorum að tala um þetta eins og lausagöngu, rétt eins og með kindurnar,“ segir Kári, sem hefur starfað með Sigur Rós og flutt Damien Rice og Duran Duran til landsins. „Ég tók fyrstu myndina af ferðamönnum í lausagöngu á Austurvelli í svona hjörð á röltinu. Upp frá því fór ég að taka meira eftir þessu og fór að smella af á fullu. Þá þróaðist þetta út í seríu.“

Aðspurður segist Kári aldrei hafa haft áhuga á ljósmyndun þrátt fyrir að bróðir hans, Snorri, sé ljósmyndari og hluti af auglýsingafyrirtækinu Snorri Bros, og að pabbi þeirra sé mikill áhugamaður um ljósmyndun. „Ég hef reynt að taka myndir á stafræna myndavél en þær hafa yfirleitt verið frekar daprar. Blackberry-inn er hins vegar pínulítill og þægilegur og myndirnar eru ekkert sérlega góðar úr honum hvort sem er,“ segir hann léttur. „Það skiptir engu máli þótt ljósmyndarinn sé líka lélegur.“

Opnunarhóf sýningarinnar verður 10. október og formleg opnun daginn eftir. Sýningin stendur yfir í eina viku og mun Þorsteinn J. rita formála að sýningunni.

- fb



**MEÐ SMALAHUND** Kári Sturluson með smalahundinum sínum Loppu hjá Hallgrímskirkju innan um erlenda ferðamenn í lausagöngu.

MYND/EDDI


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is

**Listaverkið** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 29.9. Kl. 19:30 Frums. U | Lau 8.10. Kl. 16:00 6. sýn. Ö | Lau 15.10. Kl. 19:30 11. sýn. U |
| Lau 1.10. Kl. 16:00 2. sýn. U | Lau 8.10. Kl. 19:30 7. sýn. Ö | Lau 22.10. Kl. 16:00 12. sýn. |
| Lau 1.10. Kl. 19:30 3. sýn. U | Sun 9.10. Kl. 19:30 8. sýn. U | Lau 22.10. Kl. 19:30 13. sýn. Ö |
| Sun 2.10. Kl. 19:30 4. sýn. U | Fim 13.10. Kl. 19:30 1. sérst. aukasýn. U | Sun 23.10. Kl. 19:30 14. sýn. Ö |
| Fim 6.10. Kl. 19:30 1. aukasýn. U | Fös 14.10. Kl. 19:30 9. sýn. U | Lau 29.10. Kl. 16:00 15. sýn. |
| Fös 7.10. Kl. 19:30 5. sýn. U | Fös 14.10. Kl. 22:00 3. aukasýn. | Lau 29.10. Kl. 19:30 16. sýn. Ö |
| Fös 7.10. Kl. 22:00 2. aukasýn. Ö | Lau 15.10. Kl. 16:00 10. sýn. | |

**Hreinsun** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 27.10. Kl. 19:30 Frums. U | Lau 12.11. Kl. 19:30 5. sýn. Ö | Fim 24.11. Kl. 19:30 9. sýn. U |
| Fös 28.10. Kl. 19:30 2. sýn. Ö | Sun 13.11. Kl. 19:30 6. sýn. Ö | Fös 25.11. Kl. 19:30 10. sýn. Ö |
| Fös 4.11. Kl. 19:30 3. sýn. Ö | Lau 19.11. Kl. 19:30 7. sýn. Ö | Fös 2.12. Kl. 19:30 11. sýn. |
| Lau 5.11. Kl. 19:30 4. sýn. Ö | Sun 20.11. Kl. 19:30 8. sýn. Ö | Lau 3.12. Kl. 19:30 12. sýn. |

**Svartur hundur prestsins** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 30.9. Kl. 19:30 6. sýn. U | Sun 9.10. Kl. 19:30 11. sýn. Ö | Lau 22.10. Kl. 19:30 15. sýn. |
| Lau 1.10. Kl. 19:30 7. sýn. U | Fim 13.10. Kl. 19:30 2. auks. U | Fim 27.10. Kl. 19:30 4. auks. |
| Sun 2.10. Kl. 19:30 8. sýn. U | Fös 14.10. Kl. 19:30 12. sýn. U | Fös 28.10. Kl. 19:30 16. sýn. |
| Fim 6.10. Kl. 19:30 1. auks. U | Lau 15.10. Kl. 19:30 13. sýn. U | Lau 29.10. Kl. 19:30 17. sýn. |
| Fös 7.10. Kl. 19:30 9. sýn. U | Fim 20.10. Kl. 19:30 3. auks. Ö | Fim 3.11. Kl. 19:30 18. sýn. |
| Lau 8.10. Kl. 19:30 10. sýn. Ö | Fös 21.10. Kl. 19:30 14. sýn. Ö | Mið 9.11. Kl. 19:30 19. sýn. |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 2.10. Kl. 14:00 36. sýn. | Sun 16.10. Kl. 14:00 38. sýn. | |
| Sun 9.10. Kl. 14:00 37. sýn. | | |

**Bjart með köflum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 30.9. Kl. 19:30 24. sýn. | | |
| Mið 5.10. Kl. 19:30 Aukas. | | |

**Judy Garland** (Þjóðleikhúskjallarinn)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 16.10. Kl. 21:00 Frums. | Lau 22.10. Kl. 22:00 3. sýn. U | |
| Fös 21.10. Kl. 22:00 2. sýn. | | |

**Uppnám** (Þjóðleikhúskjallarinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 30.9. Kl. 22:00 5. sýn. | | |

**Hvílíkt snilldarverk er maðurinn** (Þjóðleikhúskjallarinn)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 2.10. Kl. 19:30 Frums. | Lau 8.10. Kl. 19:30 3. sýn. | |
| Fös 7.10. Kl. 19:30 2. sýn. | Fös 14.10. Kl. 19:30 4. sýn. | |

33% LÆGRA MIÐAVERÐ MEÐ LEIKHÚSKORTI

Sími í miðasölu 551 1200

GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ

# SKÓR! SKÓR! SKÓR! SKÓR! SKÓR! SKÓR!



**Gervigrasskór**
„tenth"
Stærðir 31-37
Verð 3.990,-



**Strigaskór**
„New York"
Stærðir 40-45
Verð 7.990,-



**Strigaskór**
„New York"
Stærðir 40-45
Verð 7.990,-



**Hlaupaskór**
„Robust"
Stærðir 41-45
Verð 6.990,-



**Strigaskór**
Stærðir 40-43
Verð 4.999,-



**Fylltir hælar**
"Coconel" Stærðir
36-41 Verð 8.990,-



**Fylltur hæll með rennilás** „Coconel"
Stærðir 37-41
Verð 8.990,-



**Stígvél með sylgju**
„Coconel"
Stærðir 38-41
Verð 8.990,-



**Reimuð stígvél**
„Coconel"
Stærðir 38-41
Verð 9.990,-



**Bomsur**
Stærðir 29-41
Verð 3.999,-
og 4.999,-



**Rauðir hælar**
„Coconel"
Stærðir 37-41
Verð 4.999,-



**Svartir hælar**
„Coconel"
Stærðir 37-41
Verð 4.999,-



**Svartir lakkskór með pallíettum**
Stærðir 19-32
Verð 3.490



**Rauðir lakkskór með pallíettum**
Stærðir 19-32
Verð 3.490



**Hvítir og bleikir leðurskór** „mKids"
Stærðir 19-26
Verð 4.999,-



**Kuldastígvél**
Stærðir 29-35
Verð 5.990,-



**Kuldastígvél**
Stærðir 29-35
Verð 5.990,-



**Lakkskór**
Stærðir 19-26
Verð 4.999,-



**Silfurlitaðir glimmer-skór**
Stærðir 28-35
Verð 3.990,-



**Svartir glimmerskór**
Stærðir 28-35
Verð 3.990,-






**Útivistarskór**
Stærðir 41-46
Verð 8.990,-



**Spariskór**
„Croford"
Stærðir 42-46
Verð 5.990,-

**GULA HÚSIÐ**
**FAXAFENI 8**

Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

**ÓDÝRT & GOTT**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



NOVA
LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Barnalán hjá handboltamönnum



Tveir íslenskir handboltamenn í Þýskalandi hafa eignast börn á síðustu dögum. **Róbert Gunnarsson** hjá Rhein-Neckar Löwen og kona hans, Svala Sigurðardóttir, eignuðust dóttur á mánudag. Með tilkomu dótturinnar telur fjölskylda þeirra sex manns. Degi seinna eignuðust svo **Hannes Jón Jónsson** hjá Hannover-Burgdorf og Harpa Jóhannsdóttir, kona hans, lítinn dreng en þau áttu dóttur fyrir. Það má því segja að sannkallað barnalán leiki við Íslendinga í þýska handboltanum um þessar mundir.



### Neyða hákarl í Norðmenn

Þeir sem fylgjast með þáttunum Daily Show með **Jon Stewart** á vefsíðu kappans ráku upp stór augu í vikunni. Stewart grínaðist með verkun á hákarli og sagði Íslendinga neyða hann ofan í frændur sína Norðmenn. Ástæðan fyrir þessu létta spaugi var að Jón Trausti Sigurðarson, útgefandi og fyrrverandi umboðsmaður Sprengjuhallarinnar, er staddur í New York með fríðu föruneyti. Þau voru áhorfendur í sal í umræddum þætti og kenndu Stewart að verka hákarl. Eins og maður gerir.



**- kh, afb**

## Mest lesið vísir

1. Neyðarkall ömmu vekur gríðarlega athygli á Facebook
2. Davíð Smári talaði af sér í hleruðu símtali
3. Löggur vilja afsökunarbeiðni frá Olíunni
4. Ekki hlutverk björgunarsveitarmanna að...
5. Stórbruni í Kaupmannahöfn


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir


